FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSING
20. TÖLUBLAÐ | 23. ÁRGANGUR | frettabladid.is | LAUGARDAGUR 28. JANÚAR 2023

Bílar fyrir betri he

Við höfum tíu ára reynslu af rafmagninu

Fyrir sléttum tíu árum seldum við fyrsta rafbílinn, Nissan LEAF. Nú bjóðum við landsins mesta úrval bíla sem knúnir eru rafmagni að hluta eða öllu leyti, frá ólíkum framleiðendum og í öllum verðflokkum. Komdu og skoðaðu framtíðarbílinn þinn, öll þægindin og nýju tæknina sem breyta lífinu svo um munar.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

*Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP-prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hafa afgerandi áhrif á drægni rafbíla.



HELGIN 22

Nærmynd af Sólveigu Önnu

HELGIN 18

Heilar feðra minnka við fyrsta barn

Viltu koma út að leika?
Gran Canaria er að spyrja eftir þér
PLAY flyPLAY.is

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. TÖLUBLAÐ | 23. ÁRGANGUR | frettabladid.is | LAUGARDAGUR 28. JANÚAR 2023

Ég hataði sjálfa mig

Tinna Aðalbjörnsdóttir missti allt í hendur stjórnlausrar fíknar og segir starfsfólk Hlaðgerðarkots hafa bjargað lífi sínu. Hún fékk annað tækifæri og nýtti það vel.

➤ 16

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

HELGIN 24

Lee Proud fann ástina á Íslandi

LÍFIÐ 36

Kom til Íslands bara fyrir flúr

Móeiður Júníusdóttir er sögð vera ein keppenda í Söngvakeppninni.

Þessi nöfn keppi í Söngvakeppninni

birnadrofn@frettabladid.is

EUROVISION Twitter-völvan Cystal Ball ESC hefur síðustu daga valdið miklu fjaðrafoki með því að birta lista yfir þá keppendur sem taka munu þátt í Söngvakeppninni á RÚV.

Í fyrradag var greint frá fyrstu fimm keppendum keppninnar og í gær voru birt fimm nöfn til viðbótar og fullyrt að um væri að ræða þá tíu keppendur sem keppi um að koma fram fyrir Íslands hönd í Eurovision í Bretlandi á þessu ári.

Undanfarin ár hafa lögin í keppninni átt það til að leka út áður en þau eru tilkynnt á RÚV. Rúnar Freyr Gíslason, verkefnastjóri Söngvakeppninnar, greindi frá því í Fréttablaðinu í gær að hann teldi að búið væri að skrúfa fyrir alla möguleika á leka.

Það virðist þó ekki hafa átt við um keppendurna sjálfa en enn hefur lögunum í keppninni ekki verið lekið. Þau verða frumsýnd á RÚV í kvöld. Ekki náðist í Rúnar við vinnslu fréttarinnar. ■

Rafmögnuð stemning baksviðs á Chicago

Söngleikurinn Chicago var frumsýndur hjá Leikfélagi Akureyrar í gær og var rafmögnuð stemning baksviðs fyrir frumsýninguna. Hér má sjá Anítu Rós Þorsteinsdóttur undirbúa sig en hún fer með hlutverk í sýningunni. Með aðalhlutverk fara Jóhanna Guðrún Jónsdóttir og Þórdís Björk Þorfinnsdóttir, leikstjórn er í höndum Mörtu Nordal og danshöfundurinn Lee Proud sér um dans og sviðshreyfingar í sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Segjast hafna þvingunaraðgerðum

ragnarjon@frettabladid.is

KJARAMÁL Stéttarfélagið Efling hafnar því sem það kallar „þvingunaraðgerðir ríkissáttasemjara“ eftir að ríkissáttasemjari setti fram miðlunartillögu sem sætta átti deilur Eflingar og Samtaka atvinnulífsins.

„Við höfnum þessari þvingunaraðgerð og við ætlum að verjast þessari átroðslu,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, og segir stéttarfélagið enn stefna á verkfallsaðgerðir gegn Íslandshótelum. Kosningu um þær muni ljúka á mánudagskvöld.

Til stóð að atkvæðagreiðsla færi fram í dag meðal félagsmanna Eflingar um miðlunartillöguna. Hætt hefur verið við kosninguna þar sem stéttarfélagið neitar að afhenda kjörskrá sína og hefur ríkissáttasemjari leitað til Héraðsdóms Reykjavíkur vegna þess.

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar

Efling hefur gagnrýnt miðlunartillöguna harðlega og telur hana ólögmæta þar sem ráðgast eigi við deiluaðila áður en slík tillaga er lögð fram. Ríkissáttasemjari hefur varið ákvörðunina og segir hana standast lög. Gera má ráð fyrir að Héraðsdómur Reykjavíkur muni taka málið fyrir í næstu viku. ■

Blaðamanna-verðlaun 2022

BÍ BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Blaðamannaverðlaun Blaðamannafélags Íslands verða veitt í 20. skipti föstudaginn 10. mars næstkomandi. Tilnefningar dómnefndar verða kynntar viku fyrir afhendingu en skilafrestur tilnefninga til dómnefndar er **föstudagurinn 3. febrúar** næstkomandi.

Eins og á síðasta ári verða verðlaunin veitt í fjórum flokkum en þeir eru þessir:

- **Besta umfjöllun ársins 2022**
- **Viðtal ársins 2022**
- **Rannsóknarblaðamennska ársins 2022**
- **Blaðamannaverðlaun ársins 2022**

Hægt er að senda inn tilnefningar til verðlaunanna á skrifstofu Blaðamannafélagsins í Síðumúla 23 á auglýstum skrifstofutíma ásamt gögnum með röksemdafærslu fyrir tilnefningunni. Jafnframt er hægt að tilnefna með rafrænum hætti á heimasíðu BÍ, www.press.is

Uppbygging í Laugardal má ekki dragast mikið lengur

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði í Íþróttavikunni með Benna Bó í gær að uppbygging í Laugardal mætti ekki dragast mikið lengur af því það næst ekki samkomulag við Reykjavíkurborg um eðlilega aðkomu.

aron@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR „Mér finnst að þetta mál megi ekki dragast mikið lengur af því það næst ekki samkomulag við Reykjavíkurborg um eðlilega aðkomu. Það finnst mér ekki. Að minnsta kosti ætti að skoða hvort aðrar leiðir eru færar,“ segir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra en hann var gestur í Íþróttavikunni með Benna Bó á Hringbraut í gær. Með Bjarna var Hjörvar Hafliðason en þeir ræddu meðal annars um uppbygginguna í Laugardal sem er fram undan.

Íþróttamannvirki í Laugardal eru komin til ára sinna og á að reisa þjóðarhöll fyrir árið 2025. Þá er þjóðarvöllur eftir og leikvangur fyrir frjálsar íþróttir.

Bjarni segir að það sé ekki greypt í stein að íþróttamannvirki verði í Laugardal en eðlilegt sé að horft sé til dalsins. Þar sé sagan og ákveðin miðstöð íþrótta á Íslandi.

„Það sem ég hef verið að kalla eftir er að menn nái niðurstöðu um hlutverk hvers og eins. Það er alls ekki sjálfgefið að ríkið komi að því að reka svona mannvirki. Við erum ekki að því í dag,“ segir Bjarni.

Að sögn Bjarna hefði hann helst viljað að ríkið kæmi með einhverja tiltekna krónutölu og framlag. „Þetta er í vinnslu og ráðherra íþróttamála hefur verið að leiða þetta samtal við borgina.

Bjarni Benediktsson og Hjörvar Hafliðason komu í Íþróttavikuna á Hringbraut.

> Það er alls ekki sjálfgefið að ríkið komi að því að reka svona mannvirki. Við erum ekki að því í dag

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra

Við höfum metnað til að gera þetta vel. Spurningin er hversu Reykjavíkurborg sjálf leggur mikla áherslu á að taka þátt og vera með eðlilegan hlut í þessu því mér finnst það svolítið óljóst,“ sagði hann.

Skuldastaða borgarinnar er þekkt og spurði Hjörvar hvort það væri hægt að fara með mannvirkin annað og tók sem dæmi Kópavog. Þá benti hann á að eitt skemmtilegasta vallarstæðið væri í Kaplakrika.

„Eina sem ég vil ekki er kleinuhringjavöllur. Ég vil fjórar stúkur,“ sagði hann ákveðinn.

„Þetta er ekkert svo stórt verkefni að menn leysa það ekki. Það er mín skoðun. Þetta er verkefni sem þú ferð sjaldan í og horfir til áratuga,“ svaraði Bjarni og endaði á að boða tíðindi. „Það verður eflaust margt að frétta á næstu mánuðum,“ sagði fjármálaráðherra. ■

UMTALAÐUR

TOYOTA C-HR

Verð frá: 6.160.000 kr.

KINTO ONE Langtímaleiga. Verð frá: 143.000 kr.

TOYOTA – MEST SELDA BIFREIÐATEGUNDIN Á ÍSLANDI
33
ÁR Í RÖÐ

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 3+4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA · SÞORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

TÖLUR VIKUNNAR

295
milljónir króna voru greiddar fyrir dýrasta einbýlishúsið sem selt var á Íslandi í desember.

49
þúsund íslenskir ríkisborgarar eru með skráða búsetu erlendis.

1
þúsund grunnskólabörn á Íslandi treysta sér ekki til að mæta í skólann.

30
ný störf skapast með kalkþörungaverksmiðju í Súðavík þar sem 240 manns búa.

2.050
börn eru nú á biðlistum eftir fagþjónustu í grunnskólum Reykjavíkur.

ÞRJÚ Í FRÉTTUM

Margrét Guðmundsdóttir
leikkona

hefur vakið mikla athygli fyrir frammistöðu sína í verkinu Marat/Sade í Borgarleikhúsinu. Margrét sem er 89 ára segir það hafa verið gaman að snúa aftur á leiksviðið í sama hlutverk og fyrir rúmlega hálfri öld. „Ég var nú svona til að byrja með svolítið svona hikandi en svo fór ég að hugsa að þetta var náttúrlega fólk á öllum aldri hér áður þegar þetta var sýnt fyrst í gamla daga.“

Guðni Th. Jóhannesson
forseti Íslands

fagnaði sigri leikmannsins Söru Bjarkar Gunnarsdóttur í máli gegn fyrrverandi félagi hennar Lyon. „Þessi barátta hennar mun skila árangri, ekki bara fyrir hana, heldur íþróttakonur í fleiri greinum og um víða veröld. Við eigum að fagna því að hún hafi ekki látið vaða yfir sig í Lyon,“ sagði Guðni í Íþróttavikunni með Benna Bó á Hringbraut.

Laufey Árnadóttir
Fréttablaðslesandi

varð fyrst til að sigra í myndaleik Fréttablaðsins og Play sem nú stendur yfir og fékk eitt hundrað þúsund króna gjafabréf frá Play. „Nú á ég eftir að ákveða það,“ svaraði Laufey spurð hvert ferðinni yrði heitið. Aðspurð sagðist Laufey aldrei áður hafa unnið í leik af þessu tagi og hefði þetta því komið henni skemmtilega á óvart. Til að taka þátt í leiknum þurfa lesendur að finna falda Play-þotu á síðum blaðsins. ■

Reglugerð áformar að leyfa notkun ósamþykktra lyfja í vissum tilvikum

Að uppfylltum skilyrðum nýrrar reglugerðar mun verða leyfilegt að ávísa lyfjum sem eru enn þá í prófunum til sjúklinga með alvarlega sjúkdóma. Formaður MND félagsins fagnar áformunum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Lyfjaþróun og leyfisveitingar taka undantekningarlaust mörg ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

HEILBRIGÐISMÁL Sjúklingar munu geta fengið aðgang að lyfjum sem ekki hefur verið lokið prófunum á eða fengið leyfi frá Lyfjastofnun eða Lyfjastofnun Evrópu gangi ný reglugerðarbreyting eftir. Að uppfylltum nokkrum skilyrðum þó. Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra hefur lagt fram drög að breytingunni.

„Við fögnum þessari breytingu mjög,“ segir Guðjón Sigurðsson, formaður MND félagsins. „Hún þýðir að við fáum að prófa lyf sem lofa góðu án þess að þau séu endilega búin að fara í gegnum allt kerfið. Við þurfum ekki að bíða eftir því að embættismenn liggi yfir þessu í mörg ár.“

Yfirlýst markmið breytingarinnar er að veita sjúklingum aðgengi að lyfjum, sem eru í yfirstandandi prófunum, af mannúðarástæðum. Eða þá lyfjum sem hafa ekki fengið markaðsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu en sótt hefur verið um það.

Skilyrði er að lyfið sé ætlað gegn sjúkdómi sem veldur langvarandi eða alvarlegri fötlun eða sjúkdómi sem er talinn vera lífshættulegur. Einnig að ekki sé hægt að meðhöndla sjúkdóminn á viðunandi hátt með lyfi sem hefur leyfi og að fullnægjandi vísbendingar liggi fyrir um að sambandið milli áhættu og ávinnings af lyfinu sé talið að mestu leyti jákvætt fyrir sjúklingahópinn.

Guðjón telur að lyfjalögin hérna á Íslandi hafi verið of ströng fram til þessa og óvissan mikil fyrir sjúklinga, því það sé óvíst hvort læknir sæki um undanþágur hjá Lyfjastofnun. „Það er undir hverjum og einum lækni komið og hversu þrjóskur hann er að eiga við kerfið,“ segir hann. „Með þessari breytingu er kominn farvegur sem allir geta farið í.“

> Við þurfum ekki að bíða eftir því að embættismenn liggi yfir þessu í mörg ár.

Guðjón Sigurðsson, formaður MND félagsins

> Skilyrði er að lyfið sé ætlað gegn sjúkdómi sem veldur langvarandi eða alvarlegri fötlun eða lífshættulegum sjúkdómi.

MND er banvænn sjúkdómur sem herjar á hreyfitaugar líkamans og veldur máttleysi og lömun. Samkvæmt Guðjóni er mikil gróska í lyfjarannsóknum gegn sjúkdómnum um þessar mundir. Eins og Fréttablaðið greindi frá í október síðastliðnum hafa fjögur lyf verið samþykkt í Bandaríkjunum gegn MND en aðeins eitt í Evrópu.

Eitt heitir Relyvrio og veitir tímabundna vernd fyrir taugafrumur í heila og mænu og frestar lömunaráhrifum. Í rannsókn kom fram að það hægist á áhrifum sjúkdómsins um 25 prósent. Annað heitir Tofersen og er mænustungulyf. „Þetta lyf hefur reynst vel gegn einni tegund MND. Við bíðum mjög spennt eftir að fá það hingað,“ segir Guðjón. „Fæst lyfin eru komin í gegnum allt kerfið. Nokkur þeirra myndu falla undir þessa reglugerð.“ ■

Vissir þú að
90,7%
Eflingarfélaga
vill leggja áherslu á hækkun
lægstu launa í kjarasamningum?
EFLING STÉTTARFÉLAG
*Samkvæmt könnunum sem Gallup gerði fyrir Eflingu síðastliðið haust

BLÁ VIÐVÖRUN!

140 MILLJÓNIR GÆTU FOKIÐ TIL ÞÍN!
FESTU TRAMPÓLÍNIÐ OG MIÐANN ÞINN Á HHI.IS

Happdrætti
Háskóla Íslands

Rannsaki grjótgarð við einn gjöfulasta laxveiðistað landsins

gar@frettabladid.is

VEIÐI Ákvörðun Fiskistofu um að fara ekki fram á að grjótgarður við hinn geysigjöfula laxveiðistað Hnausastreng í Vatnsdalsá verði fjarlægður hefur verið felld úr gildi.

Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem barst kæra frá hluta landeigenda við Vatnsdalsá sem telja Veiðifélag Vatnsdalsár hafa lengt grjótgarðinn verulega umfram ákvæði leyfis sem gefið var út af Landbúnaðarstofnun 2007.

Það voru eigendur jarðanna Grímstungu, Hjarðartungu og Kvisthaga sem kærðu ákvörðun Fiskistofu um að hafast ekkert að vegna grjótgarðsins. Segja þeir grjótgarðinn hafa áhrif á dreifingu laxveiði í Vatnsdalsá til hins verra fyrir sínar jarðir. Fram kemur að hlutur Hnausastrengs í heildarveiðinni í ánni virðist hafa aukist úr 27 prósentum í 36 eftir tilkomu garðsins.

Veiðimaður með 108 sentímetra lax úr Hnausastreng. MYND/VATNSDALSÁ FB

Fiskistofa sagði eðlilegra að horfa til veiði á öllum svæðum ofan Hnausastrengs samanlagt til að meta hugsanleg áhrif garðsins. Gögn styddu ekki að garðurinn tálmaði för laxa upp ána.

Veiðifélag Vatnsdalsár sagði garðinn hafa verið gerðan vegna mikils þrýstings frá leigutaka árinnar. Veiðimenn með langa reynslu af ánni hafi lagt mikla áherslu á að eitthvað yrði gert til að bæta Hnausastreng.

Fram kemur í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar að Fiskistofa hafi kært málið til lögreglu sem hafi fellt það niður en ríkissaksóknari mælt fyrir um nýja rannsókn. Úrskurðarnefndin segir Fiskistofu ekki hafa lagt fullnægjandi mat á málið og sé ákvörðun stofnunarinnar um að aðhafast ekkert felld úr gildi. ■

Tony Omos fær bætur frá íslenska ríkinu

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Tony Omos, innflytjanda frá Nígeríu, voru á fimmtudag dæmdar bætur upp á 1,5 milljónir króna vegna framgöngu lögreglunnar gegn honum fyrir rúmum áratug. Ofan á þetta leggjast vextir frá árinu 2014 og dráttarvextir frá árinu 2021.

„Við erum að skoða hvort við áfrýjum málinu. Við erum líka að bíða og sjá hvað ríkið gerir," segir Kristján Ágúst Flygenring, lögmaður Tony, en krafan hljóðaði upp á 4 milljónir króna.

Bæturnar eru 1,5 milljónir króna auk vaxta frá árinu 2014.

Toni Omos hafði stöðu sakbornings í málinu í vel á áttunda ár.

Fréttablaðið greindi frá aðalmeðferð málsins fyrr í þessum mánuði. Tony var vistaður í gæsluvarðhaldi í rúmar tvær vikur og hafði stöðu sakbornings í vel á áttunda ár. Hann var sakaður um að stunda mansal. Málið var á endanum látið niður falla hjá lögreglunni á Suðurnesjum.

Í aðalmeðferðinni benti Kristján Ágúst á að sönnunargögn í málinu hefðu verið af verulega skornum skammti og meðalhófs ekki verið gætt. Eftir skýrslutöku árið 2013 hefði ekkert gerst sem réttlætti að Tony hefði stöðu sakbornings í mörg ár á eftir.

Mál Tony komst í deiglu fjölmiðla eftir að Gísli Freyr Valdórsson, aðstoðarmaður Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra, lak upplýsingum um rannsóknina í fjölmiðla. Það er hið svokallaða lekamál. Að lokum var Gísli Freyr dæmdur í skilorðsbundið fangelsi og Hanna Birna sagði af sér embætti. ■

Vitni stilltu saman strengi

Stjórnarmenn Lindarhvols og lögmaður ríkisins í Lindarhvolsmálinu hittust á fundi í Seðlabankanum og undirbjuggu vitnisburði sína í málinu. Meðal fundarmanna var sitjandi hæstaréttardómari.

olafur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Við aðalmeðferð í Lindarhvolsmálinu, sem fram fór í Héraðsdómi Reykjavíkur í vikunni, kom í ljós að Steinar Þór Guðgeirsson lögmaður hafði verið „nánast allt í öllu" hjá Lindarhvoli ehf., eignarhaldsfélaginu sem fjármálaráðherra stofnaði til að annast og selja stöðugleikaeignir sem slitabú föllnu bankanna afhentu ríkinu.

Lindarhvoll var rekinn frá lögfræðistofu Steinars Þórs, sem hafði yfirráð yfir bæði netfangi og síma félagsins. Fram kom að hvorki Steinar Þór né stjórn félagsins gerðu tilraun til að verðmeta eignirnar sem félagið annaðist og seldi. Í vitnisburði Sigurðar Þórðarsonar, fyrrverandi ríkisendurskoðanda, kom fram að Klakki ehf., en Lindarhvolsmálið snýst um meinta annmarka í söluferli Klakka, var seldur á hálfan milljarð þegar raunverulegt verðmæti félagsins var milljarður.

Sigurður varpaði einnig fram þeirri spurningu hvers vegna ríkið hefði stofnað þetta eignarhaldsfélag þar sem Steinar Þór Guðgeirsson var „nánast allt í öllu". Af vitnisburði Steinars Þórs og annarra vitna virðist sem stjórn Lindarhvols hafi lítið sinnt þeirri skyldu sinni að gæta hagsmuna eiganda félagsins, íslenskra skattgreiðenda. Steinar hafi leikið nokkuð lausum hala við ráðstöfun gríðarlega verðmætra eigna félagsins.

Eitt vitnið í Lindarhvolsmálinu lýsti söluferli Klakka sem „sjoppulegu" og gerólíku því sem tíðkast með söluferli eigna almennt. Venjan væri að seljendur reyndu að verðmeta eignirnar til að fá sem hæst verð fyrir þær. Svo hefði ekki verið í tilfelli Lindarhvols varðandi Klakkasöluna. Raunar hefði virst sem enginn áhugi væri á að fá tilboð í eignina. Samkvæmt þessu virðist stjórn Lindarhvols hafa brugðist því grundvallarhlutverki sínu að gæta hagsmuna eiganda félagsins.

Steinar Þór Guðgeirsson lögmaður og vitni í Lindarhvolsmálinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Lögmenn sem Fréttablaðið ræddi við telja ákvæðið heimila fund lögmanns með einu vitni en ekki hópi vitna.

Í kjölfar bankahrunsins voru stjórnendur og stjórnarmenn föllnu bankanna sóttir til saka og meðal annars ákærðir og dæmdir fyrir umboðssvik á þeim grunni að þeir hefðu ekki gætt hagsmuna eigenda bankanna.

Þrír sátu í stjórn Lindarhvols ehf. Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu til árátuga, var stjórnarformaður. Aðrir stjórnarmenn voru Ása Ólafsdóttir, þá dósent við lagadeild Háskóla Íslands, og Haukur Camillus Benediktsson, þá framkvæmdastjóri Eignasafns Seðlabanka Íslands.

Þórhallur hefur síðan látið af störfum fyrir aldurs sakir, en Ása var skipuð hæstaréttardómari árið 2020 og Haukur var ráðinn framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans árið 2019. Þau þóttu bæði hæfust umsækjenda um þær stöður. Óvíst er hvort hæfnisnefnd hefur horft sérstaklega til stjórnarstarfa þeirra í Lindarhvoli við mat á hæfni þeirra.

Athygli vakti að fram kom í málflutningi að öll stjórn Lindarhvols hefði, ásamt Steinari Þór Guðgeirssyni, lögmanni ríkisins, og Esther Finnbogadóttur, sem sat í varastjórn Lindarhvols, komið til fundar í húsi Seðlabankans í aðdraganda aðalmeðferðar málsins til að rifja upp málið. Öll fimm eru lykilvitni í málinu en vitnum er óheimilt að bera saman bækur sínar áður en vitnisburður er gefinn fyrir dómi.

Í 3. málsgrein 21. greinar siðareglna lögmanna segir: „Lögmanni er heimilt að hafa samband við vitni í máli til að kanna hvað það getur borið um atvik og, ef því er að skipta, til að gera því kleift að búa sig undir vitnaleiðslu … Hafi lögmaður samband við vitni ber honum að gæta viðeigandi tillitssemi og forðast að hafa áhrif á framburð vitnisins."

Lögmenn sem Fréttablaðið ræddi við telja ákvæðið heimila fund lögmanns með einu vitni en ekki hópi vitna, og hvað þá þegar lögmaðurinn er sjálfur vitni í málinu. Athygli vekur að sitjandi hæstaréttardómari sat þennan fund. Viðmælendur Fréttablaðsins úr lögmannastétt vildu ekki tjá sig undir nafni en telja hæstaréttardómara eiga að vita betur en að sitja svona vitnafund. ■

Hljóðritasjóður
Umsóknarfrestur er til **15. mars kl. 15.00**

Auglýst er eftir styrkumsóknum í Hljóðritasjóð, fyrri umsóknarfrestur 2023.
Veittir eru styrkir til að taka upp nýja, frumsamda íslenska tónlist.

Styrkir eru veittir til ákveðinna verkefna að hámarki til eins árs. Framhaldsstyrkir eru ekki veittir til verkefna sem áður hafa hlotið styrk úr sjóðnum. Útgáfa má ekki hafa átt sér stað áður en umsókn um styrk berst Hljóðritasjóði.

Umsóknargögn er að finna rannis.is.
Lokaskýrslum skal skilað rafrænt.

Rannís, Borgartúni 30, sími 515 5838, hljodritasjodur@rannis.is.

Hlutverk Hljóðritasjóðs er að efla íslenska hljóðritagerð í tónlist til útgáfu.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Sendu aðra beiðni um vinabæjarsamstarf

kristinnpall@frettabladid.is

HAFNARFJÖRÐUR Bæjarstjóri úkraínska smábæjarins Tsjortkív, Volodímír Shmatko, sendi Hafnarfirði beiðni um vinabæjarsamstarf sem var tekið fyrir á nýjasta fundi bæjarráðs. Áður hafði áhugi Reykjanesbæjar á vinabæjarsamstarfi verið kannaður en það var afþakkað.

Verkefnastjóri menningar- og markaðsmála í Hafnarfirði, Andri Ómarsson, sagði vinabæjakeðjuna sem Hafnarfjörður er hluti af með það til skoðunar að bjóða úkraínskum bæ inn í hópinn. Í beiðninni kemur fram að Tsjortkív hafi aðstoðað 3.452 Úkraínumenn á flótta undan árásum Rússa ásamt því að verða fyrir eldflaugaárás þann 11. júní síðastliðinn þar sem 438 íbúðir skemmdust.

Áður hafði áhugi Reykjanesbæjar á vinabæjarsamstarfi verið kannaður en það var afþakkað.

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Shmatko sagðist vonast til að hefja vinabæjasamstarf á ýmsum sviðum ásamt því að bjóða Rósu Guðbjartsdóttur, bæjarstjóra Hafnarfjarðar, í heimsókn til Tsjortkív. ■

FRAMÚRSKARANDI GÆÐI
TENGI
Kópavogur — Smiðjuvegur 76
414 1000
Akureyri — Baldursnes 6a
414 1050
Selfoss — Austurvegur 69
414 1040

Yfir fimmtíu tonn flutt inn af áburði

ser@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Yfir fimmtíu tonn voru flutt inn af áburði og jarðvegsbætandi efnum á síðasta ári, en tegundirnar voru á fjórða hundrað.

Þetta kemur fram í samantekt Matvælastofnunar sem vekur athygli á því að fleiri fyrirtæki annist innflutning á þessum efnum en þau sem framleiða hann heima fyrir.

Einungis hafi verið gerðar athugasemdir við þrjár af þessum áburðartegundum sem reyndust vera full til snauðar af magnesíum. ■

> Á fjórða hundrað tegunda af áburði og jarðvegsbætandi efnum voru fluttar inn á síðasta ári.

Á Íslandi er hlutdeild rafbíla næstmest í Evrópu, 4,6 prósent.

Rafbílum hefur fjölgað ört í Evrópu

ser@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Rafbílum fjölgaði ört í Evrópu á síðasta ári, að því er fram kemur í samantekt á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Þar segir að ívilnanir stjórnvalda og sívaxandi tegundaúrval hafi orðið til þess að margir bíleigendur hafa skipt út brunavélinni.

Noregur hefur tekið forystu í rafbílavæðingu álfunnar, en þar í landi eru rafbílar með 16 prósenta hlutdeild í bílaflotanum.

„Það kemur ekki á óvart því norsk stjórnvöld hafa beitt sér fyrir herferð í þágu rafbíla og vega þar þyngst fjárhagslegar ívilnanir," segir á vefnum. Í Ósló er hlutdeild rafbíla nú 33,2 prósent en mun minni á landsbyggðinni, eða um rúm 4 prósent.

Ísland er í öðru sæti með 4,6 prósenta hlutdeild rafbíla á vegum og Holland því næst með 2,8 prósent. ■

Þróunarsjóður námsgagna

Umsóknarfrestur til **3. mars**

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Þróunarsjóði námsgagna. Námsefnið þarf að henta til kennslu á þremur fyrstu skólastigunum. Námsefni fyrir háskólastig og fullorðinsfræðslu er ekki styrkt. Sérstöku fjármagni verður veitt í fjórða forgangsatriði ársins.

Forgangsatriði sjóðsins fyrir árið 2023 eru fjögur:

1. Námsefni ætlað innflytjendum vegna tungumálakennslu.
2. Námsefni sem styður við samfélags- og náttúrugreinar.
3. Námsefni sem miðar að markvissri eflingu íslensks orðaforða og hugtakaskilnings í ýmsum námsgreinum.
4. Þróun námsefnis er tengist stuðningi við börn á flótta.

Við úthlutun verður tekið tillit til hvort námsefnið styðjist við stafræna tækni, Menntastefnu 2030 og hversu aðgengilegt námsefnið verður nemendum.

Umsóknarfrestur er til kl. 15.00, 3. mars 2023.

Stefna sjóðsins er að námsefnið sem styrkt er verði gefið út með rafrænum hætti og gert aðgengilegt á netinu, þegar við á. **Hægt verður að sækja um almennan þróunarstyrk fyrir allt að 2,0 milljónir króna, en einnig hægt að sækja um þróunar- og útgáfustyrk fyrir allt að 4,0 milljónir króna.** Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að veita að hámarki tveimur umsóknum þennan hámarksstyrk, að skilyrðum settum.

Upplýsingar um sjóðinn má finna á www.rannis.is/sjodir/rannsoknir/throunarsjodur-namsgagna/.
Umsóknargögn er að finna á www.rannis.is.
Umsóknum skal skilað á rafrænu formi.

Nánari upplýsingar veitir
Skúli Leifsson, sími 515 5843,
throunarsjodur.namsgagna@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÖGUR grafísk hönnun

Þjóðverjar hafa hingað til verið mjög hikandi við að senda skriðdreka sína til Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Afstaða Þjóðverja gagnvart hernaðarátökum breytist

Þýskaland og Bandaríkin senda Úkraínumönnum tugi skriðdreka til að takast á við innrásarher Rússa. Gengi hlutabréfa þýskra vopnaframleiðenda fer hækkandi.

helgisteinar@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Boris Pistorius, varnarmálaráðherra Þýskalands, segir að þýsku Leopard 2-skriðdrekarnir verði komnir á vígvöllinn í Úkraínu í lok mars eða byrjun apríl.

Þýska ríkisstjórnin samþykkti nýlega að senda 14 þýska skriðdreka til Úkraínu til að aðstoða úkraínska herinn í stríðinu gegn Rússum.

Þjóðverjar hafa verið hikandi undanfarnar vikur við þá ákvörðun að senda skriðdrekana. Ríkisstjórn Olaf Scholz, kanslara Þýskalands, hefur engu að síður hingað til sent mikið af öðrum herbúnaði til Úkraínu, til að mynda 3.000 eldflaugar, hundrað þúsund handsprengjur og 22 milljónir skotfæra fyrir riffla og skammbyssur.

Þar að auki hafa Úkraínumenn þegið mikið af þýskum trukkum og hátæknibúnaði.

„Það er rétt að við höfum mjakast áfram hægt og rólega, en það er einfaldlega vegna reglugerðanna sem við verðum að fylgja við svona hættulegar aðstæður," sagði Olaf Scholz.

Ríkisstjórn Joe Biden samþykkti að senda minnst 30 M1 Abrams-skriðdreka. Bandaríkjamenn hafa að sama skapi einnig verið hikandi við að senda sína skriðdreka en sögðu það vera of flókið að þjálfa hermenn til að nota þá og eins væri viðhald mjög erfitt.

Hingað til hafa þýskir ráðamenn haldið því fram að þeir myndu aðeins senda þýska Leopard-skriðdreka til Úkraínu ef Bandaríkjamenn gerðu slíkt hið sama með sína M1 Abrams-skriðdreka.

Bretar hafa nú þegar samþykkt að senda sína Challenger-skriðdreka til Úkraínu.

Allir skriðdrekarnir eiga það sameiginlegt að þeir eru taldir hafa yfirburði yfir sovésku T-72-skriðdrekana sem rússneski herinn reiðir sig enn á. Skriðdrekarnir munu einnig koma til með að veita úkraínskum hermönnum meiri vernd á vígvellinum.

Þýskir og bandarískir skriðdrekar til Úkraínu

Þjóðverjar hafa samþykkt að senda Leopard 2 skriðdreka til Úkraínu og eins eru Bandaríkjamenn að klára undirbúning á að senda M1 Abrams skriðdreka. Úkraínsk stjórnvöld vonast til að skriðdrekarnir muni skipta sköpum á vígvellinum.

LEOPARD 2A4
Tekinn í notkun: 1985
Áhöfn: Fjórir
Framleiðandi: Krauss-Maffei Wegmann
Aðalvopnabúnaður: 120 mm L44 fallbyssa
Varavopnabúnaður: Tvær 7,62 mm vélbyssur



Þyngd: 62 tonn
Hraði: 72 km/klst
Vél: 12-strokka, 1.500 hestafla MTU MB 873 dísilvél
Brynvörn: Marghliða brynja, tilvalin til að verjast jarðsprengjum og IED-sprengjuárásum

M1A1 ABRAMS
Tekinn í notkun: 1986
Áhöfn: Fjórir
Framleiðandi: General Dynamics
Aðalvopnabúnaður: 120 mm M256 fallbyssa
Varavopnabúnaður: Tvær 7,62 mm vélbyssur og ein 12,7 mm vélbyssa.

Þyngd: 67,6 tonn
Hraði: 68 km/klst.
Vél: 1.500 hestafla Honeywell AGT1500 bensín-túrbína
Brynvörn: Samsett brynja sem styrkt er með sneyddu úrani.

Heimildir: BBC, Army Recognition, Bandarískt herinn © GRAPHIC NEWS

> Þetta eru einfaldlega reglugerðirnar sem við verðum að fylgja við svona hættulegar aðstæður.
>
> Olaf Scholz, kanslari Þýskalands

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra átti fyrir tilviljun fund með Olaf Scholz daginn sem tilkynning þýsku ríkisstjórnarinnar barst og sagði hún ákvörðunina vera stóra fyrir Þýskaland.

„Þetta er stefnubreyting sem við höfum séð í þessu máli. Það er því ekkert skrýtið að þeir gefi sér tíma í að ígrunda þessa ákvörðun," sagði Katrín.

Leopard 2-skriðdrekinn er álitinn vera einn besti skriðdreki í heimi og er mjög vinsæll meðal þjóða innan Evrópusambandsins, sem þýðir að auðvelt væri fyrir Úkraínumenn að nálgast bæði varahluti og auka skotfæri.

Ákvörðun þýskra stjórnvalda um að senda skriðdrekana til Úkraínu hefur einnig haft áhrif á verðbréfamarkaðinn.

Gengi hlutabréfa í Rheinmetall, sem framleiðir skriðdrekana í samstarfi við fyrirtækið Krauss-Maffei Wegmann, hefur rokið upp og er fyrirtækið nú metið á rúmlega tíu milljarða evra.

Stríðið í Úkraínu hefur ekki aðeins breytt viðskiptahorfum þýskra vopnaframleiðanda, heldur hefur það líka breytt viðhorfi margra Þjóðverja sem hafa sögulega séð verið mjög gagnrýnir á þátttöku Þýskalands í hernaðarátökum erlendis. ■

OPAL G+

HANN ER KOMINN!

VEGAN

Glæný viðbót í Opal línuna – saltlakkrís með Guarana, Ginsengi og Grænu tei.

Opal G+, lyftir deginum á hærra plan!

NOI SÍRIUS

Megingildið

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Mikilvægasta megingildi lífsins er að vera góður við börn. Ekkert er verðugra í mannlegum samskiptum. Ekkert er stórmannlegra en að hlúa að velferð og möguleikum yngsta fólksins okkar.

Ekkert.

Og það felur í sér framtíðina. Einmitt. Það er til þess gert að bæta ókomin ár. Og ef við fullorðna fólkið, reynslunni ríkari, eigum að heita til einhvers gagns í lífinu þá snýst það akkúrat um það að bæta lífsgæði þeirra sem á eftir okkur koma.

Það er meginerindið.

Það er af þessum sökum sem fólk sárreiðist þeirri meginskissu samfélagsins að forgangsraða í þágu annarra en barna og ungmenna. Og raunar jafnvel í þágu þeirra sem hafa það best, eiga greiðastan aðgang að auðlindum okkar. En það er af því að pólitíkinni er einkar lagið að gleyma sér í þakklætisskyni yfir því hver klappar henni hlýjast á öxlina – og gildir raunar einu hvaða flokkar eiga í hlut; börnin okkar eru auðvitað ekki kjósendur nema í svo óralangri framtíð að það tekur því ekki að ávarpa þau í hita líðandi stundar.

En fyrir foreldra barna sem glíma við þroskahömlun, fatlanir og langvarandi veikindi eru þetta skilaboð sem svíða á skinni. Og slíkur er sviðinn að fólki verður ekki svefnsamt. Og það er einmitt og akkúrat vegna þess að ekkert er mikilvægara en börnin okkar.

Það er ekki bara stóra myndin. Það er öll myndin.

Nógu slæmt er það fyrir foreldra að taka þátt í biðlistamenningu íslenska samfélagsins, að vera nauðbeygðir til þess eins að bíða eftir þjónustu sem er oft og tíðum lífsnauðsynleg – og skiptir í öllu falli sköpum fyrir þroska og farsæld barnsins. En enn þá verra er þetta fyrir afkvæmið sjálft, sem kann að spyrja, vitanlega: Hefur enginn áhuga á að hjálpa mér?

Íslendingar eru komnir á skjön við megingildi þeirrar samfélagsgerðar sem mesta og breiðasta sáttin hefur ævinlega staðið um, en hún hverfist um það helst að hlúa að þeim sem mest þurfa á aðstoðinni að halda.

En í verki látum við börnin okkar bíða eftir sálfræðiþjónustu svo mánuðum skiptir. Í verki látum við þau bíða eftir talmeinaþjónustu svo árum skiptir. Og raunheimarnir eru heldur ekkert merkilegri en svo að við látum börnin okkar bíða eftir greiningu á þroskafrávikum eins lengi og kerfinu sýnist.

Það má vel vera að pólitík eigi að snúast um efnahagslegan veruleika. En pólitíkinni er stjórnað af fólki, foreldrum. Og það vill svo til að foreldrar vita á öllum tímum sólarhringsins hvað brýnast er að gera. ■

> Það er af þessum sökum sem fólk sárreiðist þeirri meginskissu samfélagsins að forgangsraða í þágu annarra en barna og ungmenna.

Samband íslenskra sveitarfélaga
MANNVIT

Erum við tilbúin?

Samband íslenskra sveitarfélaga og Mannvit standa að fræðsluviðburði og pallborðsumræðu um áhrif loftslagsbreytinga á sveitarfélög, fyrirtæki og innviði.

Grand hótel 3.febrúar Kl. 8:30-10:00

Skráning á www.mannvit.is

GUNNAR

MÍN SKOÐUN

Menningarlegt sjónarspil

Sigmarsdóttir

Í fataskápnum mínum hangir kjóll sem ég hef aðeins klæðst einu sinni. Hann er flöskugrænn og hnésíður og mun nýtast verði ég einhvern tímann gerð að bankastjóra. Kjóllinn fangar þann vanda sem steðjar nú að íslensku bókmenntalífi og birtist – eða birtist ekki – íslenskum almenningi í vikunni.

Árið 2018 riðuðu bresku Booker-bókmenntaverðlaunin til falls. Fyrir fullum sal af körlum í smóking og konum í síðkjólum veitti demantsskreytt hertogaynja af Cornwall (nú Englandsdrottning) írskri skáldkonu helstu bókmenntaverðverðlaun landsins undir taktföstu lófaklappi. Formaður dómnefndar, maður með þverslaufu og tilkomumikinn orðaforða, sagði sigri hrósandi bókina „þunga“ aflestrar. Sjálfur hefði honum þó ekki fundist hún of erfið því hann „væri vanur að lesa fræðigreinar í Tímariti heimspekinga“.

Hin torlæsa bók féll í grýttan jarðveg. „Hugtakið fagurbókmenntir virðist ekki lengur merkja góðar bókmenntir heldur bókmenntir sem lúta stílreglum sem ætlað er að fullvissa menningarlega metorðasjúka millistéttarlesendur um að þeir taki þátt í fínum félagslegum helgisið,“ skrifaði bókmenntarýnir dagblaðsins The Times.

Íslensku bókmenntaverðlaunin voru veitt í vikunni á Bessastöðum. Sú staðreynd fór fram hjá mér þangað til skáldið Anton Helgi Jónsson greindi frá því á Facebook að viðburðurinn hefði líka farið fram hjá honum. „Því miður virðist ekki vera nein stemming í kringum þessi verðlaun lengur,“ skrifaði Anton. „Fyrir jólin eru límdir miðar á bækur en lítið sem ekkert er gert til að magna upp spennu … Það eru engir sérstakir viðburðir auglýstir þar sem tilnefndir höfundar mæta og ræða verk sín og lesa upp, engar málstofur eru haldnar um bækurnar, engir lesendur eru fengnir til að segja álit sitt … Einu sinni dreif brennandi áhugi fólk út í heitar umræður um bækur en núorðið fæst enginn til að hafa skoðun á neinu.“

Verðlaunaafhending Bresku bókmenntaverðlaunanna 2018 var eins og uppskeruhátíð sértrúarsafnaðar þar sem samstillt menningarelíta klappaði hugsunarlaust fyrir sjálfri sér. Endalok veraldar – eða verðlaunanna – hlutu að vera handan hornsins.

En Bretum tókst að afstýra Harmageddon. Menningarblaðamenn göptu af undrun yfir tilnefningum síðasta árs. Bækurnar voru „stuttar“ og „fyndnar“. Formaður dómnefndar hafði í frammi hugtök sem áður þóttu villutrú: „Ánægjulestur“ og „skemmtanagildi“.

Kjóll og kúluhattur

Flöskugræni kjóllinn í fataskápnum rifjaðist upp fyrir mér þegar ég horfði á upptöku af Íslensku bókmenntaverðlaununum í Sjónvarpinu (helgiathöfn sem lét eldhúsdagsumræður virðast jafnspennandi og kvikmyndin „The fast and the furious“). Kjóllinn var keyptur af tilefni. Ég hafði hlotið tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og var á leiðinni á Bessastaði. Kjóllinn hefði ekki getað hæft samkomunni betur. Hann hefði einnig fallið vel inn í fataskáp Margrétar Thatcher.

Menningarlegt sjónarspil hefur leyst af hólmi bókmenntalíf heillar þjóðar. Í stað skoðanaskipta eru nú límmiðar, í stað ritdeilna eru verðlaunasamkomur: Tækifærisræða, ráðamaður og eitt tónlistaratriði; kona í svo dömulegum kjól að hún fær aldrei tilefni til að nota hann aftur, maður með kúluhatt og – helst – Andri Snær. Vogi sér einhver, lærður eða leikinn, að gefa bók færri en fjórar stjörnur er viðkomandi úthrópaður skemmdarvargur og hann rekinn inn í sama kústaskáp og leikhúsheimurinn læsti Jón Viðar Jónsson inni í.

Handhafar Íslensku bókmenntaverðlaunanna eru vel að þeim komnir. Verðlaun geta snaraukið áhuga á bóklestri. En til þess að svo megi verða þarf umræðan að rúma fleiri en bókmenntafræðinga og fólk með háskólagráðu í menningarstjórnun og bakka af snittum. ■

> Menningarlegt sjónarspil hefur leyst af hólmi bókmenntalíf heillar þjóðar.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Lovísa Arnardóttir *lovisa@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út fimm daga í viku og hægt er að nálgast það ókeypis á 120 fjölförnum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum, Árborg, Ölfusi, Akranesi, Borgarnesi, Akureyri og víðar. Að auki er blaðið aðgengilegt í pdf-formi og í appi. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*. **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Allir kaupendur og seljendur fá

Vildarkort Lindar

sem veitir **30% afslátt**

hjá eftirfarandi fyrirtækjum

S:HELGASON · Z brautir & gluggatjöld · HÚSGAGNA HÖLLIN · DORMA

Betra BAK · Flügger litir · Parki · VÍDD · HÚSASMIÐJAN

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum nema Skovby, af þeim eru 15% afsláttur. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum.
Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. **Flügger:** 30% afsláttur af allri innimálningu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum.
Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z brautir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum.
Vídd: 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmiðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum.
ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 - Sími: 510 7900 - www.fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA

Ísland gæti þurft að spila heimaleik erlendis

Vegna breytinga á fyrirkomulagi Þjóðadeildar UEFA er ekki ólíklegt að íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu þurfi að spila einhverja heimaleiki sína í mars á næstu árum. Telst þetta mikið áhyggjuefni þegar íslenskar veðuraðstæður og gæði Laugardalsvallar eru tekin inn í myndina.

helgifannar@frettabladid.is

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu fagnar marki gegn Ísrael í Þjóðadeild UEFA í fyrra. Fyrirkomulagi keppninnar verður nú breytt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

FÓTBOLTI Eftir fund sinn á dögunum kynnti Evrópska knattspyrnusambandið, UEFA, breytingar á Þjóðadeildinni, sem og undankeppnum Heims- og Evrópumótsins.

Mun ein umferð bætast við Þjóðadeildina á milli riðlakeppninnar og undanúrslita. Leikið verður í áttaliða úrslitum, sem og í umspili um það að komast upp um deild og að sleppa við fall.

Í þessu fyrirkomulagi munu sigurvegarar riðla sinna í A-deild mæta þeim liðum sem hafna í öðru sæti í átta-liða úrslitum, þar sem leikið verður heima og að heiman. Fara þessir leikir fram annað hvert ár, þegar ekki er leikið í lokakeppni HM eða EM. Þá munu liðin í þriðja sæti í A-deild og öðru sæti í B-deild mætast í umspili, þar sem barist verður um að halda sæti sínu í A-deild eða komast upp í hana. Það sama verður upp á teningnum með liðin sem hafna í þriðja sæti í B-deild og öðru sæti í C-deild.

Ísland mun leika í B-deild Þjóðadeildarinnar sem hefst haustið 2024. Hafni Ísland í öðru eða þriðja sæti er því ljóst að umspilsleikir bíða, heima og að heiman, í mars.

Virkilega kostnaðarsamt

Breytingarnar munu taka gildi í september á næsta ári og verða því fyrstu mars-leikir Þjóðadeildarinnar spilaðir 2025. Eftir það munu slíkir leikir fara fram í mars annað hvert ár. Að því sögðu er möguleiki á að Ísland muni leika í umspili um sæti á Evrópumótinu 2024 strax í mars á næsta ári.

Á móti fjölgun leikja í Þjóðadeildinni verður leikjum fækkað í undankeppnunum. Þar verður riðlum fjölgað og færri lið leika í hverjum riðli fyrir sig. Aðeins verða fjögur til fimm lið í riðli og því leiknir sex til átta leikir. Til samanburðar er Ísland í sex liða riðli fyrir undankeppni EM 2024 og leikur því tíu leiki.

> Þetta getur kostað miklar fjárhæðir, marga tugi milljóna.
>
> Ómar Smárason, deildarstjóri samskiptadeildar KSÍ

Fréttablaðið leitaði til Ómars Smárasonar, deildarstjóra samskiptadeildar KSÍ, og spurði út í það hvað hugsanlegir leikir karlalandsliðsins í mars þýði fyrir liðið og sambandið. „Þetta hefur auðvitað mikla þýðingu fyrir KSÍ, skipulagslega og fjárhagslega, og ekki síður íþróttalega fyrir A-landslið karla," segir Ómar í svari við fyrirspurn.

Ómar vísar í undirbúning fyrir umspilsleik Íslands og Rúmeníu í mars 2020. Sá leikur fór að vísu aldrei fram vegna faraldursins sem skall á. Undirbúningurinn var hins vegar ansi kostnaðarsamur þar sem rándýr hitadúkur, gjarnan talað um hitapylsu, var lagður yfir völlinn.

„Þetta getur kostað miklar fjárhæðir, marga tugi milljóna, að gera völlinn leikhæfan í mars. Það er ekkert hitakerfi í keppnisfletinum og Laugardalsvöllur er opinn leikvangur með lítið skjól fyrir veðri og vindum. Vinnustundirnar sem fóru í það verkefni og kostnaðurinn við að fá pulsuna góðu og hitakerfið með henni hingað til lands til að reyna að gera völlinn leikhæfan, það er eitt."

Grafalvarleg staða

En er hitapylsan eina leiðin til að halda vellinum góðum í mars?

„Það get ég ekki sagt til um. Það er örugglega hægt að fara fleiri leiðir, en það verður alltaf gríðarlegur kostnaður."

Ómar segir einnig mikilvægt að veita landsliðsfólki Íslands sem bestar aðstæður til að iðka sína íþrótt.

„Svo er það hið raunverulega markmið í þessu öllu, sem er að ná íþróttalegum árangri, komast áfram í keppninni. Það er mikill metnaður fyrir árangri í íþróttum á Íslandi, í flestum eða öllum greinum, og til þess að það sé hægt þá þarf að skapa afreksíþróttafólkinu okkar sem bestar aðstæður og umgjörð. Laugardalsvöllur í mars eru klárlega ekki kjöraðstæður eins og völlurinn er í dag og hefur verið um áratugaskeið."

Það gæti farið svo að Ísland þyrfti að leika heimaleik á erlendri grundu með nýju fyrirkomulagi. Ýtir það enn frekar undir þörfina fyrir nýjan Þjóðarleikvang.

„Staðan er bara raunverulega sú að ef við getum ekki tryggt að þjóðarleikvangurinn okkar verði leikhæfur á þessum tíma, þá verðum við að skoða aðrar lausnir, möguleikann á að leika annars staðar. Færeyjar, Kaupmannahöfn, einhver nefndi Tene, því það er alltaf fullt af Íslendingum þar," grínast Ómar.

„En að öllu gamni slepptu þá er þetta grafalvarleg staða." ■

Bestu ökumenn heims munu etja kappi í Svíþjóð um helgina

aron@frettabladid.is

MÓTORSPORT Segja má að uppskeruhátíðin í heimi akstursíþrótta hefjist í dag þegar margir af bestu ökumönnum heims etja kappi í Race of Champions. Akstursíþróttasérfræðingurinn Bragi Þórðarson, sem er jafnframt Formúlu 1-lýsandi Viaplay, er staddur í Pite Havsbad í Svíþjóð þar sem keppnin fer fram við krefjandi aðstæður.

„Þetta er dásamlegt, hérna eru staddir miklir meistarar úr heimi akstursíþrótta," segir Bragi við Fréttablaðið. „Hér er að finna Formúlu 1-ökumenn á borð við Valtteri Bottas og Mick Schumacher, goðsagnir á borð við Mika Hakkinen, David Coulthard og Sebastian Vettel."

Í dag hefst þjóðakeppnin þar sem tveir ökumenn frá sama landi mynda eitt lið. Á sunnudaginn verður síðan keppt í einstaklingskeppni. Sýnt verður frá herlegheitunum á streymisveitu Viaplay.

Bragi hafði nýlokið við að sitja blaðamannafund með ökumönnunum þegar Fréttablaðið náði af honum tali.

„Stemningin hér er geggjuð. Allir ökumenn eru sammála um að allt það sem á sér stað í kringum keppnina sjálfa er jafn skemmtilegt og keppnin sjálf. Menn taka þessu ekkert alltof alvarlega en auðvitað langar alla ökumenn að standa uppi sem sigurvegari hér því það er það sem gerir þá að góðum ökumönnum.

Race of Champions á sér langa og áhugaverða sögu og er jafnframt fastur punktur á keppnisdagatali helstu akstursíþrótta.

„Upphaflega kemst þessi keppni á laggirnar í kringum 1990 og ár frá ári síðan þá hafa bestu ökumenn í heimi tekið þátt. Formúlu 1-goðsögnin Michael Schumacher vann til að mynda liðakeppnina fyrir Þýskaland sex ár í röð.

Það áhugaverðasta við þessa keppni er sú staðreynd að við erum að fá toppökumenn úr mismunandi tegundum mótorsports til þess að etja kappi hverjir við aðra. Rallýökumenn keppa við ökumenn úr Formúlu 1 sem keppa við rallýkrossökumenn og þar fram eftir götunum."

Þá hefur Race of Champions í gegnum árin boðið upp á keppni við mismunandi aðstæður.

Í boði verða krefjandi en fallegar aðstæður í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> Sebastien Loeb getur ritað nafn sitt í sögubækurnar um helgina með sínum fimmta ROC-sigri.

„Fyrstu árin fór keppnin fram á Kanaríeyjum á malar- og malbiksbrautum, svo fór keppnin fram innan veggja stórra leikvanga og nú er keppt við krefjandi aðstæður, á snjó- og ísilagðri braut í Pite Havsbad í Svíþjóð.

Þetta er í annað skiptið sem við erum í Pite Havsbad og akstur við krefjandi skilyrði er ekki það eina sem ökumenn þurfa að glíma við vegna þess að keppt er á mörgum mismunandi tegundum bíla sem ökumenn, margir hverjir, hafa enga reynslu af að aka. Valtteri Bottas hefur til að mynda enga reynslu af þessum bílum sem keppt verður á."

Í ár sé til að mynda keppt á rallýkross-, buggy- og rafmagnsbílum. Bragi segir áhugavert að sjá ökumenn glíma við þessar flóknu aðstæður en leiða má líkur að því að rallýökumennirnir í keppninni hafi smá forskot á hina.

„Maður myndi ætla það. Þeir eru vanir að aka um á brautum með laust undirlag þar sem bíllinn er frekar lifandi á meðan á akstri stendur, á meðan vilja Formúlu 1-, GTM- og Touring Car-ökumennirnir hafa fullt af gripi og um leið og þeir missa grip eiga þeir til að hægja á sér á meðan rallýökumaðurinn gefur í."

Frakkinn Sebastien Loeb, rallýökumaður er ríkjandi Race of Champions-meistari eftir að hafa borið sigur úr býtum í fyrra. Hann hefur fjórum sinnum orðið meistari í einstaklingskeppni keppninnar. ■

Kolluna upp fyrir alla sem eru að missa vonina!

„Kraftur þýðir skemmtun. Það er svo jákvæð orka þarna og skemmtilegt fólk“

Ekki missa vonina!

lifidernuna.is

Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.
Kaupum kolluna á lifidernuna.is

KRAFTUR

BJORK@FRETTABLADID.IS

Gjöf sem gefur

> Tinna fékk annað tækifæri en eins og hún orðar það sjálf þá sótti hún tækifærið og nýtti sér það.

Saga Tinnu Aðalbjörnsdóttur sem prýðir forsíðu helgarblaðsins að þessu sinni, er saga djúpra lægða og hárrar upprisu en líka alls þess sem á undan kom og eftir. Stór áföll sem ekki var unnið úr, myrk leyndarmál sem grasseruðu innra með henni þar til sjálfstraustið var horfið og niðurrifið náði yfirhöndinni og frelsi fannst aðeins í harðri neyslu.

Tinna fékk annað tækifæri, en eins og hún orðar það sjálf þá sótti hún tækifærið og nýtti sér það. Vinnuna vann hún sjálf. Til þess fékk hún þó góða hjálp fjölskyldu, vina og ekki síst Samhjálpar sem í næstu viku fagnar fimmtíu ára starfsemi.

Meðferðarheimilið Hlaðgerðarkot, þar sem Tinna segir fullum fetum að lífi sínu hafi verið bjargað, var fyrsta starfsstöð samtakanna en auk þess reka samtökin þrjú áfangaheimili.

Á Kaffistofu Samhjálpar sem nú hefur verið opin í rúm 40 ár koma allt að 350 manns dag hvern til að sækja sér heita máltíð og hlýju. Samtökin sem í fimm áratugi hafa mætt jaðarsettu fólki með náungakærleik safna nú fyrir nýju húsnæði undir Kaffistofuna og inni á samhjalp.is má styrkja starfsemina með mánaðarlegu framlagi eða gefa máltíð á Kaffistofunni.

Það er sannarlega gjöf sem gefur! ■

VIÐ MÆLUM MEÐ

Venus í Feldi
Venus í feldi, ögrandi sýning í leikstjórn Eddu Bjargar Eyjólfsdóttur í Tjarnarbíó, fjallar um klassísk átök karla og kvenna í bland við undirgefni og drottnun. Leikararnir Sara Dögg Ásgeirsdóttir og Sveinn Ólafur eiga hreint magnaða spretti í uppsetningunni, ekki síst í síðari hlutanum þar sem mikið mæðir á þeim.

Kramber
Við Skólavörðustíg 12 er að finna Kramber, hlýlegasta kaffihús/vínstofu bæjarins. Þar hafa þær Lísa og Dísa skapað einstaka stemningu með úrvali eðalvína, óáfengra valkosta og barseðli þar sem finna má ólífur og pretzel, tostada og ostaplatta en ostaelskendur mega ekki láta brenndan Stilton með púrtvíni fram hjá sér fara. ■

Fjölbreyttur hópur reynir að svara spurningunni: Hvað er hugsun? á opnum fundi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Margt sem hefur áhrif á hugsanir okkar

Íslensk erfðagreining heldur í dag opinn fræðslufund sem ber yfirskriftina: Hvað er hugsun? Fjöldi fyrirlesara heldur erindi á fundinum þar sem þeir velta fyrir sér uppruna og hlutverki hugsunar. Einn þeirra er Jörgen L. Pind, prófessor emeritus í sálfræði.

birnadrofn@frettabladid.is

„Þetta erindi kalla ég Sögubátt um sálina," segir Jörgen L. Pind, prófessor emeritus í sálfræði. Hann er einn þeirra sem flytja erindi á opnum fundi Íslenskrar erfðagreiningar. Á fundinum velta fjölbreyttir fyrirlesarar fyrir sér uppruna og hlutverki hugsunar og reyna að svara spurningunni: Hvað er hugsun?

Jörgen mun fjalla um hugsun á þrískiptan hátt. „Ég byrja á því að tala aðeins um hina svokölluðu sálarlausu sálfræði, hún er eiginlega grundvöllur að nútíma sálfræði, þegar menn lögðu það til hliðar að hugsa um sálina og einbeittu sér meira að mælanlegum eiginleikum sálarlífsins," segir hann.

Jörgen fjallar einnig um vitund og rannsóknir á hugsunum og rökvillur í hugsun. „Það er svo margt sem getur haft áhrif á hugsun. Fólk heldur kannski að það sé að komast að skynsamri niðurstöðu en svo eru ýmsir utanaðkomandi þættir sem hafa áhrif," útskýrir hann.



Jörgen L. Pind, prófessor emeritus.

Þegar Jörgen er beðinn um að taka dæmi um þætti sem geta haft áhrif á hugsun segir hann frá rannsókn sem framkvæmd var af fræðimönnunum Tversky og Kahneman. „Þeir gerðu fræga tilraun á þessu," segir hann.

„Þeir spurðu háskólanema hversu hátt hlutfall Afríkuríkja þeir teldu að væru í Sameinuðu þjóðunum en áður en fólk átti að svara rúlluðu þeir lukkuhjóli. Hjólið lenti annað hvort á tölunni 65 eða lægri tölu sem var minnir mig tuttugu og eitthvað," segir Jörgen.

„Í ljós kom að ef hærri talan kom upp þá giskaði fólk á miklu hærra hlutfall Afríkuríkja í Sameinuðu þjóðunum. Þetta kölluðu þeir akkerissig af því að fólk festi sig á einhverjar tölur en talan kemur þessu ekkert við og hefur ekkert með fjölda ríkjanna að gera en samt hefur þetta áhrif," útskýrir hann. „Aðalpunkturinn hjá þeim var að fólk geri sér ekki grein fyrir að þetta hafi áhrif en það gerir það."

Spurður að því hvort hægt sé að svara spurningunni: Hvað er hugsun? segir hann það hægt. „Það eru til svo mismunandi afbrigði af hugsunum. Til dæmis rökhugsun, það er þegar við komumst að niðurstöðu út frá einhverjum forsendum og þrautalausn sem er það þegar við fáum einhverja gátu að glíma við," segir Jörgen.

„En það kemur líklega skýrt svar við þessu þegar við svörum spurningunni í sameiningu á fundinum," segir Jörgen. Fundurinn fer fram í húsnæði Íslenskrar erfðagreiningar klukkan 13.00 í dag og er öllum opinn. ■

UM HELGINA



Maybe I do
Í gær hófust sýningar á kvikmyndinni Maybe I do. Myndin er á sama tíma vandræðaleg og fyndin en hún fjallar um Michelle og Allen sem standa á tímamótum í sambandi sínu þegar þau ákveða að það sé tímabært að foreldrar þeirra hittist loksins. Í ljós kemur hins vegar að foreldrar þeirra þekkja hvort annað afar vel vel.

Chicago
Söngleikurinn Chicago var frumsýndur hjá Leikfélagi Akureyrar í gær. Sagan gerist í Chicagoborg og fjallar um glæpakvendin Velmu Kelly og Roxy Hart sem keppast um athygli fjölmiðla í von um frægð og frama. Chicago er sýndur í Samkomuhúsinu og nú þegar eru í sölu sýningar fram í mars. Jóhanna Guðrún Jónsdóttir og Þórdís Björk Þorfinnsdóttir fara með aðalhlutverk.

Ex
Sálfræðidramaverkið Ex er frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í kvöld. Um er að ræða annað verkið í þríleik Mariusar von Mayenburg en verkin í þríleiknum eru öll sjálfstæð. Hjónin Gísli Örn Garðarsson og Nína Dögg Filippusdóttir fara með hlutverk í sýningunni ásamt Kristínu Þóru Haraldsdóttur.

26. janúar - 5. febrúar

Velkomin á Heilsu- & lífsstílsdaga

Kynntu þér öll frábæru tilboðin í Heilsublaðinu

Fylgstu með og nálgastu upplýsingar á netto.is og Facebook-síðu Nettó varðandi leiki og ofurtilboð dagsins á Heilsudögum.

Skannaðu QR-kóðann og náðu í blaðið

ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR OG APPTILBOÐ Á HVERJUM DEGI

HEILSUDAGATAL NETTÓ

Tilboðsbombur í appinu á Heilsudögum Nettó

Afsláttur í formi inneignar í appinu.
Sæktu appið og safnaðu inneign.

Laugardagur 28. janúar

Apptilboð dagsins

50% APPSLÁTTUR

Bláber (125 g)

Sonett Allar teg.

40% APPSLÁTTUR

Sunnudagur 29. janúar

Apptilboð dagsins

50% APPSLÁTTUR

Epli, græn (kg)

Barabells Allar teg.

50% APPSLÁTTUR

Mánudagur 30. janúar

Apptilboð dagsins

50% APPSLÁTTUR

Engiferrót (kg)

Guli miðinn Allar teg.

30% APPSLÁTTUR

nettó

Nýttu þér netverslun okkar og gerðu innkaupin á netinu

Öll tilboð á Heilsudögum má finna á **netto.is**

Við eigum öll skilið þúsund tækifæri

Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Tinna Aðalbjörnsdóttir missti allt í hendur stjórnlausrar fíknar en segir stóru eftirsjána liggja í því að hafa ekki sagt fyrr frá kynferðisofbeldi sem hún varð fyrir á barnsaldri. Ef hún hefði sagt frá leyndarmálunum hefði ævi hennar mögulega orðið öðruvísi. Tinna segist eiga starfsfólki Hlaðgerðarkots lífs sitt að launa.

Tinna ólst upp í Hnífsdal á því sem hún lýsir sem ástríku heimili. „Ég á yndislega og ástríka foreldra og það var gott að alast upp í Hnífsdal, þar sem samstaðan var mikil."

Þegar Tinna var 13 ára var heimi hennar þó snúið á hvolf þegar foreldrar hennar fóru í gegnum sáran og erfiðan skilnað. „Skilnaðurinn var mömmu og okkur öllum erfiður en pabbi fór að búa með móður bestu vinkvenna minna," segir Tinna og bendir á að erfitt geti reynst að takast á við slíkt í svo litlu samfélagi. Í framhaldi tók systir Tinnu, þá aðeins tvítug, hana í fóstur og hún flutti til Reykjavíkur þar sem hún gekk einn vetur í Laugalækjarskóla.

„Þetta var áfall fyrir alla fjölskylduna svo mamma ákvað að leyfa mér að fara til systur minnar en eftir veturinn fór ég aftur vestur til mömmu og lauk grunnskóla þar."

Tinna segir systur sína hafa haldið uppi miklum aga á 14 ára unglingnum þrátt fyrir eigin unga aldur. „Hún vildi passa upp á litlu systur sína."

Að grunnskóla loknum var Tinna ákveðin í að flytja suður. „Ég fékk snemma mikinn áhuga á tísku og sá það í hillingum að vera í bænum þar sem ég kæmist í fatabúðir og svo framvegis. Ég flutti því í bæinn og fór í Iðnskólann í Reykjavík og vann með skólanum."

Lamaðist fyrir neðan mitti

Tinna segist nú oft hugsa til tækifæris sem hún fékk þegar hún var 18 ára. Tækifæris til að segja heilbrigðisstarfsfólki frá leyndarmálum sem hún hafði burðast með og áttu eftir að hafa áhrif á allt hennar líf.

Tinna upplifði þá óhugnanlegu tilfinningu að missa allan mátt í fótum, oftar en einu sinni.

„Ég var í rannsóknum í lengri tíma enda lamaðist ég alltaf öðru hvoru í öðrum fætinum eða báðum og stundum leiddi þetta líka fram í handleggi. Eftir langvarandi rannsóknir á Landspítala og Grensásdeild var tekinn úr mér mænuvökvi til rannsóknar. Í ljós komu bólgnir taugaendar sem þrýstu á mænuna."

Það er fundur með teymi lækna sem móðir Tinnu sat einnig, sem er henni sérlega minnisstæður.

„Læknarnir spurðu okkur hvort ég hefði lent í einhvers konar áfalli," segir Tinna og útskýrir að læknarnir hafi tengt einkenni veikindanna við mögulegt áfall. „Taugaáfall getur leitt til alls konar líkamlegs ástands. Svar mitt var nei en mamma sagði þeim frá skilnaðinum. Ég þorði ekkert að segja frá hinum áföllunum. Ég hef oft hugsað út í það að ef ég hefði sagt frá leyndarmálunum mínum þarna hefði ævi mín mögulega orðið öðruvísi."

Varð fyrir ofbeldi á barnsaldri

Tinna segist ekki hafa viljað horfast í augu við það sem henti hana bæði á barns- og unglingsaldri.

„Þegar ég er lítil stelpa varð ég í nokkur skipti fyrir misnotkun af hendi góðs vinar fjölskyldunnar. Svo þegar ég er unglingur er mér nauðgað. Bæði þegar ég var 13 ára og 16 ára."

Undanfarin ár hefur Tinna aftur á móti verið í ýmiss konar sjálfs- og áfallavinnu og segir þá sérfræðinga sem hún hafi leitað til vera á sama máli, að framhaldið hefði verið annað ef hún hefði fengið aðstoð við að vinna úr áföllunum fyrr.

„Þeir sem ég hef leitað til segja allir að ég hafi þróað alkóhólisma út frá áfallasögu. Sjálf er ég sannfærð um það því ég átti svo marga spretti í lífinu þar sem ég var ekki svona alkóhólísk."

> **Þegar ég er lítil stelpa varð ég í nokkur skipti fyrir misnotkun af hendi góðs vinar fjölskyldunnar. Svo þegar ég er unglingur er mér nauðgað.**

Varð móðir aðeins nítján ára

Tinna kynntist barnsföður sínum 17 ára og varð fljótt barnshafandi, eða aðeins 18 ára gömul. Líkamlegu einkennin minnkuðu mikið á meðgöngu og fjöruðu svo endanlega út.

„Ég var svo hamingjusöm og það varð mér svo dýrmætt að verða móðir," segir Tinna sem telur bætta andlega líðan þannig hafa orðið henni til lækningar.

„Ég var heilsteypt í móðurhlutverkinu. Ég er sjálf alin upp á fallegu og ástríku heimili þar sem allt var í röð og reglu og vildi það sama fyrir son minn," segir Tinna sem upplifði móðurhlutverkið aldrei sem byrði þrátt fyrir að vera aðeins 19 ára gömul.

„Við höfum alltaf verið samrýnd, ég og strákurinn minn, og við eigum náið og gott samband," segir Tinna um einkasoninn sem nú er 22 ára.

Tinna segir að á þessum árum hafi fólk í kringum hana mikið notað kókaín þegar það skemmti sér. „Ég var lengi sú eina sem notaði ekki og var oft út undan vegna þessa. Þetta þótti bara eðlilegt og þykir enn þá, en það er það ekki."

Tinna hafði eins og fyrr segir alltaf haft mikinn áhuga á tísku og eftir að hafa sett upp sína fyrstu tískusýningu bauðst henni að stílisera keppnina Ungfrú Ísland.is. Hlutirnir gerðust hratt og Tinna fór að vinna fyrir módelskrifstofuna Eskimo. „Ég varð framkvæmdastjóri Ford-keppninnar ásamt því að sjá um sjónvarpsþætti um undirbúning og keppnina. Ég vann mikið að búningum auglýsinga ásamt því að finna módel og leikara í verkefni fyrir Eskimo," segir Tinna sem þarna um 2003 var komin á kaf í tískugeirann sem hana hafði alltaf dreymt um.

Upplifði frelsi í fyrsta skipti

Það var svo eitt kvöldið þar sem hún var úti á lífinu að hún prófaði í fyrsta sinn kókaín.

„Ég veit ekki af hverju ég vildi það, ég hef líklega bara verið forvitin og þetta var orðið svo eðlilegt."

Tinna, sem alltaf hafði þjáðst af miklu óöryggi og kvíða, upplifði frelsi undir áhrifum kókaíns.

„Það er skrítið að segja frá því en þannig lýsa alkóhólistar því að prófa í fyrsta skipti – það gerist eitthvað innra með þeim. Það er frelsið frá þessu víti sem maður er fastur í, í eigin líkama. Maður nær að deyfa sársaukann, manni líður vel og maður opnast," lýsir Tinna en bætir við að vítið endurskapist svo með fíkninni, þessari eilífu leit aftur að vellíðaninni, frelsinu.

Myrk leyndarmál sköpuðu óöryggi og sjálfsásakanir í huga Tinnu og fann hún frelsi þegar hún prófaði kókaín. Vítið sem hún var föst í varð þó verra með neyslunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Ég var alltaf rosalega feimin og þorði ekki að vera ég sjálf. Ég var alltaf grátandi ef við vorum að fara eitthvað, til dæmis í matarboð. Mér fannst ég ömurleg. Líf mitt hafði bara alltaf verið þannig.“

Ógeðslegur vítahringur

Lengi vel notaði Tinna aðeins kókaín á skemmtanalífinu. „Svo kom að því að ég fór að fara meira út á djammið, kynntist mörgu fólki, fór að vera lengur úti og missa tökin. Þetta varð ógeðslegur vítahringur. Ég náði lengi að vera móðir og þó ég væri andlega fjarverandi passaði ég að það væri matur á borðum og svo framvegis en svo fór ég að missa það líka.“

Í kjölfar efnahagshrunsins missti Tinna heimili sitt og á svipuðum tíma skildu hún og barnsfaðirinn. Það var þá, árið 2013, sem stjórnin á neyslunni var úr hennar höndum og í kjölfarið, lífinu öllu.

Tinna fór í nýtt samband sem hún lýsir sem skelfilegu. „Það var mikið andlegt og kynferðislegt ofbeldi og ég endaði á spítala með mikla áverka. Þetta var hræðilegt, ég var að koma að honum með alls konar konum í rúminu og ég dró eina út á hárinu. Þetta var algjörlega sjúkt samband og mikil neysla.“

> Í dag eigum við aftur yndislegt samband og hann er farinn að trúa því að mamma detti ekki í það aftur. Hann er hættur að vera hræddur.

Ég hataði karlmenn

Sambandið varði í rúmt ár og segist Tinna að því loknu hafa verið búin að missa lífsviljann.

„Ég var alltaf að leita í fólk sem var verra statt en ég. Ég endaði í hópi glæpamanna og mjög veikra fíkla,“ segir hún en reiðin var orðin ráðandi afl í lífi hennar. „Ég hataði karlmenn og langaði að hefna mín,“ segir Tinna sem var komin inn í hringiðu óreglu og fíkniefna.

Barnsfaðir Tinnu gat ekki horft upp á ástandið og tók son þeirra til sín í byrjun árs 2018.

„Þá var ástandið búið að vera mjög slæmt í eitt ár,“ segir Tinna og ekki var útlitið bjart þegar hún hafði misst einkasoninn frá sér og eins íbúðina sem hún hafði leigt.

Þráin til að verða edrú var sterk og tilraunirnar margar en entust þó ekki nema nokkrar vikur í senn. Það var svo árið 2014 sem hún fór í sína fyrstu meðferð á Vogi en tveimur mánuðum síðar var hún fallin.

„Ég var ekkert að tengja við AA, var greinilega ekki tilbúin að hætta. Ég gat ekki séð fyrir mér að mega aldrei aftur fá mér rauðvín, þó ég myndi hætta að taka kókaín. En auðvitað get ég bara aldrei aftur fengið mér í glas,“ segir hún.

Allslaus á götunni

Eftir að hafa farið vestur til móður sinnar yfir sumarið kom Tinna aftur í bæinn í ágúst og eins og hún orðar það sjálf: „Þá byrjaði ballið!“

„Ég var bara í partíum og á götunni frá ágúst og fram í nóvember. Ég átti hvergi heima og gisti bara einhvers staðar. Ég hataði sjálfa mig og langaði bara að deyja. Þegar rann af mér leið mér svo illa og ég komst ekki undan sænginni,“ segir Tinna sem var ákveðin í að svipta sig lífi.

„Það voru allir alltaf að reyna að hjálpa mér en ég gat ekki þegið hjálpina. Ég var búin að missa son minn og allt sem ég átti. Áður en ég fór vestur til mömmu var brotist inn til mín og allt sem ég átti tekið. Ég sem hafði átt svo fallegt líf, fallegt innbú og fatnað, átti nú ekkert.“

1. nóvember 2018 markaði nýtt upphaf fyrir Tinnu. Þá fór hún í meðferð á Hlaðgerðarkoti þar sem glíman við gömul áföll hófst loks.

Það grétu allir viðstaddir

Fyrsti nóvember árið 2018 er í huga Tinnu upphafið að nýju lífi. Daguinn sem hún gekk inn á Hlaðgerðarkot í þriggja mánaða meðferð.

„Ég reyndi að taka mitt eigið líf og það heppnaðist ekki. Ég fann þá svo sterkt að ég vildi ekki fara frá syni mínum og fannst ég eiga meira skilið.“

Nokkrum dögum síðar var Tinna hjá tengdamóður sinni þangað sem barnsfaðir hennar og þrjár vinkonur komu til að hvetja hana í meðferð.

„Ég varð brjáluð og réðst á barnsföður minn. Það grétu allir viðstaddir enda horfðu þau á mig alveg tryllta.“

Eitthvað hafði þó gerst innra með Tinnu sem vildi komast í meðferð og pantaði sér viðtalstíma hjá SÁÁ, þangað sem hún svo mætti drukkin. Það var svo ekki fyrr en eiginkona föður hennar, sem sjálf hefur unnið með konum með fíknivanda, sótti Tinnu niður í bæ í tryllingsástandi, að hreyfing komst á hlutina.

„Ég var bara farin að berja fólk – ég var alltaf í því að meiða aðra. Hún kom að sækja mig niður í bæ en ég neitaði að fara, en þegar mér var hent út úr partíi daginn eftir sótti hún mig aftur og þá var ég tilbúin. Hún fór með mig í bústað og það var pantað fyrir mig á Hlaðgerðarkot þangað sem ég átti að hringja á hverjum degi þar til ég fengi pláss.“

Brotnaði saman í lögreglubíl

Tinna ákvað að halda sér edrú þangað til að því kæmi en viku síðar var hún svo komin í lögreglubíl, handtekin fyrir að leggja hendur á neyslufélaga sinn.

„Þarna, í fyrsta sinn á þessu tveggja ára djammi, fæ ég taugaáfall. Ég bara græt í lögreglubílnum og segi: Ég verð að komast í meðferð!“

Tinna segir lögregluþjónana hafa sýnt sér mikinn stuðning, enda annar þekkt hana eftir að hafa leikið með henni í kvikmyndum.

„Þarna fékk ég bara nóg. Þetta var á mánudegi og ég fór inn á Hlaðgerðarkot á fimmtudegi.“

Þangað inn gekk Tinna algjörlega brotin og sá fyrir sér að þriggja mánaða meðferð væri heil eilífð. En þrátt fyrir að vera í molum hið innra klæddi Tinna sig upp.

„Ég var í háum hælum og hvítum síðum pels,“ segir hún og hlær. „Ég átti enga sjálfsvirðingu, hún hékk í þessum hvíta pels.“

Reiði það eina sem stóð eftir

Tinna lýsir því hvernig neyslan hafi skapað mikinn tilfinningadoða.

„Ég átti ekki sorg, ekki gleði og ekkert frumkvæði. Eina tilfinningin sem ég átti í neyslunni var reiði, ég gat ekki einu sinni grátið fyrr en í lögreglubílnum. Það var allt farið. Það var ekkert sem bjó innra með mér nema reiði.

Ég var í miklu niðurrifi, hataði sjálfa mig meira en allt í heiminum. Þarna var ég komin með nokkuð skýran haus því ég var búin að vera edrú í nokkra daga og trúði því ekki upp á sjálfa mig hvert ég var komin. Ég var hætt að horfa í spegil því ég gat ekki horfst í augu við sjálfa mig.“

Þau björguðu lífi mínu

Tinna segist hafa tekið fyrsta sporið, að viðurkenna vanmátt sinn, eftir nokkra daga og tekið því alvarlega.

„Þarna áttaði ég mig á því að ég var bara algjörlega búin að missa stjórn á eigin lífi, það var ekki ég sjálf sem réði. Frá þessum degi hugsaði ég: Ég ætla að verða edrú – ég ætla að fá aftur Tinnuna mína. Ég gerði þetta af heilum hug, frá hjartanu, mig langaði að breytast og fá að vera ég, en ekki ég kvíðin, ekki ég reið, sár og áfallaröskuð.“

Tímann á Hlaðgerðarkoti nýtti Tinna til fulls og hóf vinnuna sem hún vildi óska að hún hefði hafið þegar læknarnir spurðu 18 ára hana hvort hún hefði orðið fyrir áfalli.

„Ég sagði frá leyndarmálunum mínum í meðferðinni og í framhaldi fjölskyldunni. Það var rosalega erfitt enda kenndi ég sjálfri mér um misnotkunina.“

Tinna sem sótti viðtöl í Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, og síðar Stígamót, segir það hafa verið gott að eiga öruggt skjól í Hlaðgerðarkoti á milli erfiðra funda þar.

„Ég veit ekki hvort ég hefði höndlað það að fara heim til mín, nýorðin edrú, að vinna vinnuna fyrir næsta fund.“

Það er augljóst á máli Tinnu að henni er hlýtt til starfsfólks Hlaðgerðarkots.

„Ég elska þau öll sem unnu þarna,“ segir Tinna og nefnir sérstaklega Guðrúnu Einarsdóttur fyrrverandi forstöðukonu. „Ég elska hana svo mikið og við erum alltaf í sambandi, hún bjargaði lífi mínu – og þau öll.“

Eigum öll skilið þúsund tækifæri

Eftir þrjá mánuði í Hlaðgerðarkoti flutti Tinna á áfangaheimilið Dyngjuna og síðar á Brú. Uppbyggingarstarfið er hvorki skammvinnt né einfalt en Tinna er ákveðin í að leggja þá vinnu á sig og skráði sig í framhaldi í Grettistak, náms- og starfsendurhæfingu á vegum Reykjavíkurborgar, auk þess að hafa sótt aðstoð í VIRK.

„Ég sæki líka fundi hjá fíknifræðingi og sálfræðingi,“ segir Tinna sem einnig er virk í starfi AA og segir það gefa sér mikið.

„Ég elska að fara til sálfræðings, ég er alltaf betri eftir hvern tíma. En það er líka erfitt, ef maður er með fíknisjúkdóm þarf maður að vera orðinn mjög sterkur til að fara í gegnum erfiðar minningar.“

Tinna starfar nú að sjónvarpsþáttunum True Detective sem teknir eru upp hér á landi. „Þar held ég utan um aukaleikarana. Þetta er mikil ábyrgð og mikið nýtt að læra í svo stóru verkefni. Ég lít orðið á allt lífið sem verkefni sem ég þarf að standa mig í og klára það vel.“

Hún segir sambandið við soninn hafa styrkst á ný.

„Í dag eigum við aftur yndislegt samband og hann er farinn að trúa því að mamma detti ekki í það aftur. Hann er hættur að vera hræddur.“

Lífið brosir við Tinnu rétt rúmum fjórum árum eftir að hún bjó á götunni, úrkula vonar um betra líf. Hún fékk frábæra aðstoð fagmanna en vinnuna vann hún sjálf.

„Ég nýtti mér annan séns. En ég þurfti að sækja hann. Maður má ekki gefast upp á sjálfum sér, við verðum alltaf að halda áfram. Við eigum öll skilið þúsund tækifæri.“ ■

Heili karla minnkar við föðurhlutverkið

Ýmislegt er þekkt og vitað um áhrif meðgöngu og barneigna á mæður. Áhrifin á feður eru óbeinni og minna rannsökuð en nýverið kom út vísindagrein í tímaritinu Cerebral Cortex, þar sem sýnt er fram á að heili karla geti minnkað með fyrsta barni, en um leið gert þá að betri uppalendum.

bjork@frettabladid.is

Rannsóknin var unnin í samstarfi tveggja rannsóknarstofa, annarrar á Spáni og hinnar í Bandaríkjunum, nánar tiltekið við Suður-Kalifornníuháskóla. Á hvorum stað voru 20 tilvonandi feður fengnir til að taka þátt og var umfang heila þeirra mælt með segulómunum, bæði fyrir og eftir fæðingu frumburðar þeirra. Til samanburðar voru heilar 17 barnlausra karla einnig mældir. ■

Heilinn þarf að aðlagast

Skoðað var hvort umskiptin hefðu áhrif á rúmmál og formgerð heilabarkar og svæða dýpra inni í heila og reyndist heilabörkur minnka. Það er þó engin ástæða til að örvænta enda er mæld minnkun innan við eitt prósent og alls ekki skaðleg. Þessi minnkun á heilaberki gerist við ýmsar kringumstæður og má segja að eftir fæðingu frumburðarins taki við tímabil örra breytinga á heila. Ungbörn þurfa á stöðugri umönnun að halda svo það er ekki að undra að heilinn þurfi að aðlagast breyttum aðstæðum.



Meiri skilvirkni

Áhrifin á feðurna eru lítil að magni og formgerð en gætu haft töluvert að segja um atferli og hugsun hins nýbakaða föður. Breytingin er sérstaklega sýnileg á svæðum sem stjórna athygli og samúð og gæti þannig haft áhrif á hæfni feðra til að þekkja og sjá fyrir þarfir barnsins. Minnkun á heilaberki þýðir í raun að heilinn verður þéttari og straumlínulagaðri á þessum svæðum, sem skilar sér í meiri skilvirkni.

> Ungbörn þurfa á stöðugri umönnun að halda svo það er ekki að undra að heilinn þurfi að aðlagast breyttum aðstæðum.

Aukin samkennd

Þetta tímabil mætti horfa á sem tímabil örra breytinga þar sem frumum eru fengin ný hlutverk og kenndum, eins og samkennd, fengið meira rými en áður. Nýbakaðir feður læra, ef þessi túlkun er rétt, að þekkja barn sitt og þarfir þess, auk þess að sýna mál- og bjargarlausum einstaklingnum samkennd. Þessar breytingar mældust ekki í barnlausa hópnum sem mældur var til samanburðar.

Breytilegar milli þátttakenda

Í tilfelli feðranna eru breytingarnar ekki aðeins minni heldur eru þær jafnframt breytilegri á milli þátttakenda. Samkvæmt höfundi greinarinnar í Cerebral Cortex, stafar það líklega af mismiklu framlagi feðra til foreldrahlutverksins, mismunandi menningarlegu samhengi eða reglum um foreldraorlof. En þar sem rannsóknin er of lítil til að komast að afgerandi niðurstöðu eru þetta enn allt tilgátur.

> Víðtækari vitneskja í þessum efnum gæti orðið frábært verkfæri í til að mynda ákvörðunum um lengd og skiptingu foreldraorlofs.

Hormónar og reynsla

Fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á víðtækar breytingar á heilum mæðra. Þær taugafræðilegu breytingar eru taldar stafa af hormónum og styrkja tilfinningatengsl milli móður og barns. En samkvæmt þessari nýju rannsókn virðast alla vega sumar breytinganna einfaldlega verða vegna nýtilkominnar reynslu af foreldrahlutverkinu. En tekið skal fram að hvort tveggja getur að sjálfsögðu verið rétt.

Áframhaldandi rannsóknir

Rannsakendurnir hyggjast skoða enn betur áhrif menningarlegra þátta á það hvernig heilinn bregst við foreldrahlutverkinu. Víðtækari vitneskja í þessum efnum gæti orðið frábært verkfæri í til að mynda ákvörðunum um lengd og skiptingu foreldraorlofs. Þessar niðurstöður benda alla vega til þess að feður ættu að vera virkir þátttakendur í lífi hvítvoðunga frá fyrsta degi.

Gögnin eru nokkuð skýr, heili karla breytist við barneignir. Nú þarf bara að skilja hvernig – og af hverju.

RIF
RESTAURANT

HM TILBOÐ

KJÚKLINGA VÆNGIR
eða beinlausir kjúklingabitar

+

BJÓR
á krana, vínglas eða gos

= 2.490 KR

Alla daga frá kl 14:00

Gildir út 29.janúar 2023

Stafrænn heimur lokar jaðarhópa úti

Tveggja ára greindist Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir með hrörnunarsjúkdóm. Hún hefur barist ötullega fyrir réttindum fatlaðs fólks og er á leið í doktorsnám. Hyggst hún rannsaka útilokun jaðarhópa með rafrænum skilríkjum.

Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir er ein sú fyrsta sem fékk NPA-þjónustu hér á landi. Hún hefur alla tíð viljað nýta þau forréttindi sem í því felast til að ljá einstaklingum í jaðarhópum rödd til að öðlast sama frelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Oddur Ævar Gunnarsson
odduraevar
@frettabladid.is

Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir hefur undanfarin ár barist ötullega fyrir því að réttindi fatlaðs fólks á Íslandi og annarra í jaðarhópum séu virt, ýmist á eigin vegum, sem verkefnastjóri hjá Þroskahjálp eða sem varaþingmaður fyrir Samfylkinguna.

Í janúar hóf Inga Björk doktorsnám við Háskóla Íslands í deild menntunar-og margbreytileika við Menntavísindasvið og hyggst rannsaka þar viðfangsefni sem haft hefur mikil áhrif á líf einstaklinga í jaðarhópum; innleiðing svokallaðra rafrænna skilríkja en aðgengi einstaklinga í jaðarhópum að þeim er mjög takmarkað.

„Ég ætla að rannsaka stafræna framþróun hjá íslenska ríkinu og sveitarfélögum og skoða áhrif hennar á jaðarhópa með áherslu á fólk með þroskahömlun, en hún hefur auðvitað áhrif á aðra hópa, svo sem einstaklinga sem glíma við heimilisleysi, flóttafólk og eldra fólk," segir Inga Björk.

„Ástæðan fyrir því að fólk með þroskahömlun sérstaklega fær ekki rafræn skilríki er sú að gerð er krafa um það að þú sért að auðkenna sjálfan þig. Þú mátt ekki auðkenna neinn annan en þig, þannig að þú ert að segja tölvunni að þú sért þú."

Það er því brot gegn reglugerðum um rafræn skilríki að einhver annar auðkenni einstaklinginn. Reglugerðirnar eru af alþjóðlegum uppruna og gera ekki ráð fyrir því að fólk þurfi aðstoð. „Á sama tíma erum við auðvitað með samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þar sem segir að fatlað fólk eigi rétt á aðstoð og ekki eigi að nota tæknina til að jaðarsetja fólk meira, heldur að nýta hana til að auka sjálfstæði," segir Inga Björk.

Tilgangur rafrænna skilríkja sé að tryggja öryggi þeirra sem þau nota og það takist á við mannréttindavinkilinn. „En það hefur reynst mjög flókið að finna einhverja leið sem bæði viðheldur réttindum fólks og tryggir öryggi þess."

Lagt til að fólk sé svipt sjálfræði

Áhugavert sé að fylgjast með íslenska ríkinu halda áfram þessari þróun í stað þess að velta því upp hvernig leysa megi þessa flækju. „Og við höfum því miður fengið upplýsingar um það að sýslumannsembættin hafi lagt það til við aðstandendur að fólk sé svipt sjálfræði, því aðstandendur eru að lenda í svo miklum vandræðum með að sinna daglegum hlutum eins og bankamálum og heilbrigðismálum út af stafrænni framþróun. Þannig að lausnin er í raun orðin að svipta fólk réttindum sínum út af því að kerfið bjó til tæknihindranir."

Inga segist ekki vita til þess að það hafi verið gert en alvarlegt sé að opinberir starfsmenn líti á það sem lausn í stað þess að breyta kerfinu.

Stuttu fyrir áramót var persónulegum talsmönnum fatlaðra gert kleift að skrá sig inn á sínum eigin rafrænu skilríkjum til að komast inn á aðgang fatlaðra skjólstæðinga sinna.

„Þetta hljómar eins og frábær lausn og er það að mörgu leyti, en þetta býr þá til hættu á að við tökum sjálfstæðið af fólki að óþörfu. Þannig fá einstaklingar, sem gætu fylgst með sínum málum og tekið þátt í að stýra sínum persónulegum aðstoðarmönnum, ekki lengur tækifæri til þess eða eru í hættu á því vegna þess að yfirráðin eru komin í annarra hendur."

Þannig séu einstaklingar með hreyfihömlun sem ekki geti stimplað inn kóðann sinn í sömu aðstæðum. „Þeir eru í rauninni settir í þá stöðu að þurfa annað hvort að segja einhverjum lykilorðið sitt og láta einhvern annan skrá sig inn sem er þá í rauninni samt brot á reglugerðinni, eða þá að fela einhverjum öðrum algjör yfirráð," segir Inga Björk.

„Einstaklingurinn er þá með líkamlega fötlun en getu til þess að gera allt sjálfur og á kannski mikla fjármuni inni á bankabók. Þá er hann ekki tilbúinn til að láta einhvern annan sjá um peningamálin sín bara út af því að þú þarft að geta stimplað inn kóða með þínum eigin fingrum."

Inga segir þetta snúast um að halda í sjálfstæði. „Og auðvitað er það alltaf kjarninn í mannréttindabaráttu og samningi Sameinuðu þjóðanna að leyfa fólki að halda í þetta sjálfstæði, að vera ekki að taka yfirráð af fólki, því auðvitað býður það líka upp á misnotkun að færa alla ábyrgðina í hendur einhvers annars."

Framtíðarstef

Áhrif rafrænna skilríkja á jaðarhópa hafa aldrei verið rannsökuð hér á landi fyrr en nú.

„Því meira sem ég skoða þetta, því meira sé ég að þetta er stef sem við munum sjá sífellt meira af á næstu árum, ekki bara varðandi fatlað fólk, heldur alla jaðarhópa," segir Inga Björk og nefnir máltækni, gervigreind, heilbrigðistækni og líftækni í því samhengi.

Alls konar siðferðisspurningar muni vakna með nýrri tækni. „Og það verður hætta á því að þeir sem eru svona meðaljónar muni græða mjög mikið á þessari innleiðingu, en jaðarhópar muni sitja eftir og verða fyrir slæmum afleiðingum."

Inga Björk nefnir sem dæmi fósturskimanir þar sem skimað er eftir því hvort fóstur séu lífvænleg eða ekki. „Þar eru fötluð fóstur auðvitað undir og þetta er þróun sem mun halda áfram," segir hún og nefnir hinsegin genið sem dæmi.

„Ef það finnst einhvern tímann, hvaða ákvarðanir munu foreldrar taka í löndum þar sem samkynhneigð er bönnuð að hluta eða öllu leyti? Það er mikilvægt að við veltum fyrir okkur þróun tækninnar, því við sjáum alveg að stjórnkerfið heldur ekki í við tækniþróunina. Okkur hefur ekki tekist að setja reglur eða taka umræðuna um siðferðislega erfið mál um tækni á þeim hraða sem hún þróast."

Inga nefnir nærtækara dæmi um nýlegar breytingar á skilum á dósum í Endurvinnslunni. „Við erum auðvitað að sjá þessa þróun alls staðar, eins og núna síðast með breytingum á dósaskilagjaldinu, núna þarftu app til þess að fá greiðslu þegar þú ferð með dósir til Endurvinnslunnar. Maður hugsar strax til þess hóps sem er niðri í bæ um helgar að safna dósum, þetta er oft mjög fátækur hópur sem safnar dósum til að eiga í sig og á. Þessir einstaklingar eiga ekki flottustu snjallsímana eða eiga ekki alltaf tæknina til þess að geta tekið þátt í svona framþróun og þarna erum við að jaðarsetja fólk enn meira."

> **Þannig er lausnin í raun orðin að svipta fólk réttindum sínum út af því að kerfið bjó til tæknihindranir.**
>
> Inga Björk

> **Þetta algjörlega brýtur í manni hjartað, vitandi að það er til lyf á Íslandi sem er gefið á Landspítalanum en ég fæ það ekki.**
>
> Inga Björk

Inga segir marga telja að þetta vandamál muni á endanum þurrkast út, því næstu kynslóðir muni allar kunna á tæknina. „En auðvitað er það þannig að fólk missir færni vegna aldurs, það lendir í slysum, það veikist og svo er auðvitað alltaf einhver hópur sem vegna fötlunar sinnar eða stöðu að öðru leyti getur ekki tileinkað sér þessa færni," segir Inga Björk.

Inga var með pistla á Rás 1 um tæknimál og áhrifin á jaðarhópa nýverið. Hún segir fjölda eldra fólks hafa haft samband í kjölfarið og sagst tengja við upplifun Ingu. „Þó ég hafi auðvitað mest verið að tala um fatlað fólk í þessu samhengi, þá upplifði fólk bara að það væri að lokast úti og við erum í rauninni að búa til fyrsta og annars flokks þegna."

Vill nýta eigin forréttindi

„Ég er í forréttindastöðu og vil nýta þessi tækifæri sem ég hef fengið," segir Inga sem nefnir að hún hafi verið meðal þeirra fyrstu sem fengu NPA-þjónustu hér á landi. Notendastýrð persónuleg aðstoð, eða NPA, þýðir að Inga getur búið heima.

„NPA þýðir að ég get búið heima hjá mér, stofnað fjölskyldu, hef getað sótt mér vinnu, búið erlendis, tekið sæti á Alþingi og svo margt fleira því aðstoðin er á mínum forsendum en ekki forsendum kerfisins. Og ég hef einhvern veginn nýtt það við að hjálpa öðrum að fá sama frelsi og ég hef fengið."

Inga greindist tveggja ára gömul með hrörnunarsjúkdóminn SMA og hefur notað hjólastól frá því hún var barn og heldur sjúkdómurinn áfram að hafa áhrif á líkama Ingu.

„Það er til lyf við honum sem gefið er fullorðnu fólki úti um allan heim en á Norðurlöndunum og þar með á Íslandi hefur verið ákveðið að einungis einstaklingar undir 18 ára fái lyfið," segir Inga en um er að ræða lyfið Spinraza.

„Og þetta algjörlega brýtur í manni hjartað, vitandi að það er til lyf á Íslandi sem gefið er á Landspítalanum, en ég fæ það ekki og þetta varð kannski enn þá erfiðara eftir að ég eignaðist strákinn minn sem er rúmlega þriggja ára gamall, að einhvern veginn finna að maður er að missa mátt í líkamanum og eitthvað sem hefur ekki truflað mig áður en ég finn það núna að það er farið að trufla mig meira og meira að hann er að stækka.

Nú velti ég meira fyrir mér hve lengi ég mun hafa þann kraft sem ég hef núna og hvernig framtíðin muni líta út. Hvort ég muni þurfa öndunarvél í framtíðinni, hvenær það verður, hvenær ég verði óvinnufær, hvenær ég hætti að geta séð fyrir fjölskyldunni og þú veist, hvernig verður að fá aðstoð í framtíðinni, þegar ég hætti að geta gert hluti sjálf," segir Inga Björk. ■

NÝR

RENAULT MEGANE E-TECH

100% rafmagn

*Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hafa áhrif á drægni rafbíla.

ENNEMM / SÍA / NM014304

Eigum bíla til afgreiðslu strax!

Renault Megane E-Tech er spennandi 100% rafbíll með allt að 470 kílómetra drægni*. Hrein hönnun, hrein tækni og hrein tilfinning í rúmgóðum og snjallvæddum bíl sem er tilbúinn að flytja þig inn í framtíðina. Hafðu samband og við tökum einn frá fyrir þig.

5 ÁRA ÁBYRGÐ**

**Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.renault.is

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Velkomin um borð!

MG MARVEL R LUXURY

Eigum bíla á lager til afhendingar strax!

MG MARVEL R LUXURY, 70 kWh
100% rafdrifinn, afturhjóladrifinn, 7 ára ábyrgð*
Verð: 7.290.000 kr.

FLEX leiguverð: 178.790 kr. á mánuði.
Innifalið í leigu: bifreiðagjöld, tryggingar, þjónustuskoðanir, viðhald, dekk og dekkjaþjónusta.

mgmotor.is

Recharge yourself

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.mgmotor.eu/is-IS/

ENNEMM / SÍA / NM014439

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 28. janúar 2023

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

Austin Butler er tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir Elvis.

Saknar Lisu Marie

thordisg@frettabladid.is

Ástralski hjartaknúsarinn Austin Butler hlaut í vikunni tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir túlkun sína á konungi rokksins í kvikmyndinni Elvis. Tilnefningin kom tveimur dögum eftir að Austin var við minningarathöfn Lisu Marie Presley, einkadóttur Elvis, sem lést eftir hjartastopp 12. janúar. Andlát Lisu Marie bar að tveimur dögum eftir að hún var á Golden Globe-verðlaununum þar sem Butler hlaut Gullna hnöttinn fyrir hlutverk sitt sem Elvis.

Elvis hlýtur sjö tilnefningar til Óskarsverðlauna. Sagði Butler við þáttinn Good Morning America að þótt tilefnið væri gleðilegt væri hann enn harmi sleginn vegna Lisu. „Ég veit að hún væri hamingjusöm núna. Þótt við höfum ekki þekkst lengi urðum við fljótt mjög náin. Þess vegna veit ég að hún brosir til okkar af himnum ofan."

Sjálf sagði Lisa Marie um frammistöðu Butlers í hlutverki föður síns, Elvis: „Ef hann fær ekki Óskarinn fyrir hlutverkið mun ég éta fótinn á mér," og skellihló.

Í viðtali við Variety var Butler spurður hvernig honum liði við hinstu kveðju Lisu Marie í Graceland á sunnudaginn var. „Þetta er reiðarslag og djúp sorg sem ég næ ekki utan um. Ég vildi óska þess að hún væri hér til að fagna með okkur." ■

Berglind Guðmundsdóttir er mikill lífskúnstner og veit fátt skemmtilegra en að fara út fyrir þægindarammann og blómstra og fá aðrir konur til að gera slíkt hið sama. Svo elskar hún líka kjóla og á erfitt með að standast fallegan kjól. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vildi ekki fara heim frá Ítalíu

Berglind Guðmundsdóttir, ein þekktasta eldhúsgyðja okkar og eigandi heimasíðunnar grgs.is, ákvað að prufa nýja hluti í upphafi árs og koma sjálfri sér á óvart. Hún skráði sig meðal annars í nám í markþjálfun, á lyftinganámskeið og að kenna það sem hún er best í. 2

Þetta er bara byrjunin hjá Berglindi því hún ætlar líka í hlutverk fararstjórans og standa fyrir kvennaferð og kynna falda perlu sem á engan sinn líka fyrir ferðaþyrstum konum.

„Ég ákvað að vinda kvæði mínu í kross og prufa eitthvað nýtt á þessu herrans ári 2023 og fá smá hreyfingu á lífið. Ég skráði mig í nám í markþjálfun hjá Profectus og það hefur svo sannarlega farið langt fram úr mínum væntingum. Þar hef ég kynnst einstöku fólki og lært svo mikið nýtt bæði um sjálfa mig og samtalstækni. Helsti lærdómurinn er að tala minna og hlusta meira.

Ég klára námið í mars og hlakka mikið til að fá fólk í markþjálfun til mín í kjölfarið. Annað sem ég gerði á nýju ári var að skrá mig á lyftinganámskeið og er að elska það. Sterkari líkami en ekki síður sterkari kollur. Svo fékk ég það skemmtilega verkefni að kenna frábærum konum í FSU áfanga sem snýr að því koma sér og sinni vöru/þjónustu á framfæri og það með áherslu á samfélagsmiðla. Það er eitthvað sem ég hef virkilega gaman af. Það má því segja að janúar hafi byrjað frábærlega," segir Berglind og er farin að hlakka til að sjá hvað febrúar ber í skauti sér.

Kolféll fyrir Ischia

Hverju hefur þú helst ástríðu fyrir?

„Það er margt en ég fæ gott í hjartað við að sjá konur stíga út fyrir þægindarammann og leyfa sér að blómstra. Að sama skapi legg ég upp úr því að gera slíkt hið sama."

Segðu okkar aðeins frá ferðinni sem þú hyggst fara í vor með konur.

„Aðdragandinn að þessari ferð var sá að ég fór ein á flakk til Ischia síðasta sumar og kolféll þá fyrir þessari dásamlegu eyju. Fólkið, maturinn, náttúran og jú, svo að sjálfsögðu veðrið. Þetta er enn falin perla en þangað fara Ítalir í frí.

Ég framlengdi ferðina tvisvar sinnum áður en ég fékkst loks til að mæta í vinnuna sem beið mín heima á Íslandi. En mig langaði ekkert heim.

Á Ischia hitti ég Kolbrúnu Dögg Eggertsdóttur en hún hefur búið þar í 20 ár og á ferðaskrifstofu ásamt manninum sínum sem er fæddur og uppalinn á Ischia. Eftir nokkra Hugo Spritz fórum við Kolla að ræða hugmyndina að því að bjóða konum upp á allt það stórkostlega sem ég hafði upplifað í þessari ferð minni. Þannig byrjaði boltinn að rúlla og nú erum við komnar með í sölu tvær Kvennaferðir til Ischia 21. til 28. maí og 28. maí til 4. júní," segir Berglind.

Þess má geta að bækurnar og sjónvarspþættirnir Framúrskarandi vinkonur vöktu heldur betur áhuga á Ischia. Höfundurinn Elena Ferrante skrifar mikið um Ischia enda er eyjan sumarleyfisstaður Napólíbúa fyrr á árum sem og núna.

Upplifanir, matreiðslunámskeið og ekta ítalskur matur

„Við gistum á fjögurra stjörnu hóteli, förum í siglingu í kringum eyjuna á snekkju, snæðum hádegismat um borð og drekkum heimagert limoncello. Í siglingunni stoppum við á fallegum stöðum og þær sem vilja geta stokkið í sjóinn. Annað sem við gerum er að fara á matreiðslunámskeið á veitingastað sem er upp við eldfjallið Epomeo þar sem við lærum að elda ekta ítalskan mat og kynnumst vínmenningu heimamanna. Við heimsækjum Procida sem er litrík og heillandi eyja sem var kosin menningarborg Ítalíu árið 2022 ásamt því að slaka á við sundlaugarbakkann og fara í spa svo eitthvað sé nefnt."

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@frettabladid.is

Berglind kolféll fyrir Ischia sem hún segir að sé enn þá falin perla sem Ítalir heimsæki sjálfir þegar þeir fara í frí.

Napólíbúar fara til Ischia í sumarfrí.

Aðdragandinn að þessari ferð var sá að ég fór ein á flakk til Ischia síðasta sumar og kolféll þá fyrir þessari dásamlegu eyju. Fólkið, maturinn, náttúran og jú, svo að sjálfsögðu veðrið. Þetta er enn falin perla en þangað fara Ítalir í frí.

Berglind kynntist Kolbrúnu Dögg Eggertsdóttur á eyjunni en hún hefur búið þar í liðlega 20 ár og rekur ferðaskrifstofu þar með eiginmanni sínum.

Ischia er einstaklega falleg paradísareyja sem fangar augað og húsaþyrpingarnar eru litríkar með rómantísku ívafi. MYNDIR/AÐSENDAR

Þú hefur mikla ástríðu fyrir því að standa fyrir viðburðum sem og ferðum fyrir konur þar sem konur fá að njóta sín og vera þær sjálfar. Eru ferðir sem þessar mikilvægar fyrir konur?

„Já, ætli þetta tengist ekki að einhverju leyti ástríðu minni fyrir að sjá konur blómstra. Hluti af því er fólginn í því að gefa sér tíma fyrir sjálfa sig, leggja annað til hliðar og leyfa sér að upplifa ævintýri og endurnærast."

Hver er sérstaða þess að vera eingöngu með konur í svona ferðum og hvert er markmiðið?

„Það myndast svo falleg kvenorka í svona ferðum."

Þú er þekkt fyrir kjólajóladagatalið þitt og hefur vakið eftirtekt fyrir klæðaburð þinn, sérstaklega kjólana þína. Hvernig myndir þú lýsa þínum persónulega stíl?

„Ég elska kjóla og því meiri pallíettur, þeim mun betra. Ég þarf yfirleitt að pína mig til að kaupa eitthvað hlýtt eins og peysur en það tókst um daginn svo nú á ég tvær peysur og þá get ég haldið mig við ópraktísku pallíettu-kjólakaupin sem hæfa nú frekar rauða dreglinum en mínum lífsstíl sem er svona 90% heimakósí. En það er bara eitthvað svo dásamlegt við fallegan kjól."

Áttu þér eins konar „uppáhaldslista" yfir það sem þér finnst ómissandi að gera í lífinu og þú vilt geta krossað við?

„Minni hlutir, meiri upplifanir. Það er fátt sem gefur mér meira en að ferðast, hvort sem það er á Íslandi eða erlendis. Allt gaman og fullkomnun ef ég næ að tengja ferðalögin við matarupplifun."

Hvað finnst þér gefa lífinu gildi?

„Lífið er best þegar hugurinn er rólegur. Þá tek ég eftir litlu hlutunum í kringum mig og upplifi svo mikið þakklæti. Þetta er tilfinning sem ég finn sem sterkast fyrir eftir göngu í náttúrunni eða eftir fallegan jógatíma eða hugleiðslu. Svo er það hins vegar annað mál hvort ég gefi mér alltaf tíma fyrir þetta. Það er önnur saga, en þegar ég gef mér tíma, þá uppsker ég ríkulega." ■

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn:
Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652,
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654,
Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

Ævintýri á hálendi Íslands

Nýr kafli hefst í íslenskri ferðaþjónustu þann 1. júlí þegar ný og stórbætt aðstaða opnar í Kerlingarfjöllum. Fjölbreytt gisting, framúrskarandi veitingaþjónusta, baðupplifun og ótal möguleikar til afþreyingar og útivistar allt árið um kring.

Við leitum að sterkum leiðtoga og starfsfólki í Kerlingarfjöll

Rekstrar- og þjónustustjóri
Viðkomandi er ábyrgðaraðili rekstursins í Kerlingarfjöllum. Rekstrar- og þjónustustjóri fer fyrir starfsfólki staðarins, ber ábyrgð á þjónustu og upplifun gesta og verður hluti af lykilteymi Kerlingarfjalla. **Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

Starfsfólk í sumarstörf og til lengri tíma
Við leitum að jákvæðu og metnaðarfullu starfsfólki til að taka að sér fjölbreytt störf á nýjum og spennandi vinnustað í einstöku umhverfi íslenskrar náttúru. **Umsóknarfrestur er til og með 31. mars. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf 1. júní nk.**

Skannaðu QR kóðann fyrir nánari upplýsingar um störf.

HIGHLAND BASE
KERLINGARFJöLL

Highland Base Kerlingarfjöll er hluti af Bláa Lóns fjölskyldunni

Spennandi tækifæri fyrir metnaðarfullan leiðtoga

Leikskólastjóri í leikskólanum Austurkór

Leikskólinn Austurkór er sex deilda leikskóli í Kórahverfinu í Kópavogi. Skólastarfið einkennist af flæðandi dagskipulagi, námslotum byggðum á gildum skólans, lýðræðislegum starfsaðferðum og útinámi. Starfshópurinn hefur byggt upp metnaðarfullt starf í fallegum skóla sem einkennist af notalegu vinnuumhverfi og mikilli liðsheild.

Kópavogsbær er barnvænt samfélag sem er í stöðugri þróun og staða leikskólastjóra við Austurkór er tækifæri fyrir áhugasaman leikskólastjóra með framsæknar hugmyndir og faglegt frumkvæði til að þróa áfram metnaðarfullt starf með börnum og öflugum starfsmannahóp.

Leitað er að stjórnanda sem hefur góða hæfni í mannlegum samskiptum, er skipulagður og umbótadrifinn og hefur metnað til að ná árangri í starfi. Viðkomandi þarf að vera leiðtogi í sínum skóla, veita faglega forystu og búa yfir hæfni og frumkvæði til að skipuleggja skapandi leikskólastarf í samvinnu við starfsmenn, forráðafólk og menntasvið.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun og leyfisbréf kennara
- Reynsla af starfi og stjórnun í leikskóla
- Framhaldsmenntun (Diplóma að lágmarki) á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða
- Forystuhæfileikar og góð færni í mannlegum samskiptum
- Fagleg forysta, sýn og vilji til nýbreytni og þróunar í leikskólastarfi
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi
- Reynsla af rekstri leikskóla og gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana æskileg
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig bæði í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar 2023. Ráðið verður í stöðuna eftir samkomulagi.
Nánari upplýsingar um starfið má finna á ráðningarvef Kópavogsbæjar **https://kopavogur.alfred.is/**
Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt í gegnum ráðningarkerfið Alfreð.

Kópavogsbær

kopavogur.is

Erum við
að leita
að þér?

Tæknimaður í tæknideild

FRIÐRIK A. JÓNSSON ehf.

Friðrik A. Jónsson ehf. óskar eftir að ráða til sín iðnmenntaðan einstakling í spennandi starf tæknimanns í tæknideild. Starfið felst í uppsetningum, viðgerðum og almennu viðhaldi á raftækja- og tæknibúnaði.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Uppsetning á tæknibúnaði
- Uppfærslur og uppsetning á tölvubúnaði
- Lagna- og tengivinna
- Bilanaleit og viðgerðir á raf- og hugbúnaði
- Tæknileg ráðgjöf um val á búnaði fyrir viðskiptavini

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun sem nýtist í starfi
- Samskiptahæfni og þjónustulund
- Aðlögunarhæfni, sveigjanleiki og jákvæðni
- Íslensku- og enskukunnátta er skilyrði

Við bjóðum upp á góðan vinnustað og virkt starfsmannafélag með reglulegar starfsmannaferðir. Góður vinnuandi er hjá okkur og fær starfsfólk frelsi til að taka þátt í að móta starf sitt.
Vinnuumhverfi og fríðindi sem við bjóðum upp á eru bifreið til afnota, farsími og fartölva ásamt vinnufatnaði.

Umsóknarfrestur er til og með **6. febrúar 2023**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is**. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Svava Sandholt (sigridur@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Kópavogsbær

Viltu taka þátt í að móta og leiða samþætta velferðarþjónustu til framtíðar?

Velferðarsvið Kópavogsbæjar auglýsir eftir öflugum, metnaðarfullum og framsýnum leiðtogum í störf skrifstofustjóra. Um er að ræða ný stjórnunarstörf í kjölfar skipulagsbreytinga.

Skrifstofustjóri barnaverndarþjónustu

Skrifstofustjóri ber ábyrgð á rekstri skrifstofunnar og veitir henni faglega forystu ásamt því að leiða umbætur í þjónustunni. Skrifstofan ber ábyrgð á vinnslu barnaverndarmála samkvæmt barnaverndarlögum og eftirfylgni ákvarðana umdæmisráðs barnaverndar.

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á framhaldsstigi (MA/MS) eða starfsréttindi frá Embætti landlæknis sem nýtist í starfi.
- Víðtæk og farsæl starfs- og stjórnunarreynsla á sérfræðisviðinu.
- Víðtæk þekking og reynsla af barnaverndarþjónustu.
- Haldbær reynsla af mannaforráðum, rekstri og fjárhagsáætlanagerð.
- Reynsla af breytingastjórnun, umbótastarfi og skipulagi teymisvinnu.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu.

Skrifstofustjóri ráðgjafar

Skrifstofustjóri ber ábyrgð á rekstri skrifstofunnar og veitir henni faglega forystu. Skrifstofan veitir samþætta þjónustu til barna og fjölskyldna, uppeldisráðgjöf og sérhæfða ráðgjöf vegna fatlaðra barna auk almennrar félagslegrar ráðgjafar. Auk þess sinnir skrifstofan þjónustu við flóttafólk.

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á framhaldsstigi (MA/MS) eða starfsréttindi frá Embætti landlæknis sem nýtist í starfi.
- Víðtæk og farsæl starfs- og stjórnunarreynsla á sérfræðisviðinu.
- Þekking og reynsla af þjónustu við börn og fjölskyldur.
- Haldbær reynsla af mannaforráðum, rekstri og fjárhagsáætlanagerð.
- Reynsla af breytingastjórnun, umbótastarfi og skipulagi teymisvinnu.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu.

Skrifstofustjóri þjónustu og sértækrar ráðgjafar

Skrifstofustjóri ber ábyrgð á rekstri skrifstofunnar og veitir henni faglega forystu. Skrifstofan veitir sértæka félagslega ráðgjöf og þjónustu til fullorðinna fatlaðra einstaklinga, eldra fólks og aðstandenda og sér um rekstur miðlægrar starfseiningar sem hefur yfirumsjón með framkvæmd allrar stuðnings- og stoðþjónustu sviðsins.

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á framhaldsstigi (MA/MS) eða starfsréttindi frá Embætti landlæknis sem nýtist í starfi.
- Víðtæk og farsæl starfs- og stjórnunarreynsla á sérfræðisviðinu.
- Þekking og reynsla af þjónustu við fatlað fólk og eldra fólk.
- Haldbær reynsla af mannaforráðum, rekstri og fjárhagsáætlanagerð.
- Reynsla af breytingastjórnun, umbótastarfi og skipulagi teymisvinnu.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu.

Skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar

Skrifstofustjóri ber ábyrgð á rekstri skrifstofunnar og veitir henni faglega forystu. Skrifstofan hefur yfirumsjón með rekstri starfsstöðva sem þjónusta fatlað fólk og eldra fólk. Skrifstofustjóri er næsti yfirmaður forstöðumanna starfsstöðva og tengiliður velferðarsviðs við ýmsar stofnanir og samstarfsaðila.

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á framhaldsstigi (MA/MS) eða starfsréttindi frá Embætti landlæknis sem nýtist í starfi.
- Víðtæk og farsæl starfs- og stjórnunarreynsla á sérfræðisviðinu.
- Þekking og reynsla af þjónustu við fatlað fólk og eldra fólk.
- Haldbær reynsla af mannaforráðum, rekstri og fjárhagsáætlanagerð.
- Reynsla af breytingastjórnun, umbótastarfi og skipulagi teymisvinnu.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu.

Kópavogsbær er næststærsta sveitarfélag landsins þar sem áhersla er lögð á að veita framúrskarandi og fjölbreytta þjónustu til íbúa. Hjá sveitarfélaginu starfar metnaðarfullur hópur starfsfólks sem telur um 2.700 manns sem öll hafa mismunandi menntun og bakgrunn.

Umsókn óskast fyllt út á starfasíðu Kópavogsbæjar á Alfreð og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf. Allir einstaklingar sem ráðnir eru til starfa á velferðarsvið Kópavogsbæjar þurfa að gefa heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá og undirrita trúnaðaryfirlýsingu.

Umsóknarfrestur er til og með **13. febrúar 2023**. Ítarlegri upplýsingar um störfin má finna á Alfreð og á www.intellecta.is. Nánari upplýsingar veitir Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is).

intellecta

ESA | EFTA Surveillance Authority

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.

ESA is an international organisation, independent of the States, which safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 450 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.

ESA is based in Brussels. It currently employs staff members of 19 nationalities. ESA is led by a College consisting of three members, each appointed for a period of four years by the three participating EFTA States.

Director Administration

ESA is recruiting a Director to lead its Administration Department.

We are looking for an energetic, resilient and positive leader who has the ability to drive forward ESA's organisational development and to provide strategic advice to College on all related and administrative matters. The successful candidate will be a key player in encouraging cohesion and common values across ESA and ensuring that it remains an attractive employer in the long term.

He/she will lead a team of 10 professionals who provide comprehensive administrative support and assistance to the management and staff of ESA. The Director of Administration reports to ESA's President, who is a member of the College.

Main areas of responsibility:

- Financial management and control
- Human Resources management
- Management of Information & Communica-tion Technology
- Facilities and administrative services
- Safety, health and security of staff and assets
- External affairs regarding administration and organisational matters

Main tasks:

- Management of the Department by coordinating action, setting priorities and providing support as needed
- Provide strategic advice to the College on management of human, financial and technical resources, and administrative and organisational matters
- Overall responsibility for the efficient delivery of the annual budgetary proposal, administrative services, ensuring appropriate internal controls, and management of commercial arrangements with external suppliers
- Ensure the correct implementation and application of, inter alia, ESA's Financial, Staff and Security Regulations and Rules, administrative policies and processes, and the Head-quarters Agreement with the host country
- Continue efforts in modernising and reforming the Department and its services, increasing efficiency and synergies, also in collaboration with the other EFTA organisations
- Close contact and cooperation with ESA's Staff Committee
- Represent ESA regarding administrative matters towards the EEA EFTA Member States and the other EFTA organisations, including joint services in the EFTA House

Job Reference 1/2023 - Deadline for applications: Sunday 26 February 223 at midnight CET **- Start date: 1 September 2023** (or earlier)

For full details of this position and to apply, please visit: **https://jobs.eftasurv.int**

HH RÁÐGJÖF

VANTAR ÞIG STARFSMANN

Atvinnuauglýsing hjá HH Ráðgjöf kostar aðeins 24.500 kr.*

Og þú getur notað ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum

Fjöldi umsækjenda á skrá

ÓDÝRT, EINFALT OG SKILVIRKT

*Verð er án vsk.

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is
Sími: 561 5900 - hhr@hhr.is

thor ice

Viltu taka þátt í vexti og uppbyggingu?

Thor Ice Chilling Solutions leitar að öflugu starfsfólki í þróun, framleiðslu og uppsetningu á vélbúnaði og kælilausnum. Í boði er fullt starf á starfsstöð fyrirtækisins í Reykjavík. Markaður fyrirtækisins er að mestu leyti erlendis og fylgir því störfunum töluverð ferðalög.

Vélvirki/vélstjóri

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Aðkoma að þróun á hátæknibúnaði
- Samsetning og framleiðsla vélbúnaðar
- Uppsetning á vélbúnaði erlendis

Rafvirki

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Aðkoma að þróun á hátæknibúnaði
- Samsetning og framleiðsla vélbúnaðar
- Uppsetning á vélbúnaði erlendis

Hugbúnaðarsérfræðingur

Við leitum að einstaklingi með menntun á sviði raftækni, tækni- eða verkfræði og reynslu af forritun í C++, .Net og Python. Þekking á gagnagrunnsforritun og hönnun gagnalíkana er kostur.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þróun á hátæknibúnaði, stýringum og fleiru
- Verkefni tengd gagnauppbyggingu og vinnslu
- Forritun á tæknilausnum og sjálfvirkni
- Aðkoma að framleiðslu eftir þörfum

Um Thor Ice:

Thor Ice Chilling Solutions er hátæknifyrirtæki sem hannar, þróar og framleiðir ískrapakælilausnir fyrir matvælaiðnað, með sérstaka áherslu á kjúklingavinnslu og fiskeldi. Á meðal viðskiptavina er stærsti kjúklingaframleiðandi Evrópu. Nýlega fjárfesti Alfa Framtak í Thor Ice og stefnir því í mikla sókn á næstu mánuðum. Nánari upplýsingar má finna á **www.thorice.is**.

Ítarlegri upplýsingar um störfin má finna á **www.intellecta.is**.
Umsóknarfrestur er til og með **13. febrúar 2023**.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

Rífandi gangur og stemning!

ÞG VERK vill bæta öflugum og góðum stjórnendum í hópinn sem er samhentur og myndar sterka heild. Fyrirtækið býður nýútskrifaða einstaklinga einnig velkomna.

Um þrjú störf er að ræða

- Verkfræðingur með mikla reynslu í útboðsverkefnum
- Verkefnastjóri með haldgóða reynslu af stýringu verkefna
- Tæknimenn með reynslu af úttektum

Hæfniskröfur

- Menntun í byggingarfræði, tæknifræði, verkfræði eða önnur sambærileg menntun
- Sveinspróf í smíði er kostur
- Góð tölvukunnátta, reynsla af notkun AutoCAD er æskileg
- Gott vald á íslensku og góðir samskiptahæfileikar
- Reynsla af byggingarstarfsemi og/eða önnur reynsla sem nýtist í starfi
- Stjórnunarhæfni, öguð og skipulögð vinnubrögð
- Talnagleggni
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

ÞG VERK

ÞG Verk er alhliða byggingafyrirtæki sem hefur í yfir 20 ár safnað upp víðtækri verkþekkingu með því að byggja allar tegundir mannvirkja, s.s. virkjanir, skóla, brýr, íbúðir og verksmiðjuhúsnæði. Félagið hefur áunnið sér traust opinberra aðila og stórfyrirtækja með skipulegu vinnulagi, skilum á réttum tíma, vönduðu verki og öruggum viðskiptum. Frábær starfsandi og starfsmannafélag er hjá ÞG Verk ásamt fyrsta flokks starfsmannaaðstöðu. Verkefnastaða fyrirtækisins er mjög góð næstu árin.

Sótt er um störfin á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með **8. febrúar nk.**

Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf.

Upplýsingar veita Elín Ómarsdóttir, **elin@hagvangur.is**, Hallveig Haraldsdóttir, **hallveig@hagvangur.is** og Katrín Óladóttir, **katrin@hagvangur.is**.

hagvangur.is

HAGVANGUR

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

Leitum að sölu- og markaðsfólki

Icelandic Times og Land & Saga eru vönduð tímarit um ferðamennsku, viðskipti og menningu á Íslandi. Ritin eru með þeim útbreiddustu af þessu tagi hér á landi og eru gefin út á fimm tungumálum; íslensku, ensku, frönsku, þýsku og kínversku, auk vefsíðna.

Um er að ræða vandaða útgáfu tímarita en Nordic Times Media stendur einnig að öflugum vefmiðli á fimm tungumálum og er kínverska útgáfan einnig með efnisveitu á WeChat. Tímaritunum er svo líka dreift á issuu í heild sinni ásamt ýmsum samfélagsmiðlum. Þá er þeim einnig dreift á flugvöllum í Grænlandi og Færeyjum, þar sem við erum oft með umfjallanir þaðan og í samstarfi við þarlenda aðila.

Við leitum að einstaklingum sem geta unnið sem blaðamenn og sölumenn og geta unnið við vefina okkar sem vefstjórar.

Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá á info@icelandictimes.com

NORDIC TIMES | ICELANDIC TIMES | BEST OF ICELAND | LAND & SAGA

Erum við
að leita **að þér?**

DEILDARSTJÓRI FASTEIGNA ÓSKAST
Á UMHVERFISSVIÐ GARÐABÆJAR

Garðabæjar auglýsir starf deildarstjóra fasteigna laust til umsóknar. Leitað er að öflugum aðila með víðtæka reynslu af byggingaframkvæmdum.

Megintilgangur starfsins er yfirumsjón með rekstri og viðhaldi á fasteignum Garðabæjar í samræmi við fjárhagsáætlun hverju sinni. Jafnframt að tryggja að fasteignir standist þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar sem þar er rekin.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Yfirumsjón með ástandi, rekstri og viðhaldi fasteigna Garðabæjar
- Gerð rekstrar- og viðhaldsáætlana
- Aðkoma að gerð fjárhagsáætlunar
- Yfirumsjón með viðhaldsframkvæmdum þ.m.t. skipulagi þeirra, hönnun, innkaupum og eftirliti
- Samhæfing verkþátta, iðnaðarmanna og verktaka í viðhaldi og rekstri
- Yfirumsjón með öryggismálum fasteigna og vera tengiliður við þjónustuaðila og opinbera eftirlitsaðila
- Samningagerð, kostnaðareftirlit og yfirferð og samþykkt reikninga
- Öflun tilboða og framkvæmd innkaupa á efni, búnaði og þjónustu vegna fasteigna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á framhaldsstigi sem nýtist í starfi s.s. í verkfræði eða tæknifræði eða háskólapróf á fyrsta stigi auk mikillar starfs- og stjórnunarreynslu
- Reynsla og þekking af fasteignarekstri og viðhaldsframkvæmdum
- Reynsla af rekstri og áætlanagerð
- Viðtæk reynsla af byggingaframkvæmdum
- Góð þekking á lögum og reglugerðum sem gilda um mannvirki og rekstur þeirra á hverjum tíma þ.e. byggingareglugerð, brunavarnir, heilbrigðisreglugerð og vinnuverndarlög
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Sjálfstæði og frumkvæði
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Mjög góð tölvuþekking
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Menntun í iðngrein er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar 2023.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, í síma 5258500 eða á gudbjorgbra@gardabaer.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.
Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is

JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

HAGVANGUR

Come grow with us this summer

We are looking for passionate and talented individuals to grow with us this summer. If you are inspired by our vision of realizing a healthy supply chain for a healthy world, your opportunity to achieve amazing things this summer might be with us.

Controlant is on a growth track, and last year 180 talented people joined our fantastic team, which now consists of 430 people with diverse backgrounds and experiences. We will continue to grow our team and these positions will provide significant opportunities for professional and personal development as well as the ability to work with some of the most skilled experts in their field.

For more information go to **controlant.com/careers**

Controlant

Spennandi tækifæri fyrir metnaðarfullan leiðtoga

Aðstoðarleikskólastjóri í leikskólanum Austurkór

Leikskólinn Austurkór er sex deilda leikskóli í Kórahverfinu í Kópavogi. Skólastarfið einkennist af flæðandi dagskipulagi, námslotum byggðum á gildum skólans, lýðræðislegum starfsaðferðum og útinámi. Starfshópurinn hefur byggt upp metnaðarfullt starf í fallegum skóla sem einkennist af notalegu vinnuumhverfi og mikilli liðsheild.

Kópavogsbær er barnvænt samfélag sem er í stöðugri þróun og staða leikskólastjóra við Austurkór er tækifæri fyrir áhugasaman leikskólastjóra með framsæknar hugmyndir og faglegt frumkvæði til að þróa áfram metnaðarfullt starf með börnum og öflugum starfsmannahóp.

Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra. Hann er leiðandi aðili í skipulagi faglegs starfs innan leikskólans og tekur virkan þátt í stjórnun og umsjón starfsmannamála ásamt virku samstarfi við foreldra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun og leyfisbréf kennara
- Reynsla af starfi og stjórnun í leikskóla
- Framhaldsnám í stjórnun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Fagleg forysta, sýn og vilji til nýbreytni og þróunar í leikskólastarfi
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni

Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar 2023. Ráðið verður í stöðuna eftir samkomulagi.
Nánari upplýsingar um starfið má finna á ráðningarvef Kópavogsbæjar **https://kopavogur.alfred.is/**
Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt í gegnum ráðningarkerfið Alfreð.

Kópavogsbær

kopavogur.is

Skólastjóri Kópavogsskóla

Leitað er að öflugum stjórnanda í Kópavogsskóla sem hefur góða hæfni í samskiptum, áhuga á að þróa framsækið skólastarf, er skipulagður og umbótadrifinn og hefur metnað til að ná árangri í starfi. Hlutverk hans er að vera faglegur leiðtogi í sínum skóla og byggja upp skapandi skólastarf sem er í stöðugri framþróun í samvinnu við nemendur, kennara, foreldra og skólayfirvöld.

Kópavogsskóli var stofnaður árið 1949 og er með um 360 nemendur. Unnið er samkvæmt uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar og skólinn hefur sótt um að verða Réttindaskóli Barnasáttmálans. Innleiðingaferli sem hófst á haustdögum felur m.a. í sér að nemendur, starfsfólk og skólasamfélagið í heild leggur sig fram við að hlusta á raddir barna og standa vörð um réttindi þeirra.

Notkun spjaldtölva er almenn í skólanum og áhersla á að nýta þær sem best til hagsbóta fyrir nemendur. Í skólanum er rekin frístund fyrir nemendur í 1.– 4. bekk og einnig sérdeild fyrir nemendur í 5.-10. bekk úr grunnskólum Kópavogs.
Framundan er mikil uppbygging í hverfinu og samhliða henni verður unnið að stækkun skólans. Undirbúningsvinna er hafin og það kemur í hlut nýs skólastjóra að leiða þá vinnu.

Um er að ræða mjög spennandi starf fyrir framsækinn einstakling sem vill leiða uppbyggingu og mótun skólastarfs, börnunum til heilla.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi skólans.
- Veitir faglega forystu og leiðir framsækið og skapandi skólastarf í samræmi við grunnskólalög, aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Kópavogsbæjar.
- Stuðlar að velferð og vellíðan nemenda og starfsfólks.
- Samstarf við aðila menntasviðs Kópavogsbæjar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun og leyfisbréf kennara.
- Kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Framhaldsmenntun (Diplóma að lágmarki) á sviði uppeldis- og menntunarfræða, stjórnunar eða sambærilegra greina.
- Reynsla af stjórnun og faglegri forystu á sviði kennslu, nýbreytni og þróun í skólastarfi.
- Reynsla af rekstri skóla og gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana er æskileg.
- Leiðtogahæfni, góð hæfni í samskiptum og skipulagshæfileikar.

Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar 2023. Ráðið verður í stöðuna eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á ráðningarvef Kópavogsbæjar **https://kopavogur.alfred.is/**
Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt í gegnum ráðningarkerfið Alfreð.

Kópavogsbær

kopavogur.is

Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Kvika leitar að öflugu starfsfólki

Kvika er öflugur fjártæknibanki sem stuðlar að umbreytingu og samkeppni á fjármálamarkaði með áherslu á upplifun viðskiptavina, nýsköpun og stafrænt vöruframboð. Vörumerki samstæðunnar eru meðal annars TM, Kvika eignastýring, Lykill, Auður, Netgíró og Aur.

Starfsumhverfið einkennist af samvinnu og liðsheild, frumkvæði starfsfólks, jöfnum tækifærum, trausti og jákvæðni.

Forstöðumaður upplýsingatæknireksturs

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á kerfisrekstri og notendaþjónustu samstæðunnar
- Samningar og samskipti við birgja
- Kostnaðarhagræði
- Verkefnastýring fyrir innviði

Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna Rut Ágústsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar- og þróunarsviðs, anna.agustsdottir@kvika.is

Sérfræðingur í viðskiptagreind

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þróun og rekstur á lykilmælikvörðum samstæðu
- Þróun á viðskiptagreindarumhverfi og undirliggjandi gagnaferlum
- Þróun á stjórnendaskýrslum
- Aðkoma að þróun á vöruhúsi gagna og gagnalagi viðskiptagreindar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Eðvald Ingi Gíslason, forstöðumaður hagdeildar, edvald.gislason@kvika.is

Verkefnastjóri í fyrirtækjaráðgjöf

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón og stýring verkefna í fyrirtækjaráðgjöf skv. viðmiðum bankans, lögum og reglum
- Ábyrgð á samskiptum við viðskiptavini og aðra hagaðila, verkefnastýringu, greiningum, virðismötum, kynningum, framsetningu gagna og eftirfylgni verkefna
- Öflun nýrra verkefna og viðskiptasambanda

Nánari upplýsingar um starfið veitir Erlendur Davíðsson, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar, erlendur.davidsson@kvika.is

Sérfræðingur í eigin viðskiptum

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón með verðbréfasafni Kviku banka í skráðum verðbréfum
- Viðskipti með verðbréf fyrir hönd bankans á Nasdaq Iceland
- Greining á fjárfestingartækifærum
- Umsjón með viðskiptavakt á hlutabréfum og skuldabréfum fyrir hönd útgefenda
- Samskipti við verðbréfamiðlara og aðra þátttakendur á markaði

Nánari upplýsingar um starfið veitir Halldór Karl Högnason, forstöðumaður fjárstýringar, halldor.hognason@kvika.is

---

Sótt er um störfin á kvika.umsokn.is — Umsóknarfrestur er til og með 5. febrúar

---

KVIKA

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Sérfræðingur
í greiningardeild ríkislögreglustjóra

Embætti ríkislögreglustjóra leitar að öflugum sérfræðingi til starfa í teymi greiningardeildar.

Við leitum að einstaklingi sem hefur góða þekkingu á innlendum og alþjóðlegum fjármálamörkuðum, reynslu af gagnagreiningu, úrvinnslu og framsetningu gagna og hefur brennandi áhuga á að starfa í síkviku umhverfi. Starfshlutfall er 100%. **Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar 2023.**

Hlutverk greiningardeildar er að samhæfa og samræma öflun og greiningu upplýsinga og stuðla að nýtingu þeirra við ákvörðunartöku innan löggæslustofnanna. Greiningardeild fer með stjórn rannsókna mála er lúta að landráðum og brotum gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum. Greiningardeild framkvæmir áhættumat vegna skipulagðrar brotastarfsemi og hryðjuverka, þá tekur deildin jafnframt þátt í margvíslegu innlendu og erlendu samstarfi varðandi öryggismálefni.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Gerð áhættumats fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og önnur tilfallandi verkefni á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018.
- Rannsóknir mála er kunna að varða við X. og XI. kafla almennra hegningarlaga.
- Aðgerðir til að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverka og annarra skyldrar háttsemi.
- Önnur tilfallandi verkefni greiningardeildar.

Persónulegir eiginleikar

- Jákvætt viðmót, hæfni til að vinna sjálfstætt sem og hluti af teymi.
- Frumkvæði, lausnamiðuð nálgun og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Aðlögunarhæfni, seigla og geta til að vinna undir álagi.
- Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð.

Hæfnikröfur

Menntun, þekking og reynsla

- Meistarapróf í fjármálaverkfræði, hagfræði, viðskiptafræði eða sambærilegu sem nýtist í starfi.
- Starfsreynsla af fjármálamarkaði eða frá öðrum stjórnvöldum sem og góð þekking á innlendum og alþjóðlegum fjármálamörkuðum.
- Reynsla af þátttöku í alþjóðlegu samstarfi.
- Tölfræðiþekking, reynsla af gagnagreiningu, úrvinnslu og framsetningu gagna.
- Reynsla af gerð áhættumats af einhverju tagi, og/eða menntun, þjálfun eða annars konar þekking á því sviði.
- Þekking og skilningur á margvíslegum eiginleikum mismunandi kerfa og ferla.
- Gott vald á íslensku, framúrskarandi enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Frekari upplýsingar um starfið

Umsóknir skulu berast í gegnum Starfatorg (www.starfatorg.is). Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá lokum umsóknarfrests. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsækjendur skulu senda inn ferilskrá að hámarki 2 bls. ásamt kynningarbréfi sem er að hámarki 1 bls. á íslensku þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist til að sinna starfinu í samræmi við þær hæfniskröfur sem fram koma í auglýsingu. Umsækjendum um störf hjá embætti ríkislögreglustjóra kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, heildstætt inn í mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa.

Í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan lögreglu og jafnréttisáætlunar lögreglunnar, eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 28. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996 má engan skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað sem framinn var eftir að hann varð fullra 18 ára eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám lögreglu. Með vísan til 24. gr. varnarmálalaga nr. 34/2008 og 20. gr. reglugerðar nr. 959/2012, sbr. einnig 30. og 31. gr. reglugerðarinnar þarf starfsmaður að standast bakgrunnskoðun til að hljóta öryggisvottun vegna starfans.

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

FISKRÆKTARSJÓÐUR
Salmonid Enhancement Fund

Styrkir 2023

Fiskræktarsjóður starfar á grundvelli laga nr. 72/2008, með síðari breytingum. Meginhlutverk sjóðsins er að veita lán eða styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim. Umsóknarfrestur um lán og styrki úr Fiskræktarsjóði, sem koma til greiðslu árið 2023, er **til og með 1. mars 2023.**

Þeir sem fengið hafa styrk úr sjóðnum og sækja aftur um vegna sama verkefnis, skulu skila inn framvinduskýrslu með nýrri umsókn.

Athugið breytt umsóknarferli

Sótt er um styrkveitingu úr Fiskræktarsjóði rafrænt á heimasíðu Fiskistofu í gegnum umsóknagátt. Umsóknina má finna á www.fiskistofa.is undir þjónusta og velja þar „Fiskræktarsjóður".

Einungis verður tekið við umsóknum í gegnum umsóknagáttina. Hvorki verður tekið við umsóknum í tölvupósti né á pappírsformi.

Á heimasíðu Fiskistofu má nálgast verklagsreglur sjóðsins. Einnig er hægt að hafa samband við Höllu Björk Garðarsdóttur, starfsmann Fiskistofu, í síma 569 7900.

Styrkir úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2023

Stjórn Námsleyfasjóðs auglýsir eftir umsóknum í Endurmenntunarsjóð grunnskóla vegna endurmenntunarverkefna skólaárið 2023-2024.

Þeir sem hyggjast standa fyrir endurmenntun fyrir félagsmenn í Félagi grunnskólakennara (FG) og Skólastjórafélagi Íslands (SÍ) geta sótt um framlög úr sjóðnum, þar á meðal grunnskólar, skólaskrifstofur, sveitarfélög, háskólar, símenntunarstofnanir, félög, fyrirtæki og aðrir. Gert er ráð fyrir að endurmenntunarverkefnum verði að fullu lokið eigi síðar en við lok skólaársins 2023-2024. Verði ekki unnt að ljúka námskeiðum innan þeirra tímamarka fellur styrkveiting niður.

Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is. Umsóknir á öðru formi verða ekki teknar gildar. Ekki er tekið á móti viðbótargögnum og því verða allar upplýsingar að koma fram í umsókninni.

Í umsóknum skal gefa ítarlegar upplýsingar um hvers konar endurmenntun umsækjandi hyggst bjóða, m.a. innihald, skipulag og markmið verkefnis/námskeiðs, stað og tíma, áætlaðan fjölda þátttakenda, fyrirlesara, ábyrgðarmann og annað það sem máli kann að skipta við mat á umsóknum. Einnig skal tilgreina áætlaðan kostnað. Þær umsóknir einar koma til álita sem sýna fram á að endurmenntunarverkefnin mæti þörfum grunnskólans, séu byggð á skólastefnu, aðalnámskrá, fagmennsku og gæðum. Styrkir eru eingöngu greiddir vegna launakostnaðar leiðbeinenda. Annar kostnaður er ekki greiddur.

Þegar fyrir liggur ákvörðun um hverjir fá styrk verður gerður sérstakur samningur um hvert endurmenntunarverkefni.

Umsóknarfrestur er til og með 6. mars 2023.

Stefnt er að því að svarbréf berist umsækjendum um miðjan maí 2023.

Reglur um Endurmenntunarsjóð grunnskóla er að finna á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is og eru umsækjendur hvattir til að kynna sér þær.

Nánari upplýsingar um Endurmenntunarsjóð grunnskóla veitir Anna Ingadóttir í tölvupósti á anna.ingadottir@samband.is eða í síma 515-4900.

BÚUM VEL

SÉRHÆFÐ LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA MEÐ ÁHERSLU Á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

Til sölu 582 fm mjög vel staðsett verslunar- og þjónustuhúsnæði við Grensásveg

- Eignin skiptist upp í **rúmgott verslunarrými, bakrými, innkeyrslubil** og snyrtingar
- **Góðir verslunargluggar** snúa út að Grensásvegi
- Húsnæðið er **án virðisaukakvaðar**
- Eignin er **laus við kaupsamning**

verð: **185 millj.**

Nánari upplýsingar veita:
Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is
Óskar R. Harðarson
lögg. fasteignasali
oskar@miklaborg.is

MIKLABORG | Með þér alla leið
Framúrskarandi fyrirtæki
569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

Þjónusta

Málarar

MÁLARAR
Tökum að okkur alla almenna málningavinnu, við erum faglærðir með mikla reynslu og sanngjarnir í verðum.
s. 782 4540 loggildurmalari@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

HÚSAVIÐHALD
1-2 smiðir geta tekið að sér viðhald í heimahúsum á höfuðborgarsvæðinu eða á Selfossi. Dagvinna, kvöldvinna, helgarvinna. Parket, flísar, samsetning á elhúsinnréttingum ofl. S. 771 8013

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Til sölu

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Heilsa

Heilsuvörur

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í MÍR salnum á Hverfisgötu 105.
Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales.
Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðin standa í 4 vikur.
Boðið er upp á byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:
Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30
Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska II:
Mánudaga og miðvikudaga: 17:30- 19:00
Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30

Framhaldsnámskeið spænska III:
Mánudaga og miðvikudaga: 13:00 - 14:30

Framhaldsnámskeið spænska IV:
Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45

Framhaldsnámskeið spænska V:
Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:00 - 14:30

Við bjóðum einnig upp á einkatíma og stuðningstíma fyrir nemendur á menntaskólastigi.



Námskeiðin okkar byrja mánudaginn 6. febrúar og þriðjudaginn 7. febrúar og þeim lýkur svo fimmtudaginn 2. mars.

Verð á mann er 37.500 krónur.

Upplýsingar í síma 790 5033 eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: Spænskuskólinn Háblame
Instagram: spaenskuskolinn_hablame

job
Finnum draumastarfið saman
Erum við að leita **að þér?**

BROSTU Í SKAMMDEGINU

D-vítamín & kröftug burnirót

Kröftug orku-blanda sem inniheldur **2000** einingar af D-vítamíni & íslenskri burnirót í einu hylki.

D-vítamín er mikilvægt sólarvítamín í skammdeginu. Orka og úthald í gegnum veturinn.

Burnirótin er íslensk ofurjurt sem eykur orku og minnkar slen. Frábær gegn álagi og streitu.

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Sykur- og matarfíkn oft misskilin

Þorbjörg Hafsteinsdóttir, næringarþerapisti og bókahöfundur, segir að góð heilsa og hollusta sé byggð á öruggum og sterkum stoðum og þær mikilvægustu séu mataræði, líkamsrækt, hugrækt og viðleitni.

sjofn@frettabladid.is

Þorbjörg er næringarsérfræðingur, heilsuráðgjafi og lífsþjálfi með 30 ára reynslu að baki. Hún hefur hjálpað fólki og gefið innblástur um heilsusamlegan lífsstíl í einkatímum, í bókunum sínum, í fyrirlestrum og á námskeiðum um árabil og nýtur sín í þessu hlutverki. „Mín reynsla er sú að góð heilsa og hollusta er byggð á öruggum og sterkum stoðum og þær mikilvægustu eru mataræði, líkamsrækt, hugrækt og viðheldni," segir Þorbjörg og sjálf reynir hún að halda vel í þessar stoðir.

Við fengum Þorbjörgu til að segja okkur hvernig hefðbundinn dagur hjá henni er þegar kemur að því að fá sér næringu og einnig fengum við hana til að deila með lesendum uppskrift að einum af sínum uppáhaldsréttum sem á vel við í vetrarhörkunum þessa dagana.

Lágkolvetnamataræði virkar vel

„Ég borða bólgustemmandi lágkolvetnamataræði svipað því sem ég skrifa um í Ketóflex 331 bókinni. Mataræðið virkar einstaklega vel til að ná tökum á yfirdrifinni sykurneyslu og -fíkn, á ójafnvægi á blóðsykri og til að örva fitubrennslu og létta sig. Ég hef sjálf verið veik fyrir sykri allt mitt líf og tel að sykur- og matarfíkn sé oft misskilin sem „bara" stjórnleysi. Til að sporna við að sykurlöngunin taki stjórn og að „detta í það", er mín reynsla og besta ráð viðheldni og rútína með líkamsrækt, jóga og kolvetnasnauðu mataræði sem inniheldur nóg af hollri fitu og prótínum. Það, meðal annars, róar taugakerfið og mettar og persónulega er ég mun orkumeiri og hausinn bullar ekki og sljóvgar vitund eins og gerist á sykri. Þvert á móti verður skýrleiki og fókus og það ástand hentar mér og þeim sem fylgja mínum ráðum betur. Rútínan og reglusemi er nauðsynleg til að stjórna því sem er undir okkar stjórn. Það er ekki hægt að gera eitthvað bara stundum og þegar maður er í stuði, það eru tvö skref áfram og eitt tilbaka og ekkert gerist. Margir verða pirraðir og vonsviknir á sjálfum sér og gefast upp. En það er ekki sanngjarnt, gagnvart sjálfum sér, enginn verður óbarinn biskup og það þýðir ekkert að væla en bara prófa aftur og aftur þangað til rútínan verður komin í DNA- forritið," segir Þorbjörg þegar hún er spurð út í hvaða mataræði hún aðhyllist.

„Hvað maður borðar er mikilvægt en hvenær er kannski það allra mikilvægasta. Tímabundin fasta er áhrifarík leið, fyrir flesta, til að stilla blóðsykur og auka fitubrennslu. Líkamsrækt og hreyfing er nauðsynleg, líkaminn er hannaður til að hreyfa sig. Ég er svo heppin að finnast gaman að hreyfa mig og mæti þrisvar í viku í HIIT (high intensy interval training) útitíma, hvernig sem viðrar. Líkamsrækt er hluti af minni „biohacking" ástundun og þar á meðal er jóga, hitinn í gufu og sund í köldum sjó."

Þyngri matur yfir veturinn

„Í byrjun árs finnst mér gott að núllstilla mig í nokkra daga á föstu-líku mataræði. Það er með í námskeiðunum mínum og mörgum finnst fastan góður undirbúningur fyrir að breyta um eða fara aftur á gott mataræði í kjölfarið. Það gerist svo margt flott í frumunum á föstu sem meðal annars fá tækifæri til að hreinsa og endurnýja sig."

Þorbjörg segist yfirleitt borða þyngri mat yfir veturinn. „Meira kjöt, heitar súpur, pottrétti, soðið, ofnbakað. Á vorin og sumrin er meira úrval af góðu fersku grænmeti sem ég borða fullt af og meira af fiski og minna af kjöti."

„Dagurinn minn er ósköp einfaldur en afar reglusamur. Ávallt líkamsrækt klukkan 7, þá fæ ég mér kollagenduft í vatn áður. Sjaldan morgunmatur, nema smjörkaffið mitt góða, fasta yfirleitt til hádegis. Í hádeginu er annað hvort afgangar frá kvöldmat peppað upp með salati og káli og slatta af góðri ólífuolíu, eða salatskál eða heitt salat; kál, kúrbítur, laukur, sveppir, tómatur og fleira, steikt á pönnu og alltaf prótín, til dæmis kjúklingur, egg, rækjur eða túnfiskur. Ef ég á ekkert á ég samt alltaf dós af gæða sardínum í ólífuolíu uppi í skáp og borða með harðsoðnum eggjum. Ekkert að vera að flækja þetta," segir Þorbjörg og bætir við að það skipti líka máli að nýta það sem til er.

„Ég borða sjaldan millibita, þarf þess ekki, en drekk te, vatn, kaffi og borða kannski einn 85% súkkulaðibita. En það er ekki alveg meitlað í stein, ég fæ mér líka stöku sinnum ís eða köku með börnunum eða vinkonunum á kaffihúsi. Kvöldmatur er ekki seinna en klukkan 19 og getur verið fiskur, kjúklingur, kjöt, lambalifur, eggjahræra og alltaf grænmeti með. Á mínum borðum er fjölbreyttur matur en aldrei pasta. Heimalöguð pitsa á föstudögum og ég skelli oft í vöfflur eða pönnsur um helgar (þær eru sykur- og glútenlausar) og býð börnum og barnabarni í mat og þeim finnst, sem betur fer, ömmumaturinn góður og borða allt. En það verður að vera sósa.

Einn af mínum uppáhaldsréttum á þessum árstíma er chili con carne og mig langar að deila uppskriftinni minni að honum með ykkur," segir Þorbjörg að lokum. Hægt er að fylgjast með því sem Þorbjörg er að gera og námskeiðunum hennar á heimasíðu hennar, ketoflex.is.

Þorbjörg aðhyllist bólgustemmandi lágkolvetnamataræði sem hefur reynst henni afar vel. Hún hefur gefið fólkið innblástur fyrir heilsusamlegan lífsstíl í hartnær 30 ár. MYND/AÐSEND

Chili con carne

4–5 skammtar

- 800–1.000 g hakkað nautakjöt eða lambakjöt
- 1 dós / 140 g tómatkraftur
- 400 g (ein dós) lífrænar nýrnabaunir eða svartar baunir eða kjúklingabaunir. Ef notaðar eru þurrkaðar baunir skal leggja þær fyrst í bleyti í 12 klukkustundir og sjóða svo í 1 klukkustund.
- 2 miðlungsstórir laukar, fínhakkaðir
- 2 hvítlauksrif, hökkuð smátt
- Ólífuolía eða smjör til að steikja úr
- 1 tsk. cayenne-pipar
- 2–3 tsk. rautt chili duft /fræ
- 2–3 tsk. kúmen
- 1 msk. þurrkað óreganó
- 1 tsk. vanilluduft
- 2 tsk. reykt paprikuduft (smoked paprika)
- 3–400 ml vatn
- 1 msk. grænmetisduft
- 2–3 tsk. flögusalt /sjávarsalt
- Nýmalaður svartur pipar

Dýrðlegur þessi chili con carne-réttur og á vel við á þessum árstíma.

> Dagurinn minn er einfaldur en reglusamur. Ávallt líkamsrækt klukkan 7, þá fæ ég mér kollagenduft í vatn áður. Sjaldan morgunmatur, nema smjörkaffið mitt góða, fasta yfirleitt til hádegis.

Laukur og hvítlaukur brúnaður í olíu. Kjötið og allt kryddið sett út í og haldið áfram að steikja og hræra í hráefninu. Vatni og tómatkrafti bætt út í og allt hrært vel saman. Látið malla í hálftíma. Baunirnar settar út í og látið malla áfram í 15 mínútur. Smakkið til hvort vantar meira af til dæmis salti eða pipar. Berið fram rjúkandi heitt og toppið með 1 matskeið af rjómaosti eða 36% feitum sýrðum rjóma og saxaðri steinselju eða kóríander. Tilvalið að hafa blómkálshrísgrjón með þessu. ■

IONIQ 5

Fjórhjóladrifinn, 100% rafmagn.

Besti bíll í heimi 2022

ÞREFALDUR HEIMSMEISTARI!

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

Hvað finnst þér best í heimi? Fjölskyldan, markmiðin, starfið? Hvert sem þú stefnir þá hefur verðlaunabíllinn IONIQ 5 kraftinn til að hjálpa þér að ná takmarkinu. Þú ferð allt að 507 km* á hleðslunni. Ofurhleðslan bætir 100 km við á aðeins 5 mínútum. Eltu draumana þína af öryggi hvert sem er með 2. stigs akstursaðstoð. IONIQ 5 getur allt þetta og miklu meira.

HYUNDAI

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

www.hyundai.is

7 ÁRA Ábyrgð Framtíðin er örugg

8 ÁRA Rafhlöðu ábyrgðartrygging

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kaupandi greiðir fyrir reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is.

B|L

*Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hafa áhrif á drægni rafbíla.

ENNEMM / SÍA / NM014575

Atvinnubílar

Við erum með rétta bílinn fyrir þig

Renault framleiðir einhverja vinsælustu atvinnubíla á íslenskum markaði. Hvort sem þú velur þér Kangoo, Trafic eða Master gengur þú að gæðunum og þægindunum vísum. Allir eru þeir með **fimm ára ábyrgð/160.000 km eða ótakmörkuðum akstri fyrstu tvö árin.**

Renault Kangoo E-Tech

Sjálfskiptur, rafmagn, 45 kWh
295 km drægni**

Verð frá: 6.790.000 kr.

Renault Trafic

Dísil 2,0 l dci, 150 hestöfl.
Fáanlegur stuttur eða langur. Sjálfskiptur eða beinskiptur

Verð frá: 4.911.290 kr. án vsk.
Verð frá: 6.090.000 kr. m. vsk.

Renault Master

Dísil 2,3 l dci, 150 hestöfl.
Fáanlegur millilangur eða langur. Sjálfskiptur eða beinskiptur

Verð frá: 5.637.096 kr. án vsk.
Verð frá: 6.990.000 kr. m. vsk.

5 ÁRA ÁBYRGÐ*

*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.renault.is

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

ENNEMM / SIA / NM014716

**Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hefur áhrif á drægni rafbíla.


3 ÓSKARSTILNEFNINGAR
ÞAR Á MEÐAL
BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI
HJARTNÆM OG STÓRBROTIN MYND SEM FENGIÐ HEFUR EINRÓMA LOF GAGNRÝNENDA OG ERU ÞEIR SAMMÁLA UM AÐ BRENDAN FRASER SÝNI STÓRLEIK Í ÞESSARI MYND.
BRENDAN FRASER
THE WHALE
KVIKMYND EFTIR
DARREN ARONOFSKY
KOMIN Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS
HÁSKÓLA BÍÓ

NÆRMYND

Sólveig Anna í Kattholti

Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

Sólveig Anna Jónsdóttir er einhver umtalaðasta, ef ekki umdeildasta, kona landsins en á nærmyndinni sem nánasta fjölskylda hennar og vinir bregða upp af henni er hún sérlega skemmtileg, hrifnæm og réttsýn. Hún var mikill bókaormur í æsku og tengdi svo sterkt við prakkarann í Kattholti að hún vildi á tímabili bara láta kalla sig Emil.

Sólveig Anna Jónsdóttir stendur, sem formaður Eflingar, í ströngu þessa dagana og gefur ekki þumlung eftir í baráttunni fyrir bættum kjörum síns fólks og þykir víða fyrir vikið vera full föst fyrir og ósveigjanleg.

Þvert á allar slíkar hugmyndir um hana ber vinum hennar og vandamönnum saman um að hún sé fyrst og fremst glaðlynd, hrifnæm, broshýr og sérlega skemmtileg. Þau segja þannig þá mynd sem dregin hafi verið upp af Sólveigu Önnu vera kolranga og víðs fjarri raunverulegum persónuleika hennar.

Sólveig Anna fæddist í Reykjavík þann 29. maí árið 1975. Foreldrar hennar eru Ragnheiður Ásta Pétursdóttir og Jón Múli Árnason. Hún er gift Magnúsi Sveini Helgasyni og saman eiga þau tvö börn. Magnús segir Sollu, eins og hún er alltaf kölluð, ótrúlega skemmtilega og að hann hafi aldrei kynnst manneskju sem sé jafn lítið fyrir sviðsljósið.

„Solla er alveg svakalega skemmtileg og þau eru það í raun öll fjölskyldan og hafa alltaf verið," segir Magnús.

„Hún er svo ótrúlega réttsýn og til í að taka slaginn fyrir alla," segir hann. „Hún hefur samt aldrei verið fyrir það að trana sér fram eða viljað vera í forgrunni," bætir Magnús við.

Hrifnæm og glaðlynd

Eyþór Gunnarsson tónlistarmaður er eldri bróðir Sólveigar Önnu. Hann segir hana hafa verið afar hrifnæmt og glaðlynt barn og þannig segist hann sjá hana enn þann dag í dag.

„Hún er fjórtán árum yngri en ég og ég man eftir henni strax þegar hún var lítil sem afar glaðlyndri," segir Eyþór.

„Þegar við Ellen vorum farin að búa áttum við kött sem eignaðist kettlinga og ég man alltaf þegar hún kom og hún var bara svona fjögurra ára, hún ljómaði og gargaði upp yfir sig af gleði og þannig man ég eftir henni, hún var sólskinsbarn, alltaf glöð og brosandi," segir hann.

„Það var alltaf bjart yfir henni og þannig hefur hún alltaf verið í mínum huga og er enn, þessi mynd sem hefur verið dregin upp af henni sem einhverri harðneskjumanneskju er í svo miklu ósamræmi við það sem allir sem þekkja hana vita, hún er hlý og góð og vill allt fyrir alla gera, þannig er hennar karakter," segir Eyþór.

Hann rifjar upp hversu hrifin systir hans var af sögum og bókum þegar hún var lítil. „Hún elskaði að hlusta á sögur og þegar hún lærði sjálf að lesa las hún mikið sjálf og fékk svona dellur," segir Eyþór.

„Á tímabili fékk hún algjöra dellu fyrir Emil í Kattholti og hún breyttist bara í Emil. Hún gekk um með húfu eins og hann og ef maður sagði

Sólveig Anna í fanginu á systur sinni Birnu Gunnarsdóttur.

Hér eru Sólveig og Birna á sólríkum degi að hlusta á djass á Jómfrúnni.
MYND/AÐSEND

> Ég man eftir henni strax þegar hún var lítil sem afar glaðlyndri.
>
> Eyþór Gunnarsson

við hana Solla, þá sagði hún: Ég heiti ekki Solla, ég heiti Emil."

Gucci og karóki

Sigrún Daníelsdóttir, sálfræðingur og vinkona Sólveigar Önnu, lýsir vinkonu sinni sem afar skemmtilegri og réttsýnni. Hún segir það geta komið mörgum á óvart að hún sé í saumaklúbbi sem heiti Gucci.

„Hann saumar þó hvorki né gengur í Gucci-merkjavöru enda er nafnið borið fram „Cookie". Þetta er hópur fimmtán kvenna sem hefur fylgst að síðan á unglingsárunum og brallað ýmsar vitleysur sem fæstar þola dagsljósið," segir Sigrún.

„Það má segja að Solla hafi alið okkur allar upp í ákveðinni réttlætishugsun, hún var alltaf að pæla og taka afstöðu í alls konar mannréttindamálum, pólitík og prinsippum sem gátu varla verið fjær okkar unglingaheila. Solla ákvað til dæmis að fermast ekki og fannst



Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, hefur verið mikið í umræðunni í langan tíma. Fjölskylda hennar og vinir lýsa henni sem afar skemmtilegri og brosmildri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Hún hefur mjög ríka ábyrgðartilfinningu, er ótrúlega vinnusöm og vandvirk.**
>
> Birna Gunnarsdóttir

Sólveig Anna ásamt Eyþóri bróðir sínum og Birnu systir sinnu. MYND/AÐSEND

fáránlegt af okkur hinum að vera ekkert að velta þessari stóru lífsskoðunarspurningu alvarlega fyrir okkur," segir Sigrún.

„Hún hefur alltaf verið svona og það kom engri okkar á óvart þegar hún henti sér í verkalýðsmálin. Hún hugsar dýpra og fer með málin lengra en flest samferðafólk bæði þá og nú," bætir hún við.

Sigrún segir að þegar hún kynntist Sollu, þrettán ára í Réttó, hafi hún ekki bara verið óvenjuleg í hugsun heldur einnig í útliti. Hún hafi verið framúrstefnuleg í klæðaburði, mikill prakkari og alla tíð síðan sé Solla einhver skemmtilegasta manneskja sem hún þekki.

„Solla er sniðug og fyndin, segir skemmtilegar sögur, kann að dansa og getur tekið áhrifamiklar dansrútínur ef Prince er settur á fóninn. Hún er líka mjög góð í karóki og kann rokkóperuna Rocky Horror utan að."

Fallegt og greindarlegt barn

„Ég var tíu ára þegar Solla fæddist og ógurlega ánægð með að eignast litla systur. Solla var fallegt og greindarlegt barn, eins og hún er falleg og greindarleg kona. Hún var með ljóst hár, stór blá augu og alveg einstaklega sætt smábarn. Mamma okkar vann vaktavinnu í útvarpinu svo ég fékk oft að passa Sollu og fannst ég eiga mikið í henni," segir Birna Gunnarsdóttir, systir Sólveigar Önnu.

Birna minnist líkt og Eyþór bróðir þeirra á hversu hrifin Sólveig var af sögum og þegar hún vildi aðeins vera kölluð Emil í Kattholti. Hún segir Sólveigu líka hafa verið afar mikið í sundi sem barn. „Jón Múli, pabbi Sollu, fór daglega í Sundhöllina og við oft öll saman, fjölskyldan. Solla fór fyrst í sund í Húsafelli þegar hún var þriggja mánaða og þegar hún stækkaði synti mamma með hana á bakinu í Sundhöllinni," segir Birna og bætir við að Sólveig hafi ung verið farin að synda sjálf.

„Þeim sem ekki voru fastagestir í Sundhöllinni brá gjarnan í brún þegar þeir sáu smábarn príla upp á háa brettið og henda sér fram af því út í djúpu laugina, en Solla var ekki í neinum vandræðum og buslaði alsæl eftir stökkið til mömmu eða einhvers úr fjölskyldunni. Hún hefur aldrei verið skræfa og verður aldrei," segir Birna.

„Hún hefur mjög ríka ábyrgðartilfinningu, er ótrúlega vinnusöm og vandvirk og leggur sig alla fram í því sem hún tekur sér fyrir hendur. Hún skilur hvorki fúsk né fúskara. Og síst af öllu skilur hún þau sem vita að aðrir líða skort og lyfta ekki hendi til að breyta neinu," segir Birna um systur sína.

Kvenskörungur og drengur góður

Sólveig Anna er yngsta systir Ragnheiðar Jónsdóttur sem segir systur sína kvenskörung og dreng góðan. „Hún er fylgin sér en nýtir þá fylgni sína í baráttu fyrir mannréttindum og bættum kjörum lægst launaða fólksins í landinu svo það nái að framfleyta sér og sínum," segir hún.

Ragnheiður segir Sólveigu vel máli farna og að hún tali tæpitungulaust. „Gerði þó snemma athugasemdir við hin og þessi orð. Alkunna er að börn laðast að hrylling á vissum aldri: „Hann heitir ekki Drakúla heldur Dragkúla. Dregur blóð úr fólki." Og á tíðum ferðum fjölskyldunnar um landið vöktu hjólhýsi sérstaka athygli hennar: „Akkuru heitir þetta hjólhýsi? Þetta er keyrikofi.",," segir Ragnheiður.

„Skyldum, tengdum og vinum er hún blíð, góð og mæt, sáttasemjari, húmoristi, mannvinur, skynsemin uppmáluð, náttúrudýrkandi, göngugarpur, gleðigjafi, dugnaðarforkur, barna- og dýravinur. Og er þá fátt eitt upp talið," segir Ragnheiður.

„Sú mynd sem andstæðingar hennar hafa dregið upp af henni í öllum hugsanlegum fjölmiðlum landsins er okkur með öllu ókunn og óskiljanleg. Ekki eyði ég orðum á þann óhugnað, rangfærslur, lygar, skilningsleysi og grunnhyggni," bætir hún við. ■

ES&SY peysukjóll
Fæst í fleiri litum og mynstrum. Stærðir 36-46
Verð 7.980 kr

STUDIO Emilie skyrtukjóll
Fæst í fleiri litum. Stærðir 40-56
Verð 14.980 kr

Verslunin Belladonna Líttu við á belladonna.is

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Fann ástina á Íslandi

Lee Proud flutti fyrst til Íslands fyrir tíu árum. Hann hafði þá búið lengi í London og fannst þögnin í Reykjavík yfirþyrmandi. Nú elskar hann þögnina, land og þjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

Danshöfundurinn Lee Proud flutti til Íslands fyrir tilviljun. Hér nýtur hann þess að starfa og elskar land og þjóð. Lee kynntist unnusta sínum hér og hyggur nú á brúðkaup.

Það eru tíu síðan ég kom hingað fyrst og vann í minni fyrstu sýningu á Íslandi. Fyrir mér eru þetta merk tímamót af því ég elska að vera hér," segir danshöfundurinn og leikstjórinn Lee Proud. Hann fæddist í Newcastle á Englandi en býr í London og er með annan fótinn á Íslandi. Lee fékk snemma áhuga á dansi og byrjaði ungur í dansskóla, hann segir það ekki hafa verið hefðbundið áhugamál fyrir strák í Newcastle á þeim tíma.

„Ég hafði alltaf haft svo gaman af því að syngja og svo fljótlega þróaðist það í dans. Mig langaði að læra að dansa þegar ég var níu ára en það var ekki hefðbundið fyrir strák úr verkamannastétt í Newcastle fyrir rúmum 40 árum," segir Lee.

„En ég fékk að gera það og mamma mín og pabbi fóru með mig í dansskólann á hverjum laugardegi. Skilyrðið var að tvíburasystir mín átti að vera með mér, dansskólinn var ódýrari en barnapía og mamma og pabbi gátu útréttað á meðan við vorum þarna. En þetta var smá eins og ég væri Billy Elliot," segir Lee.

Flutti ungur til London

Þegar Lee var aðeins þrettán ára gamall flutti hann til London og fór í skóla þar. Í skólanum lærði hann hefðbundin fög en einnig söng og dans. „Við byrjuðum alltaf daginn í landafræði, stærðfræði, ensku og þessu hefðbundna en svo seinnipartinn lærðum við raddtækni, ballett, djassballett og hvers kyns söng og dans," segir hann.

Spurður hvort ekki hafi tekið á að flytja svo ungur að heiman segist hann haf gleymt sér í söng og dansi. „Ég var svo þakklátur fyrir að vera kominn þangað, ég naut þess að syngja og dansa," segir Lee en hann hlaut styrk til að nema við skólann þar sem skólagjöldin voru há. „Þetta var bara eins og í Billy Elliot, ég var eins og hann. Ljómaði allur þegar ég var loksins kominn þarna og var að upplifa drauminn," segir Lee.

Hann var aðeins þrettán ára þegar hann tók þátt í sinni fyrstu stóru sýningu, Bugsy Malone á West End í London, en með honum í sýningunni lék meðal annars Catherine Zeta-Jones. Síðan þá hefur Lee komið fram og unnið í óteljandi sýningum um allan heim.

Ahd og Lee hafa verið saman síðan árið 2018 og hyggja nú á brúðkaup.

Á menntaskólaárunum tók hann sér pásu frá dansinum í örskamma stund og var í hljómsveitinni The Proud Ones. „Þetta var skemmtilegt og okkur gekk vel. Við komum meira að segja lagi í þriðja sæti á breska kántrílistanum og fórum í tónleikaferðalag með David Bowie, svo einhvern veginn flosnaði þessi hljómsveit upp og við fórum að gera eitthvað annað," segir Lee og ekki er að greina vott af hroka í röddinni þrátt fyrir velgengnina.

Góðan daginn

Spurður að því hvernig það hafi komið til að Lee kom til Íslands segir hann það skondna sögu. „Ég hafði verið að sjá um sviðshreyfingar og dans í mörgum, mörgum sýningum í Bretlandi og mér hafði gengið mjög vel. Voru boðin fleiri og fleiri verkefni og hafði unnið til verðlauna og það var farið að spyrjast út," segir hann.

„Svo kom það upp að íslenskur leikstjóri spyr leikstjóra sem ég var að vinna með hvort hann gæti mælt með einhverjum fyrir sýningu á Íslandi og hann sagði honum frá mér, íslenska leikstjóranum leist vel á og ég fékk að vita að hann myndi hringja í mig eftir nokkra daga," segir Lee sem ákvað að nýta þessa daga til að læra að segja góðan daginn á íslensku.

„Svo tek ég fundinn á Skype heima hjá mér og heilsa leikhússtjóranum með góðan daginn og braut þannig ísinn, honum fannst það svo fyndið og með þessu góðan daginn hef ég fengið fullt af verkefnum og alls konar öðru hér á Íslandi," segir Lee og hlær.

Lee Proud hefur tekið þátt í uppsetningu meirihluta stórra sviðsverka sem sett hafa verið upp á Íslandi síðasta áratuginn. Hann hefur meðal annars séð um dans og sviðshreyfingar í Mary Poppins, Billy Elliot, Mamma Mia!, Rocky Horror, Matthildi, 9 lífum og Emil í Kattholti í Borgarleikhúsinu og í Kabarett, Vorið vaknar og Benedikt búálfi hjá Leikfélagi Akureyrar. Hann hefur verið listrænn stjórnandi og danshöfundur Söngvakeppninnar hjá RÚV frá árinu 2019 og samdi meðal annars dansinn sem Daði og gagnamagnið dansa við lagið Think about things. Lee vinnur núna að uppsetningu Chicago á Akureyri og Draumaþjófinum í Þjóðleikhúsinu. Þá hefur hann fengið fjölda tilnefninga til Grímuverðlaunanna og hlaut hann slík verðlaun fyrir Matthildi.

Fann ástina

En það er ekki einungis ferill Lee sem hefur blómstrað á Íslandi, því hér fann hann ástina. „Ég sat eitt kvöldi með Páli Óskari á Ölstofunni og þar sé ég á barnum fallegasta mann sem ég hef á ævi minni séð. Þar sem við vorum á Íslandi þekkti Palli hann auðvitað og í ljós kom að hann hafði séð sýningarnar mínar og vissi hver ég var," segir Lee og ljómar þegar hann segir blaðamanni frá því þegar hann sá unnusta sinn Ahd Tamimi í fyrsta sinn.

Þetta kvöld urðu þeir vinir á Facebook og spjölluðu mikið saman, Ahd er leikari og stuttu seinna fékk hann hlutverk í sýningu sem Lee vann einnig í, Vorið vaknar. „Þá urðum við enn betri vinir og unnum saman á Akureyri. Svo er ég alltaf að tala um hann og eitt kvöldið í desember er ég að tala við vin minn, ætti kannski ekki að „namedroppa" en Elton John og maðurinn hans, David, eru góðir vinir mínir," segir Lee auðmjúkur.

„David segir við mig að ég verði bara að eiga almennileg og einlæg samskipti við Ahd og ég tek það til mín. Þetta kvöld, föstudaginn 13. desember árið 2019, spyr ég hann bara beint út hvort að við ættum að verða kærastar og hann segir já," rifjar Lee upp.

„Þetta var stórkostlegt og daginn eftir vöknum við og hann segir: „Góðan daginn, kærasti," og mér leið svo vel," segir Lee og gleðin leynir sér ekki þegar hann talar um Ahd sem hann trúlofaðist um áramótin.

„Ég bað hann að giftast mér á gamlárskvöld í Kaupmannahöfn. Ég var búinn að fylla svalirnar á íbúðinni sem við vorum í af kertum og ég bað hans þar rétt fyrir miðnætti. Ég fór niður á hnén og bað hans, allir vinir okkar sem voru í partíi hjá okkur fylgdust með út um gluggann og svo um leið og hann sagði já byrjuðu flugeldarnir. Þetta var ótrúlegt augnablik."

Það er margt fram undan hjá Lee sem er bókaður út allt árið 2024. Hann vinnur að uppsetningu Sister Act í Danmörku og eins og komið hefur fram vinnur hann að Draumaþjófnum í Þjóðleikhúsinu og Chicago. Svo er hann á leið til Japan þar sem hann mun leikstýra verki í hinu víðfræga leikhúsi Takarazuka Revue, leikhúsi þar sem konur fara með öll hlutverk.

„Næst á dagskrá er frumsýning á Chicago og svo þurfum við að finna tíma fyrir brúðkaup," segir Lee . ■

> Mig langaði að læra að dansa þegar ég var níu ára en það var ekki hefðbundið fyrir strák í verkamannastétt í Newcastle.

Finnur þú PLAY á flugi í Fréttablaðinu?

Fréttablaðið og PLAY ætla að bjóða heppnum lesanda Fréttablaðsins **100.000 króna** gjafabréf frá PLAY í hverri viku fram að 11. febrúar. Við drögum út næsta vinningshafa á mánudaginn 30.

Skannaðu mig

Til að taka þátt í leiknum þarft þú að

1) Finna PLAY flugvélina á flugi í Fréttablaðinu.

2) Segja okkur á hvaða blaðsíðu þú fannst PLAY flugvélina og skrá það á **www.frettabladid.is/lifid/playleikur**

PLAY

FRÉTTABLAÐIÐ

*Því oftar sem þú skráir þig, því líklegra er að þú vinnir.
Fréttablaðið kemur út 5 daga vikunnar, frá þriðjudegi til laugardags.

MERKISATBURÐIR

1813 Skáldsagan Hroki og hleypidómar, eða Pride and Prejudice, eftir Jane Austen er gefin út í Bretlandi.

1825 Hið Konunglega norræna fornfræðafélag er stofnað í Kaupmannahöfn.

1855 Fyrsta járnbrautarlestin fer frá Atlantshafi til Kyrrahafs á Panamajárnbrautinni.

1887 Í Montana-fylki í Bandaríkjunum falla til jarðar stærstu snjókorn sem sést hafa á jörðinni, 38 cm breið og 20 cm þykk.

1907 Sláturfélag Suðurlands, SS, er stofnað sem samvinnufélag bænda. Það hét fyrst Sláturfélag Árnesinga og Rangæinga.

1912 Tólf íþróttafélög stofna Íþróttasamband Íslands, „bandalag íslenskra íþrótta- og fimleikafélaga“, í Bárubúð.

1935 Ísland verður fyrsta land í heimi til að lögleiða þungunarrof.

1981 Bandaríski leikarinn Elijah Wood fæðist.

2013 EFTA-dómstóllinn fellir úrskurð sinn í máli ESA gegn Íslandi og sýknar Ísland af öllum liðum ákærunnar og hafnar öllum kröfum sem gerðar eru á hendur landinu.

Nærgætni, hlýja og virðing
Við andlát ástvinar

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Ísleifur Jónsson, Útfararstjóri, Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir, Útfararþjónusta, Farsími 861 3441
Þjónusta allan sólarhringinn

Útfararstofa Íslands
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson S: 896 8242
Jóhanna Eiríksdóttir
Jón G. Bjarnason S: 793 4455
Útfararstofa Hafnarfjarðar
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN
Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Björgunarafrekið við Látrabjarg eftir Óskar Gíslason fékk dreifingu víða um heim. MYND/AÐSEND

Björgunarstarf og frönsk nýbylgja

Eldgos og franskir frumkvöðlar verða á dagskrá sýningaraðarinnar Bióteksins sem hefst á sunnudaginn.

arnartomas@frettabladid.is

Bíótekið, röð kvikmyndasýninga á vegum Kvikmyndasafns Íslands, hefst í þriðja skipti sunnudaginn 29. janúar í Bíó Paradís. Dagskráin hefst með tveimur íslenskum heimildarmyndum sem gera grein fyrir íslensku björgunarstarfi, Eldeyjunni frá 1973 og Björgunarafrekinu við Látrabjarg frá 1949.

„Nú eru auðvitað fimmtíu ár síðan að gosið var og okkur fannst því við hæfi að sýna Eldeyjuna,“ segir Ester Bíbí Ásgeirsdóttir, verkefnastjóri hjá Kvikmyndasafninu.

Eldeyjan var gerð af þeim Páli Steingrímssyni, Ásgeiri Long og Ernst Kettler og sýnir í myndum bæði jarðhræringarnar og björgunarstarfið sem unnið var í kringum Heimaeyjargosið. Á sýningunni mun gestum einnig bjóðast að hlýða á frásögn frá fyrstu hendi af gosinu.

„Við verðum með spjall eftir sýninguna þar sem Ólafur Lárusson, sem upplifði gosið og er björgunarsveitarmaður í dag, mun ræða við áhorfendur um þessa reynslu sem hann hefur,“ segir Ester.

Björgunarafrekið við Látrabjarg segir svo frá því þegar meðlimir í björgunarsveitinni Bræðrabandinu, undir stjórn Þórðar frá Látrum, björguðu breskum skipbrotsmönnum af togaranum Dhoon árið 1947, eða fyrir 75 árum.

„Við verðum líka með sérfræðing frá Kvikmyndasafninu sem mun ræða um þessar myndir frá öðrum vinkli.“

Frönskum risa vottuð virðing

Samhliða því að skyggnst verður inn í þetta sögulega björgunarstarf verður einnig boðið upp á tvær myndir úr frönsku nýbylgjunni, þar á meðal Pierrot le Fou eftir leikstjórann Jean-Luc Godard sem lést í september síðastliðnum. Godard er af mörgum talinn einn áhrifamesti leikstjóri frönsku kvikmyndasögunnar og leikstýrði meðal annars myndum á borð við Alphaville og À bout de souffle.

„Við vildum sýna honum og hans verkum virðingu með því að sýna eina af eldri myndum hans,“ segir Ester og bætir við að tekist hafi vel til með Bióteki eftir að það fór af stað í fyrra. „Þetta hefur verið rosalega vel sótt og vel tekið í þetta.“

Fimmtíu ár eru liðin frá Heimaeyjargosinu sem tekið er fyrir í Eldeyjunni. MYND/AÐSEND

Jean-Luc Godard lést í september. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Rauða þráðinn í Bíótekinu segir Ester vera að á hverjum sýningarsunnudegi verði eitthvað íslenskt úr safninu.

> Nú eru auðvitað fimmtíu ár síðan að gosið var og okkur fannst því við hæfi að sýna Eldeyjuna.
>
> Ester Bíbí, verkefnastjóri hjá Kvikmyndasafni.

„Þar erum við að fara niður í okkar eigin safnkost en svo erum við líka með aðrar myndir sem gerðar hafa verið upp á öðrum kvikmyndasöfnum eða öðrum stofnunum,“ útskýrir hún en á erfitt með að segja til um hversu margar myndir séu til á safninu. „Við erum með langflestar útgefnar myndir sem gerðar hafa verið á Íslandi og svo erum við líka með gríðarstórt af filmum sem stundum koma úr einkaeigu eða frá kvikmyndagerðarmönnum sem tóku mikið efni en notuðu aðeins hluta þess í myndir sínar.“

Dagskrá Bióteksins í heild má finna á heimasíðu Kvikmyndasafnsins. ■

ÞETTA GERÐIST | 28. janúar 1998

Stade de France opnaður

Þjóðarleikvangur Frakklands, Stade de France, var byggður í aðdraganda heimsmeistaramótsins í knattspyrnu sem Frakkar héldu 1998. Völlurinn var formlega vígður þann 28. janúar 1998 með fótboltaleik milli Frakklands og Spánar.

Alls mættu yfir 78 þúsund áhorfendur á leikinn, þar á meðal þáverandi Frakklandsforseti Jacques Chirac, til að sjá heimamenn vinna leikinn 1–0 þökk sé marki frá goðsögninni Zinedine Zidane. Frakkar áttu svo eftir að fagna sigri landsliðsins á vellinum sumarið eftir þegar Frakkland lagði Brasilíu 3–0. Það var fyrsti sigur Frakklands á Heimsmeistaramótinu og var Zidane auðvitað maður leiksins eftir að hafa skorað tvö mörk.

Íslenska liðið á Stade de France á EM 2016.

Stade de France rúmar hátt í 81 þúsund áhorfendur og hefur verið notaður fyrir bæði landslið Frakklands í fótbolta og í rúgbí, en heimsmeistaramótið í rúgbí fer einmitt fram í Frakklandi á þessu ári. Þá mun stór hluti Sumarólympíuleikanna 2024 fara þar fram. ■

Ævaforn en sígildur leikur

Hægt verður að kynnast ævaforna leiknum Go á Japanshátíðinni í dag.

arnartomas@frettabladid.is

Meðal viðburða á hinni árlegu Japanshátíð sem hefst í dag verður pallborð tileinkað borðspilinu Go. Þótt stundum sé litið á spilið sem asíska hliðstæðu við skák þá teygir saga Go sig mun lengra aftur.

„Það er orðið þó nokkuð langt síðan ég byrjaði að spila, kannski fimmtán ár eða svo," segir Hallbjörn Þór Guðmundsson Go-áhugamaður. „Ég hafði verið að leita að nýju spili og fann þetta á netinu. Það sem heillaði mig við spilið er hvað það er spilað á stóru borði og það er auðvelt að sjá hvað er í gangi þótt þú sjáir ekki hvaða leikur var leikinn seinast. Svo er leikurinn líka lítið þekktur utan Asíu og það er alltaf gaman að gera eitthvað sem aðrir eru ekki að gera."

Þótt reglur Go séu einfaldar er mikil dýpt í spilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> Fólk hefur keppt í Go í hundruð ára.

Spilað fyrir sjóguninn

Samkvæmt fornsögum hefur Go verið spilað í þúsundir ára. Sumar sögur segja að kínverskur keisari hafi hannað spilið fyrir son sinn til að kenna honum aga og einbeitingu en aðrir að hershöfðingjar hafi notað steinana til þess að undirbúa bardaga.

„Go hefur lengi verið spilað á alvarlegum nótum, þetta er ekki bara einhver leikur sem er gripið í á börum eða þess háttar," útskýrir Hallbjörn. „Fólk hefur keppt í Go í hundruð ára, sérstaklega í Japan þar sem Go var ríkisstyrkt á 17. öld. Þar voru meistarar sem spiluðu fyrir framan sjóguninn sem borgaði stórar upphæðir fyrir þetta."

Að spila Go hefur sem sagt verið stundað mjög lengi í Asíu þótt saga spilsins sé ekki jafnlöng í Evrópu.

„Ef þú talar við fólk frá Japan og Kína um skák þá heldur það oft að þú sért að tala um Go," segir Hallbjörn.

Sómi Íslands, sverð Go skjöldur

Á Íslandi er leikurinn stundaður af Íslenska Go félaginu

„Þetta er ekkert rosalega stór hópur en við erum að hittast á sunnudögum á kaffihúsinu hjá Spilavinum," segir Hallbjörn. „Við erum kannski svona tólf manns sem erum að detta inn við og við og reynum að opna á áhugamálið fyrir fólki sem vill kynnast því."

Þá ver félagið einnig heiður Íslands á alþjóðlegum vettvangi.

„Við erum með landslið í evrópska liðamótinu sem fer fram á netinu og fer fram einu sinni í mánuði," segir Hallbjörn. „Þótt við myndum gjarnan vilja þá höfum ekki haldið mikið af mótum, það þyrfti kannski aðeins fleiri með. Við höfum samt verið með mót á netinu þar sem við erum aðeins formlegri og pössum upp á tímann og svona."

Hallbjörn hvetur fólk sem hefur áhuga á Go til að kíkja við á pallborðið sem hefst klukkan 15 í Veröld – Húsi Vigdísar í dag eða að kíkja við á Spilakaffihúsinu á sunnudögum. ■

Elskulegur eiginmaður minn, pabbi, tengdapabbi, afi og langafi okkar,

Einar Ómar Eyjólfsson

hárskerameistari,
Neðstaleiti 6,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni
að morgni 26. janúar sl.
Við fjölskyldan þökkum innilega frábæra umönnun og hlýhug starfsfólks Sóltúns. Útför verður auglýst síðar.

Bergþóra Lövdahl
Guðrún Einarsdóttir Strömberg **Urban Strömberg**
Gunnhildur Einarsdóttir **Örn Sveinsson**
Jóhanna Einarsdóttir **Reynir Elís Þorvaldsson**
afabörn og langafabörn

Ástkæri faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Einar Viðar Júlíusson

Njarðarvöllum 2,
Reykjanesbæ,
áður til heimilis að
Sunnubraut 19, Keflavík,

lést á Hrafnistu Nesvöllum, laugardaginn 21. janúar.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, fimmtudaginn 2. febrúar klukkan 13. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu á Nesvöllum fyrir hlýja og góða umönnun.

Vilborg Einarsdóttir **Þórólfur Beck**
Halldóra Einarsdóttir
María Ragna Einarsdóttir **Daníel H. Fjeldsted**
Ólöf Hafdís Einarsdóttir **Rafn Vilhjálmsson**
og barnabörn

Elsku hjartans eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,

Gunnar Ingi Ragnarsson

verkfræðingur,
áður til heimilis að Þverá,
Laufásvegi 36,

andaðist á hjúkrunarheimili Hrafnistu við Sléttuveg þann 24. janúar. Útför fer fram í lðnó föstudaginn 3. febrúar kl. 14.

Valdís Bjarnadóttir
Orri Gunnarsson
Tinna Gunnarsdóttir **Michel van Tol**
Nanna Gunnarsdóttir **Owen Hindley**

Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Jónsdóttir

frá Neskaupstað,

lést þriðjudaginn 19. janúar.
Útför hennar fer fram frá Garðakirkju í Garðabæ þriðjudaginn 31. janúar klukkan 15.

Stefnir Svan Guðnason **Ása Kristín Valsdóttir**
Jóna Ingibjörg Jónsdóttir **Þórir Jóhannsson**
Eydís Th. Jónsdóttir **Gylfi Kr. Sigurgeirsson**
Guðrún Halldóra Jónsdóttir **Julian Mark Williams**
ömmu- og langömmubörn

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigurlaug Kjartansdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli,
14. janúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Þorbjörn Datzko
Svanhvít Freyja Þorbjörnsdóttir **Magnús Jónsson**
Hrefna Kristín Þorbjörnsdóttir **Valgeir Elíasson**
Kata White Þorbjörnsdóttir **Ólafur Ragnar Benediktsson**
barnabörn og barnabarnabörn

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður og ömmu,

Sigríðar Th. Mathiesen

Björtuhlíð 29, Mosfellsbæ.

Victor R. Viktorsson **Salbjörg Bjarnadóttir**
Júlíana S. Viktorsdóttir
ömmubörn

Ástkær eiginmaður minn, faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

Hörður Sófusson

Aflagranda 40,
Reykjavík,

lést 21. janúar á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 1. febrúar kl. 13.

Geirlaug Karlsdóttir
Bryndís Harðardóttir
Ragnheiður Lára Jónsdóttir
Hörður Karlsson **Bylgja Dögg Sigmarsdóttir**
Haukur Karlsson **Elsa Sól Gunnarsdóttir**
Auður Karlsdóttir **Jón Stefán Hannesson**
og langafabörn

Þökkum auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður og afa,

Egils Harðarsonar

vélaverkfræðings.

Axel Viðar Egilsson **Katherine Anne Brenner**
Ísabella Kæja Axelsdóttir
Pétur Már Egilsson **Guðrún Helga Guðmundsdóttir**
Ingólfur Ari Pétursson
Gréta Sól Pétursdóttir
Heiða Ósk Pétursdóttir

Ástkær sambýlismaður minn, sonur, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Karl Diðrik Björnsson

lést 21. desember.
Útför hans fer fram frá Garðakirkju fimmtudaginn 2. febrúar kl. 13.

Margrét Þór
Ólafur Helgi Grímsson
Karl Thode Karlsson **Kristín Arna Ingólfsdóttir**
Kristján Karl Karlsson **Liwen Huang**
Hinrik Karlsson
Anna Margrét Th. Karlsdóttir **Marvin Harrý Guðmundsson**
og barnabörn

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .

KROSSGÁTAN



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist nasl eða jafnvel meðlæti (12)
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 3. febrúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „28. janúar“.

SUDOKU

	1	7	2				6	
		4			6	7		5
	9			3				
		9						
4	6					3	8	
2			4			9		
7	5		1	9	2	8		
	3	8				1		
1			8	7				

				1		6		
	3	6			8			2
		9						5
						8		
3	1	8			2	9		
		7	3				6	
4			7		5		1	
	9	5		4				
	8							

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

PONDUS

FRODE ØVERLI



LAUSNARORÐ SÍÐUSTU VIKU

FÆÐINGARORLOF



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Erblessuð þulan þá drápstólið sauðanna? (9)
11 Aðeins sauður fílar svona svola sem kemur köstum af stað (10)
12 Dömur vorra daga eru örlátar um þessar mundir (11)
13 Geta álblöndur einfaldað ákæru fyrir áverka? (10)
14 Hvort er meiri peningur í fiskinum eða giljadrúldunni? (11)
15 Dangla í mastur ef Big Ben nær mér (10)
16 Bý til björg meðal fornra skiliría (11)
17 Dúkkar nú gamalt tré upp í huga mér. Og kjöt á beini! (10)
21 Jarðar kagga undir línu (10)
27 Bein hryggs og vöðvar styrkjast ef viðnám er nægt (9)
29 Hvar er best að geyma búr? (12)
30 Freisting mín reyndist ekki mikil þegar til kom (9)
31 En ógni mér dáð þín og dugur mikill, hver er þá lausnin? (10)
32 Rödd hinnar útkeyrðu en heilluðu dívu (7)
33 Hvernig má bæta algjört máttleysi og ósjálfráðar hreyfingar í senn? (10)
35 Heyrði af fljótum og þreyttum þrjótum (5)
38 Er marmari sterkari en stál? (7)
42 Af þessu aldini vex eikin (9)
43 Þið eruð ekki ósvipuð syni þess sem þið hjálpið (6)
44 Hún kynnti mér hugmynd sem ég er einhvern veginn fallinn fyrir (7)
45 Legg boð fyrir léttan gaur sem segir fátt (9)
46 Raunin er sú að leirinn molnar (6)
47 Heil himintungl eru horfin vegna þessa klasturs (7)

LÓÐRÉTT

1 Það væru mistök að vera með hálfkák við handþvott nú til dags (9)
2 Þú ræður mér frá smíði stafa? (9)
3 Fyllir í pláss 2,83m3 einingar (9)
4 Besti árangur voldugs manns sem ég hef mætur á (9)
5 Vel gnúinn mun hann þakka nuddinu mýktina (9)
6 Mikill maður málar fátt án ullarrauða (8)
7 Þetta er fínt fyrir aumingja jafnt sem uppskafninga (10)
8 Læt þetta heljarstóra haf vaxa mér í augum (8)
9 Þetta er þurrt lið og illa vanið (8)
10 Byggi geymslu fyrir smábíl alræmdra svindlara (6)
18 Komum hljóðum fyrir og lægðum (8)
19 Askur er eikin! (8)
20 Mæti fullskipuðum Fóstbræðrum í híbýlum holdýra (8)
22 Kom broddstaf í hendur einhverra nafnlausra en gáfaðra kvenna (12)
23 Dráp fátalaðs dvergs er engum til sóma (12)
24 Slaga þegar skák er skemmd og blaut að auki (12)
25 Við töluðum við þá og snupruðum eftir þessi læti (7)
26 Hér kemur varla blástur úr nös eftir átökin
27 Greiðum fyrir tindum (7)
28 Hann gargar bara eins og stærðar spörfuglar (7)
34 Hér breytist brotakennt hraunið í endalausar auðnir (6)
36 Dreifa von um óljósa framtíð (6)
37 Raunin er sú að ég sakna tæmdra sjóða (6)
39 Við mjökum þessum áfram (5)
40 Tel svona morgunhana bara auka á leiðindin (5)
41 Allir líða fyrir svo níðingslegar gerðir (5)

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Dauðinn á opnu húsi, eftir Anders de la Motte** frá Forlaginu. Vinningshafi í síðustu viku var **Ástríður Þorsteinsdóttir, Reykjavík.**

JIMMY's

REGISTERED TRADEMARK

Jimmy's poppið
er nú loksins fáanlegt á Íslandi.
Veldu nú þann sem að þér þykir bestur

KOMIÐ Í VERSLANIR

LAUGARDAGUR

HRINGBRAUT

18.00 Frísk eftir fimmtugt Þáttur um heilsu og heilbrigði í umsjón Björns Þorlákssonar. **(e)**
19.00 Undir yfirborðið Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt. **(e)**
19.30 Bridge fyrir alla Þættir um bridge í umsjón Björns Þorlákssonar. **(e)**
20.00 Fjallaskálar Íslands Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildaþáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
20.30 Frísk eftir fimmtugt Þáttur um heilsu og heilbrigði í umsjón Björns Þorlákssonar **(e)**
21.00 Undir yfirborðið

RÚV SJÓNVARP

07.05 Smástund
07.06 Smástund
07.10 Tikk takk
07.15 KrakkaRÚV
10.05 Ævar Vísindamaður
10.35 Börnin í bekknum - tíu ár í grunnskóla
11.05 Vikan me ð Gísla Marteini
11.55 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
12.10 Fólkið mitt og fleiri dýr
13.00 Reykjavíkurleikarnir 2023 Bein útsending frá keppni í júdó á Reykjavíkurleikunum.
15.00 Reykjavíkurleikarnir 2023 Bein útsending frá keppni í CrossFit á Reykjavíkurleikunum.
17.00 Landakort
17.10 Mega karlar syrgja hárið?
17.35 Fréttir með táknmálstúlkun
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Fótboltastrákurinn Jamie
18.29 Bolli og bjalla
18.45 Bækur og staðir
18.52 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Lögin í Söngvakeppninni 2023 Kynningarþáttur þar sem við komumst að því hver taka þátt í Söngvakeppninni 2023 og heyrum brot úr lögunum tíu sem ætlað er að heilla þjóðina.
20.25 Kanarí Grínþættir þar sem allt hið mannlega í daglegu lífi er skoðað í kómísku ljósi.
20.45 Just my Luck
22.25 Woman in Gold
00.10 Shakespeare og Hathaway
00.55 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Tónlist
12.25 Dr. Phil
14.29 The Block
15.34 Top Chef
16.05 Tónlist
17.15 Survivor
18.00 Young Rock
18.25 George Clarke's Old House, New Home
19.10 The Block
20.10 Shall we dance? John Clark er fjölskyldumaður og lögfræðingur í Chicago sem finnst vanta eitthvað í líf sitt. Á leið sinni heim úr vinnu í lestinni á hverjum degi, tekur hann alltaf eftir sömu ungu og fallegu konunni í Miss Mitzi´s dansskólanum. Hann ákveður að fara í stúdíóið dag einn á leið heim úr vinnunni og skráir sig á byrjendanámskeið.
21.55 The Operative Spennumynd með Diane Kruger og Martin Freeman. Kona er ráðin til að vinna á laun í Tehran í Íran, af Mossad, leyniþjónustu Ísrael, en flækist í svikavef.
23.55 Candyman Framhald hrollvekjunnar Candyman frá árinu 1992. Snúið er aftur til Chicago þar sem goðsögnin varð til, um drauginn með krók fyrir hendi, sem birtist þegar fólk nefndi nafn hans fimm sinnum í röð fyrir framan spegil.
01.23 The Happytime Murders
05.53 Replicas
04.30 Tónlist

STÖÐ 2

08.00 Barnaefni
11.15 Angry Birds Stella
11.20 Hunter Street
11.45 Bob's Burgers
12.05 Bold and the Beautiful
13.55 Þeir tveir
14.45 GYM
15.10 Masterchef USA
15.50 Tónlistarmennirnir okkar
16.20 Körrent
16.40 Idol
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
19.00 Krakkakviss Vinsælir spurningarþættir þar sem Berglind Alda og Mikael Emil taka á móti 10-12 ára krökkum og spyrja þau spjörunum úr um allt milli himins og jarðar.
19.25 Ace Ventura: When Nature Calls
21.00 The Mask of Zorro
23.15 The Outpost
01.15 The Night Clerk
02.40 Þeir Tveir
03.30 GYM

SUNNUDAGUR

HRINGBRAUT

18.30 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf. **(e)**
19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. **(e)**
19.30 Útkall Útkall er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflokki Óttars Sveinssonar. **(e)**
20.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl. **(e)**
20.30 Mannamál (e)
21.00 Suðrunesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. **(e)**

RÚV SJÓNVARP

07.15 KrakkaRÚV
10.00 Ímynd
10.30 Okkar á milli
11.00 Silfrið
12.10 Menningarvikan
12.40 Lögin í Söngvakeppninni 2023
13.15 Taka tvö
14.00 Rafíþróttir: Baráttan um toppsætið
15.00 Gefðu mér svolitla ást: Donovan
16.00 Ný veröld - kjarnafjölskylda leggur allt undir
16.45 Haförninn: Hinn helgi örn
17.35 Fréttir með táknmálstúlkun
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Stundin okkar
18.30 Strumparnir
18.45 Heimilisfræði
18.50 Landakort Valin myndskeið úr Landanum þar sem áhugaverðir staðir og merkilegir Íslendingar eru heimsóttir.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Landinn
20.15 Stormur Heimildarþáttaröð um baráttuna við Covid-19 þar sem fylgst er með störfum þeirra sem stjórnuðu aðgerðum í faraldrinum. Í þáttunum er einblínt á mannlega hlið faraldursins og sagt frá sorgum og sigrum í baráttu þjóðarinnar við að hemja útbreiðslu veiru sem setti heimsbyggðina á hliðina.
21.15 Veðmálahneykslið
22.00 Ást

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Tónlist
12.00 Dr. Phil
13.20 The Bachelor
14.40 The Block
16.00 Survivor
16.45 Amazing Hotels:
17.40 Jarðarförin mín
18.10 Þær
18.40 Nýlendan
19.10 The Block
20.10 Solsidan
20.35 Killing It
21.00 Law and Order:
21.50 The Equalizer
22.35 The HandMaid's Tale
23.35 From
00.35 NCIS
01.20 NCIS: Los Angeles
02.00 The Rookie
02.45 The Capture
03.30 Snowfall
04.15 Tónlist

STÖÐ 2

07.05 Barnaefni
11.05 K3
11.15 Náttúruöfl
11.25 Krakkakviss
11.50 Ice Cold Catch
12.35 Steinda Con: Heimsins furðulegustu hátíðir
13.10 Heimsókn
13.45 Baklandið
14.10 Landnemarnir
16.10 Call Me Kat
16.30 Inside Detroit with Ben Fogle
17.35 60 Minutes. Reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
19.00 Tónlistarmennirnir okkar Tónlistarmennirnir okkar er heimildar- og viðtalsþáttaröð þar sem sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal hittir nokkra af ástsælustu skemmtikröftum landsins, fylgir þeim eftir í leik og starfi og rifjar upp feril þeirra.
19.25 Lego Masters USA
20.10 Professor T
21.00 Silent Witness
22.05 Masters of Sex
23.00 Vampire Acedemy
23.40 Pennyworth Spennuþættir sem fjalla um uppruna Alfred Pennyworth, fyrrum sérsveitarmanns í London og hvernig það kom til að hann fór að vinna fyrir föður Bruce Wayne sem flestir þekkja sem Batman.
00.35 Coroner
02.40 Insecure
03.10 Inside Detroit with Ben Fogle

MÁNUDAGUR

HRINGBRAUT

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Heima er bezt Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits. **(e)**
19.30 Bridge fyrir alla Þættir um bridge í umsjá Björns Þorlákssonar. **(e)**
20.00 433.is Farið yfir það helsta í heimi knattspyrnunnar, heima og ytra.
20.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá. **(e)**
21.00 Heima er bezt Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits. **(e)**

Hrollvekjan Candyman er ekki fyrir fólk sem hræðist býflugur.

Segðu nafnið hans fimm sinnum

ragnarjon@frettabladid.is

Sagan segir að ef þú segir nafnið hans fimm sinnum í spegilinn kíki hann á þig með krókinn sinn þakinn í býflugum.
Eflaust kannast margir við þessa draugasögu en hún kemur úr hrollvekjunni Candyman sem fyrst kom út árið 1992, byggð á sögu Clive Barker. Þar herjar afturganga fyrrum þræls á íbúa fátækrahverfis í Chicago borg og kemur fram hefndum fyrir voveiflegt andlát sitt.

Hér er þó ekki um hina upprunalegu mynd að ræða heldur framhald myndarinnar sem skrifað er af höfundinum Jordan Peele sem orðinn er þekktur fyrir hrollvekjur á borð við Get Out og Nope. Hann hefur nú uppfært hrollvekjuna fyrir nútímann en heldur þó ennþá í upprunalegu söguna sem fékk hárin til að rísa á árum áður.

Fyrir alla þá sem vilja láta hræða sig almennilega í kringum miðnætti verður Candyman á dagskrá í Sjónvarpi Símans klukkan 23.55. ■

VIÐ TÆKIÐ

Eldfimt leyndarmál

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Eldfimt leyndarmál eða The Secrets She Keeps er þáttaröð í sex hlutum sem sýnd hefur verið á RÚV og má í heild í finna í Sarpinum. Um er að ræða ástralska spennuþætti sem fjalla um tvær barnshafandi konur. Eins og kannski þessi fyrsta lýsing gefur til kynna byrja þættirnir nokkuð rólega þar sem við kynnumst Meghan, vinsælum áhrifavaldi, og Agöthu, einfara sem starfar í stórmarkaði. En þó að þættirnir byrji rólega eiga þeir eftir að negla þig niður í sófann þar sem þú rígheldur um poppskálina með báðum höndum. Konurnar tvær sem sagan fjallar um eiga að því virðist ekkert sameiginlegt, annað en að eiga báðar von á barni. Annað á þó eftir að koma í ljós, því verðandi mæðurnar búa báðar yfir myrku leyndarmáli sem gæti rústað tilveru þeirra. ■

Þættina má finna í Sarpinum á RÚV.

> En þó að þættirnir byrji rólega eiga þeir eftir að negla þig niður í sófann þar sem þú rígheldur um poppskálina með báðum höndum.

Akio Toyoda hefur stýrt Toyota síðan 2009 og á þeim tíma hafa orðið miklar breytingar á merkinu. MYND/EPA

Akio Toyoda víkur fyrir Sato sem forstjóri Toyota

Það þykja talsverðar fréttir í bílaheiminum þegar forstjórar bílamerkja til margra ára hætta skyndilega, enda viðbúið að slíkt hafi áhrif á stefnu fyrirtækisins.

njall@frettabladid.is

Akio Toyoda tók við stjórnvelinum hjá Toyota fyrir 14 árum síðan og hefur sett sitt mark á merkið. Hann hefur alla tíð lagt áherslu á að bílar eigi að vera skemmtilegir og þess vegna höfum við séð Toyota koma fram með bíla eins og GT86, Supra og GR-línuna á undanförnum áratug.

Toyoda mun taka við stöðu stjórnarformanns Toyota í stað Takeshi Uchiyamada, aðalhönnuðar fyrsta Prius-tvinnbílsins. Toyoda hættir sem forstjóri 1. apríl næstkomandi en við tekur Koji Sato sem er valinn vegna sömu ástríðunnar fyrir bílum og fyrirrennari hans. Hann keppir meðal annars í mótorsporti undir nafninu Driver Morizo og tók til dæmis þátt í 24 stunda keppninni á Nurburgring árið 2019.

Sato er núverandi forstjóri Lexus og Gazoo Racing en hans bíður nú það verkefni að leiða sókn Toyota inn á rafbílamarkaðinn. Þar kemur reynsla Sato sér vel en Lexus setti fyrsta rafbíl sinn á markað árið 2019 og er að fara að kynna fyrsta rafbíl sinn byggðan á e-TNGA-undirvagninum, seinna á þessu ári. Næsti rafbíll Toyota verður bíll byggður á bZ Compact Crossover tilraunabílnum og fer hann í sölu seint á þessu ári. Toyota hefur verið seint til að bregðast við þróun rafbílamarkaðsins í Evrópu en áætlar nú að koma með 30 nýja rafbíla á markað áður en áratugurinn er úti. ■

Akio Toyoda kynnti ásamt Koji Sato tvær gerðir AE86 á Bílasýningunni í Tókýó fyrir skemmstu, önnur er rafdrifin en hin vetnisdrifin. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Koji Sato hefur sömu ástríðu fyrir bílum og fyrirrennari hans.

Harley-Davidson fer í rafmagnið

njall@frettabladid.is

Það styttist óðum í að annað rafmótorhjól Harley-Davidson komi á markað, en það er LiveWire S2 Del Mar. Hjólið er hugsað fyrir yngri kaupendur og er minna en LiveWire One-mótorhjólið. Það mun einnig verða ódýrara og þótt drægið sé aðeins 177 kílómetrar mun það ekki koma að sök, enda aðallega hugsað fyrir borgarakstur.

Það sem vekur þó athygli margra er nýlegt viðtal Dezeen við Jochen Zeitz, forstjóra Harley-Davidson. Þar segir hann blákalt að framtíð Harley-Davidson verði 100% rafdrifin. Það þarf svo sem enga spádómsgáfu til að sjá að framtíð samgangna verði rafdrifin, einnig fyrir bílaframleiðendur.

Einnig vekur athygli að Zeitz virðist ófeiminn að nefna það þrátt fyrir að stór kaupendahópur Harley-Davidson sjái ekki framtíðina með sömu augum. „Á einhverjum tímapunkti verður Harley-Davidson að fullu rafdrifið merki," sagði Zeitz í viðtalinu. „Það mun ekki gerast á einni nóttu en það er samt breyting sem er óhjákvæmileg. Ef litið er til sögu Harley-Davidson síðastliðin 120 ár hefur merkið alltaf verið í stöðugri þróun. Eins og stofnendur Harley-Davidson reyndu á sínum tíma að koma með eitthvað nýtt á markað, þurfum við að gera eins. Fyrsta rafmótorhjól Harley-Davidson var LiveWire sem kom á markað árið 2019, en LiveWire-nafnið hefur þróast út í undirtegund Harley-Davidson. ■

LiveWire S2 Del Mar rafmótorhjólinu er ætlað að ná til stærri og yngri kaupendahóps. MYND/HARLEY-DAVIDSON

Framtíð Harley-Davidson verður 100% rafdrifin.

Styttist í öflugri Porsche Taycan

njall@frettabladid.is

Porsche er á leiðinni með öflugri Taycan sem mun geta keppt við Tesla Model S Plaid og nýjustu myndir af bílnum án dulargervis náðust nýlega við vetrarprófanir. Myndirnar sýna að bíllinn fær breytingar sem eru með áherslu á akstursgetu hans. Má þar nefna vindkljúf að framan með stærri loftinntökum en áður, en þau munu sjá um að kæla þriðja mótorinn og stærri bremsur sem bíllinn mun þurfa á að halda.

Að aftan er föst vindskeið og loftdreifari og mun það hjálpa með að halda bílnum á jörðinni. Einnig virðist eins og búið sé að endurhanna myndavélabúnað og radar sem gefur til kynna að bíllinn fái meiri hjálparbúnað. Ekki veitir af með þremur rafmótorum sem samtals geta jafnvel náð 1.000 hestafla markinu. ■

Búast má við nýjum felgum á nýjum Taycan en ekki þessum sem eru undir prófunarbílnum. MYND/AUTO EXPRESS

Tveir litlir rafpallbílar í burðarliðnum

njall@frettabladid.is

Tveir bílaframleiðendur eru með áform um framleiðslu á litlum, rafdrifnum pallbílum. Hjá General Motors hefur talsmaður merkisins, Stuart Fowle, látið hafa eftir sér að lítill pallbíl með rafmótor sé á teikniborðinu þótt ekki hafi verið tekin ákvörðun um framleiðslu enn þá. Nissan Motor Co. hefur einnig sagt að tvær gerðir rafbíla verði framleiddar í nýrri verksmiðju merkisins í Mississippi. Annar þeirra er Nissan Ariya sem kominn er á markað, og að sögn stjórnarmanns hjá Nissan mælir allt með að rafdrifin útgáfa Frontier-pallbílsins komi næst.

Litlir pallbílar henta vel sem rafbílar þar sem þeir eru minni og þar af leiðandi léttari, en einnig er auðveldara að gera þá straumlínulagaðri. Síðast en ekki síst elska bandarískir kaupendur pallbílaformið enda vinsælustu bílar þar ár eftir ár. ■

Chevrolet S10 pallbíllinn er seldur í Suður-Ameríku en rafdrifin útgáfa hans gæti komið frá GM.

Njósnamyndir af andlitslyftingu Volkswagen ID.3 náðust í vikunni. MYND/AUTO EXPRESS

Fyrstu myndir af andlitslyftingu ID.3

njall@frettabladid.is

Síðar á þessu ári fær Volkswagen ID.3-rafbíllinn fyrstu andlitslyftingu sína og veftímaritið Auto Express birti á dögunum fyrstu myndir af bílnum við prófanir. Þótt breytingarnar virðist í fyrstu ekki miklar má sjá mun á honum og fyrstu árgerðum bílsins.

Helstu breytingar eru á framstuðara með nýjum loftinntökum til hliðanna. Vitað er að bíllinn mun fá endurhönnuð aðalljós en þau eru ekki á þessum prófunarbíl. Eins og áður hefur komið fram eru aðalbreytingarnar innandyra, og þá aðallega í margmiðlunarskjánum sem stækkar í 12 tommur.

Helstu breytingarnar verða innandyra og á hugbúnaði.

Einnig mun bíllinn fá nýjasta hugbúnað Volkswagen sem á að bæta vinnslugetu og auðvelda uppfærslur gegnum netið. Volkswagen hefur hins vegar ekkert gefið upp ennþá um hvort von verði á meira drægi í næstu uppfærslu. ■

Guðrún Hildur Rosenkjær virðir fyrir sér faldbúning í Sívertsenhúsi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrirlestur um prjón fyrri alda í Þjóðminjasafninu

tsh@frettabladid.is

Næstkomandi þriðjudag, 31. janúar, klukkan 12.00, flytur Guðrún Hildur Rosenkjær, kjóla- og klæðskerameistari, sagnfræðingur og þátttakandi í rannsóknarverkefninu Heimsins hnoss, erindi í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands um prjónaðar gersemar 18. og 19. aldar.

Þar mun Guðrún Hildur fjalla um nauðsyn þess að rannsaka heimildir um prjón með öllum þeim aðferðum sem þær krefjast, svo sem skoðun á fjölbreyttum heimildum og varðveittum munum. Aðferðir Guðrúnar Hildar mætti kalla „tilraunasagnfræði“ sem vísar til þekktrar aðferðafræði, tilraunafornleifafræði.

Guðrún Hildur Rosenkjær, kjóla- og klæðskerameistari, fjallar um prjónaðar gersemar 18. og 19. aldar í fyrirlestri á Þjóðminjasafninu.

Fjölbreyttar heimildir benda til útbreiddrar prjónaþekkingar Íslendinga á 18. og 19. öld. Þá hafa rannsóknir Guðrúnar Hildar varpað ljósi á mikilvægi prjóns í fatagerð á þeim tíma.

Fyrirlestur Guðrúnar verður einnig í beinu streymi á YouTube-rás Þjóðminjasafns Íslands.

Tilefni erindisins er sýningin Heimsins hnoss: Lúinn kistill, silfurskeið og nærbuxur (með gati) sem var opnuð 5. nóvember síðastliðinn í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands.

Á sýningunni er teflt saman upplýsingum um dánarbú sem varðveittar eru í Þjóðskjalasafni Íslands og gripum úr munasafni Þjóðminjasafnsins með það að markmiði að varpa ljósi á efnisheim fólks á 18. og 19. öld.

Hádegisfyrirlestrar Þjóðminjasafns Íslands sem tengjast sýningum, rannsóknum eða öðru starfi safnsins eru haldnir annan hvern þriðjudag klukkan 12 í fyrirlestrasal safnsins. Aðgöngumiði að safninu gildir á viðburðinn. ■

Epísk og hversdagsleg kammerópera

Söngkonan Tinna Þorvalds Önnudóttir flytur óperu byggða á ljóðabók eftir Elísabetu Jökulsdóttur á Myrkum músíkdögum. Hugmyndin kviknaði yfir tebolla hjá höfundinum fyrir mörgum árum.

tsh@frettabladid.is

Sviðslistahópurinn Spindrift sýnir kammeróperuna Ástin ein taugahrúga – Enginn dans við Ufsaklett, byggða á samnefndri ljóðabók eftir Elísabetu Jökulsdóttur í Mengi næsta sunnudag sem hluta af Myrkum músíkdögum. Höfundur óperunnar er tónskáldið Anna Halldórsdóttir og flytjendur eru Tinna Þorvalds Önnudóttir mezzosópran og Júlía Mogensen sellóleikari.

Tinna segir hugmyndina hafa kviknað árið 2015 þegar hún keypti ljóðabókina Ástin ein taugahrúga – Enginn dans við Ufsaklett af Elísabetu.

„Mig langaði svo að fá hana áritaða af því þetta var gjöf til vinkonu minnar og það var ekkert sjálfsagðara fyrir Elísabetu. Ég þekkti hana svo sem ekki neitt en hún bauð mér inn í te og þetta var bara mjög kósí. Svo kom upp úr dúrnum að ég væri söngkona og hún bað mig um að opna bókina á einhverjum stað og spinna laglínu við eitthvert ljóðið, sem ég og gerði. Hún varð öll spennt og sagði: „Þetta er bara líbrettó fyrir óperu, augljóslega.“ Ég held að henni hafi ekki verið mikil alvara, mér var alla vega ekki mikil alvara fyrr en nokkrum árum seinna þegar ég tók bókina úr bókaskápnum og varð aftur hugsað til þessa augnabliks,“ segir Tinna.

Mezzosópransöngkonan Tinna Þorvalds Önnudóttir og sellóleikarinn Júlía Mogensen flytja kammeróperuna Ástin ein taugahrúga í Mengi.
MYND/SÓLEY ÞORVALDSDÓTTIR

Alþjóðlegur sviðslistahópur

Nokkrum árum síðar kynntist Tinna Önnu Halldórsdóttur tónskáldi þegar þær voru að vinna saman að sýningu með leikhópnum Reykjavík Ensemble árið 2019.

„Við vinnum aðeins saman þar og ég bara finn að við eigum eftir að vinna saman meira, það var einhver tenging. Hugmyndin var enn þá lifandi í hausnum á mér en hennar tími hafði ekki komið. Ég kynnti þessa hugmynd fyrir Önnu og hún var bara geðveikt til í þetta. Ég kynnti hana líka fyrir sviðslistahópnum mínum Spindrift og þær voru bara rosa til í að taka þátt í þessu,“ segir hún.

Spindrift er íslenskur sviðslistahópur skipaður konum sem starfar á alþjóðlegum vettvangi, mestmegnis í Íslandi, Finnlandi og Noregi. Leikstjóri óperunnar, Bergdís Júlía Jóhannsdóttir, er einnig meðlimur í Spindrift.

Fengu grænt ljós frá Elísabetu

Spurð um hvað einkenni kammeróperu segir Tinna vera um að ræða venjulega óperu nema smærri í sniðum.

„Við tókum ljóðabókina, sem er saga frá upphafi til enda, og við völdum ljóð úr henni af því við gátum ekki notað þau öll. Sýningin er að hluta til sungin og að hluta til leikin. Við erum tvær á sviðinu, ég og Júlía Mogensen sellóleikari, sem við vorum mjög lánsamar að fá til liðs við okkur,“ segir hún.

Hafið þið verið í samtali við Elísabetu í gegnum ferlið?

„Hún er búin að fylgjast með öllum skrefum ferðarinnar, því að sjálfsögðu byrjuðum við ekkert nema að fá grænt ljós frá henni. En hún var ekki með í því að semja verkið. Hún bara gaf okkur frelsi til

Óperan finnst mér ótrúlega skemmtilegt form fyrir þetta því sagan er náttúrlega rosalega epísk en líka hversdagsleg á sama tíma eins og Elísabetu er lagið.

að leika okkur með ljóðin. Hún mun sjá rennsli hjá okkur og ég hlakka mjög til. Maður er líka smá nervus, ég vona að hún fíli þetta.“

Óperan skemmtilegt form

Spurð um hvernig ferlið hafi verið að aðlaga ljóðabók Elísabetar óperuforminu segir Tinna að tónlistin hafi fæðst nokkuð náttúrulega.

„Við Anna byrjuðum á því að hittast og lesa í gegnum ljóðin til að finna dramatúrgíuna og línuna sem við vildum taka. Mér fannst alveg þegar ég las ljóðin eins og þau væru sum bara augljóslega mónólógar og ættu heima á sviði.“

Tinna segir ferlið jafnframt hafa verið organískt þó svo að það hafi einnig verið erfitt á köflum.

„Við höfum aldrei gert neitt þessu líkt áður, Anna hefur samið fullt af músík en aldrei samið óperu áður. Ljóðin eru náttúrlega ekki háttbundin eða slíkt þannig að það var oft áskorun fyrir Önnu að búa til melódíur og músík við suma textana. En það er samt bara áskorun af góðu tagi. Óperan finnst mér ótrúlega skemmtilegt form fyrir þetta því sagan er náttúrlega rosalega epísk en líka hversdagsleg á sama tíma eins og Elísabetu er lagið. Þetta er allt einhvern veginn rosa fallegt og ljótt á sama tíma,“ segir hún.

Ástin ein taugahrúga – Enginn dans við Ufsaklett er sýnd í Mengi á Myrkum músíkdögum sunnudaginn 29. janúar klukkan 8 og aukasýningar verða haldnar 10. og 17. febrúar. ■

Daði fylltist lotningu andspænis eldgosunum

tsh@frettabladid.is

Daði Guðbjörnsson opnar málverkasýninguna Ekkert raskar athygli fjallsins í Gallerí Fold í dag, 28. janúar, klukkan 14. Sýningin samanstendur af landslagsmyndum sem Daði hefur unnið að undanfarin þrjú ár.

„Þegar ég var ungur voru landslagsmyndir ekki beinlínis í tísku og ég hugsaði með mér: „Ég get málað landslag þegar ég er orðinn gamall, þá er öllum sama.“ Olíumálverk var reyndar ekki vel séð heldur þegar ég var í Mynd og handó, það ætti frekar að gera eitthvað sem leit út fyrir að vísa til „dýpri sannleika“. Mér gekk aldrei vel með þennan djúpa sannleika, ég fór að mála í svolítið villtum stíl sem gekk ágætlega þar til ég fékk leið á tilvistarvandanum og fór í krúsidúllurnar sem voru ljúfari og á mannlegri skala,“ segir Daði um sýninguna.

Spáin gekk eftir hjá Daða sem hefur á undanförnum árum byrjað að mála landslagsmyndir.

„Eitt helsta áhugamál mitt er að ganga um náttúru Íslands, um grösugar sveitir, dali og fjörur og horfa á fjöllin og jöklana. Það hefur kveikt í mér löngun til að mála landslag, ég ákvað núna að það væri tími

Daði Guðbjörnsson á sýningu sinni Ekkert raskar athygli fjallsins í Gallerí Fold.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

kominn á að prófa landslagið en lofa þó líka einhverjum krúsídúllum að vera með, svo þetta verði ekki of djúpt,“ bætir hann við.

Hann segir fyrirmyndirnar vera raunverulegt landslag jafnt sem skáldað.

„Ýmist er ég að mála eftir ljósmyndum og stundum er ég að skálda eitthvað. Ég á ógurlega erfitt

Mér fannst nú bara eins og Guð almáttugur væri að búa til eitthvað nýtt fyrir okkur.

með að hemja mig, verð að fara eitthvað út og suður.“

Daði sótti meðal annars innblástur fyrir verkin til eldgosanna við Fagradalsfjall og í Meradölum.

„Ég fór að minnsta kosti tvisvar að eldgosunum. Þótt ég sé orðinn svona gamall þá hefur maður aldrei komist svona nálægt eldgosi áður. Maður bara fyllist einhverri lotningu fyrir náttúrunni að vera svona nálægt sköpuninni, mér fannst nú bara eins og Guð almáttugur væri að búa til eitthvað nýtt fyrir okkur,“ segir hann.

Daða eru andleg málefni mjög hugleikin í listinni og lífinu og í ár stefnir hann á mánaðarlangt ferðalag til Indlands með eiginkonu sinni en þau ætla meðal annars að heimsækja borgirnar Mumbai, Varanasi og Delí og dvelja í jógaskóla.

„Þetta náttúrlega tengist svolítið þessari andlegu leit sem hefur verið áberandi hjá mér um og eftir aldamótin. Ég er til dæmis að fara til Indlands núna, maður átti að gera það þegar maður var ungur. Þegar ég var ungur þá voru allir á leiðinni til Indlands,“ segir hann. ■

Látið okkur um rekstur húsfélagsins

Rekstrarumsjón býður upp á þrjár rekstrarleiðir vegna reksturs húsfélaga og geta viðskiptavinir því valið hversu umfangsmikla þjónustu þeir kjósa sér

Rekstrarleið 1
Fjármál og innheimta

Rekstrarleið 2
Fundaþjónusta

Rekstrarleið 3
Full þjónusta

Bæjarhraun 6. Hafnarfirði • S: 571 6770 • www.rekstrarumsjon.is • umsjon@rekstrarumsjon.is

Spennuþrunginn andi Alaska svífur yfir Dalvík

Þessa dagana þarf ekki að fara lengra en til Dalvíkur til þess að heimsækja smábæinn Ennis í Alaska. Fréttablaðið skrapp norður og skoðaði breytingarnar sem verið er að gera á íslenska bænum fyrir sjónvarpsrisann HBO og fjórðu seríu glæpaþáttanna True Detective.

toti@frettabladid.is

Á Dalvík er allt að verða klárt fyrir stórstjörnuna Jodie Foster.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Ég hef engan hitt sem lítur þetta ekki bara jákvæðum augum. Þetta bara vekur athygli á okkur og við fáum góða og jákvæða kynningu. Síðan er ekkert verra að þetta lyftir andanum, eins og sagt er, þar sem janúar og febrúar eru náttúrlega oft leiðinlegustu mánuðir ársins," segir Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar þar sem enn eru jól.

„Já, já. Ég held að það sé ekkert leyndarmál að við vorum beðin um það að taka ekki niður jólaskrautið í kringum þessa tökustaði. Þannig að við höldum líka jólunum lengur.

Eyrún segir að vissulega sé það svolítill pakki að fá fjölmennt kvikmyndatökulið í heimsókn en allt gangi þetta vel og samskiptin við gestina hafi verið með allra besta móti. „En þetta er skemmtilegur, síðbúinn jólapakki og bara ekkert nema gott um samtalið og samstarfið að segja við þau sem standa að þessu."

Spennan er að nálgast hámark því gera má ráð fyrir að stórstjarnan Jodie Foster og aðrir leikarar fari að láta sjá sig þar sem tökurnar hefjast um mánaðamótin en sveitarstjórinn segir eftirvæntinguna mikla eftir því að sjá Dalvík á skjánum sem Ennis. „Ég held að það verði svolítið mikil upplifun fyrir okkur sem búum hér að sjá þættina og hvernig þetta allt saman lítur út eftir að hafa fylgst svona náið með þessu," segir tímabundinn bæjarstjóri Ennis í Alaska og hlær. ■

Steinhús Svanfríðar Jónasdóttur við Hafnarbrautina er of fallegt fyrir sviðsmynd True Detective og hún gaf því góðfúslegt leyfi fyrir því að það yrði rammað af.
MYNDIR/HELGI JÓNSSON

Pósthúsið í miðbæ Dalvíkur er orðið að lögreglustöðinni þar sem persóna Jodie Foster mun starfa.

Þegar komið er á Dalvík mætti ætla að förinni hafi verið heitið til Alaska.

Torkennileg umferðarskiltin á Dalvík þjóna tilgangi sögunnar og ekki fyrir hvern sem er að skilja fyrirmælin á þeim.

> Ég held að það verði svolítið mikil upplifun fyrir okkur sem búum hér að sjá þættina.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar

Kirkja í bílskúr? Þeirri spurningu verður ekki svarað fyrr en True Detective-þættirnir fara í loftið.

Dalvíkingar hafa fengið kærkomna framlengingu á jólunum frá Hollywood og víða má sjá amerískt jólaskraut í lok janúar.

CAPTURE EVERY MOMENT
STAGE 25
7 ÓSKARS TILNEFNINGAR
MEÐAL ANNARS
BESTA MYND
BESTI LEIKSTJÓRI STEVEN SPIELBERG
THE FABELMANS
WRITTEN BY STEVEN SPIELBERG & TONY KUSHNER
KOMIN Í BÍÓ

FRÉTT VIKUNNAR

Skriðdrekar, sættir og skammir

Friðrik Jónsson

„Stóra alþjóðafrétt vikunnar var ákvörðun þýskra stjórnvalda um að senda skriðdreka til Úkraínu. Þarna varð persónulegur sigur kanslarans Olaf Scholz sem legið hefur undir ámæli fyrir að draga lappirnar," segir Friðrik Jónsson, formaður BHM.

„Fyrir okkur sem þekkjum vel til Þýskalands þá vitum við að það eru ekki bara tvær hliðar á þeim peningi heldur að minnsta kosti sex," segir Friðrik sem sjálfur bjó í hinni fögru Heidelberg í þrjú og hálft ár.

„En ákvörðun liggur fyrir. Hún er rétt og að auki tókst Scholz að fá Bandaríkin til að skuldbinda sig til þátttöku með því að senda dreka líka. Allt mun þetta gera Úkraínu betur kleift að verja sig fyrir ágangi hins óvægna rússneska bjarnar," segir Friðrik áður en hann snýr sér

> Málamiðlunin hefur svo leitt til þess að fleiri eru ósátt.

að öðrum vígvelli hér heima, sem stendur honum mun nær.

„Stóra innlenda fréttin er miðlunartillaga ríkissáttasemjara í kjaradeilu Eflingar og Samtaka atvinnulífsins. Tillagan er að sögn ríkissáttasemjara tilraun til sátta, en báðir aðilar eru hins vegar ósáttir við þá sátt.

Málamiðlunin hefur svo leitt til þess að fleiri eru ósátt, þar með talið önnur stéttarfélög og heildarsamtök. Óvíst er hversu lengi hægt er að búa við ósátt um þessa sátt." ■



Suelen fór til Íslands aðeins til þess að láta húðflúra sig

Brasilíska fitnessmódelið Suelen Bissolati vildi endilega láta Ólaf Laufdal húðflúra sig og gerði stutt stopp á Íslandi sérstaklega til þess. Þremur dögum síðar hélt hún alsæl af landi brott með goðsögulega ermi sem hún hefur dásamað mjög við 250.000 fylgjendur sína á Instagram þannig að húðflúrarinn er að vonum alsæll með auglýsinguna.

toti@frettabladid.is

Brasilíska fitnessmódelið og Instagram-stjarnan Suelen Bissolati fékk um síðustu helgi veglegt húðflúr hjá Ólafi Laufdal, flúrara hjá Lifandi list, eftir að hafa komið gagngert til landsins í þeim tilgangi.

Ólafur segir Suelen eiginlega vera á stöðugu heimshornaflakki en ferðir sínar rekur hún í myndum og stuttu máli á Instagram. „Ég prófaði einhvern tímann að senda henni skilaboð og hún var endilega til í að koma í tattú og vildi bara taka þetta alla leið og fá heila ermi.

Þannig að við gengum í þetta stóra verkefni og vorum að vinna hérna í þessu þrjá daga í röð og það gekk vel. Hún var mjög almennileg og fór héðan rosalega ánægð," segir Ólafur sem er ekki síður kátur þar sem Suelen hefur ausið flúrarann og vinnu hans lofi fyrir framan 250.000 fylgjendur sína á Instagram.

Medúsa og Seifur

„Hún er með rosalega áberandi útlit og það er náttúrulega mjög skemmtilegt fyrir mig að svona

Ólafur flúrari og módelið Suelen eru bæði hæstánægð. MYND/AÐSEND

> Orð fá ekki lýst því hversu himinlifandi ég er með vinnu þína og fagmennsku.
>
> Suelen Bissolati

manneskja skuli gera sér ferð til Íslands til að koma í tattú til mín. Hún kom bara hingað til þess að fá flúr og fór aftur strax daginn eftir.

Andlit þeirra Medúsu og Seifs eru áberandi á erminni sem Ólafur segir að sé öll innblásin af grískri goðfræði. „Hún eiginlega bað mig bara um að hanna eitthvað flott fyrir sig. Hún kom með einhverjar lauslegar hugmyndir og ég hannaði þá bara ermina fyrir hana og var búinn að gera það nokkrum dögum áður en hún kom."

Alveg himinlifandi

Héðan flaug Suelen, með glænýja og glæsilega ermi, til Berlínar í Þýskalandi en gaf sér að sjálfsögðu tíma til þess að birta mynd af afrakstrinum á samfélagsmiðlunum og notaði tækifærið til að ausa flúrarann lofi.

„Orð fá ekki lýst því hversu himinlifandi ég er með vinnu þína og fagmennsku," skrifaði Suelen á Instagram. „Útkoman fór fram úr væntingum mínum og ég fæ þér seint fullþakkað."

„Pælingin var bara að maður getur grætt á því þegar maður er að flúra fólk með mikið af fylgjendum. Þau sýna þetta á sínum miðlum og það er góð auglýsing," segir Ólafur þegar hann er spurður hvað í ósköpunum varð til þess að hann setti sig í samband við Suelen.

Alger blekgullnáma

Árangurinn hefur heldur ekki látið á sér standa og Ólafur segir slatta af brasilískum fylgjendum strax hafa bæst við á Instagrami hans. „Það er algert gull að fá að vinna með svona fólki. Það auglýsir þig eiginlega bara frítt," segir hann og hlær enda pantanirnar strax farnar að skila sér.

„Það eru allavegana strax einhverjar módelvinkonur hennar búnar að biðja um að fá að koma í tattú til mín. Ein býr í Bandaríkjunum og var að tala um að flytja mig bara út. Þannig að það eru alls konar einhverjar svona pælingar að spretta upp úr þessu." ■

Hjarta heimilisins

Við hönnum innréttingar að þínum þörfum

FRÍFORM
2000 — 2022

Virka daga 10—17
Laugardaga 11-15

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562—1500
Friform.is.

TAKK!

6 ár í röð

1. sætið í ánægjuvoginni

Við hjá BYKO erum ákaflega stolt af því, 6. árið í röð, að eiga ánægðustu viðskiptavinina í flokki byggingavöruverslana. Íslenska ánægjuvogin er félag í eigu Stjórnvísi og er framkvæmd í höndum Prósent. Mæld er ánægja viðskiptavina í hinum ýmsu geirum reglulega yfir árið. Þessi viðurkenning segir okkur að við séum á réttri vegferð og erum við staðráðin í því að halda áfram að gera enn betur - Takk fyrir okkur!

ALLT AÐ 90% AF VÖLDUM VÖRUM

ÚTSÖLU MARKAÐUR

Komdu og gramsaðu

ÚTSÖLULOK

50% JÓLAVÖRUR 30–50% LEIKFÖNG
30% PLASTBOX 25% INNIMÁLNING, PARKET, FLÍSAR, GROHE OG DAMIXA BLÖNDUNARTÆKI
20% VERKFÆRABOX, JÁRNHILLUR, ÖRYGGISSKÓR

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

SAMAN Í 60 ÁR BYKO

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD
auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN & DREIFING
Torg ehf.

JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

Viltu koma út að leika?
Alicante er að spyrja eftir þér
PLAY flyPLAY.is

BAKÞANKAR

Óttars Guðmundssonar

Allt kemur aftur

Á unglingsárum mínum á sjöunda áratugnum varð hippahreyfingin mjög áberandi. Menn gagnrýndu ríkjandi þjóðfélagskerfi og prédikuðu nýjan lífsstíl. Tim Leary og fleiri gúrúar boðuðu fagnaðarerindi skynörvandi og hugvíkkandi efna til að losa um gamlar hömlur og kreddur. Þessar kenningar náðu flugi en margir efuðust og hugbreytandi efnin voru smám saman bönnuð. Allt fer í hringi og nú hafa ofskynjanaefni gengið í endurnýjun lífdaga sem töfralausn við öllum mögulegum geðkvillum. Fjölmargir hafa vitnað um lækningamátt þessara efna. Engar óyggjandi rannsóknir liggja þó fyrir um yfirburði þessara efna gagnvart öðrum meðferðarúrræðum. Geðlæknar vara við auglýsingamennsku og popúlisma í kringum þessi efni þar sem þau séu á engan hátt fullrannsökuð. Margir gamlir fíklar hafa barist fyrir notkun hugbreytandi lyfja. Neysla ofskynjunarefna í lækningaskyni hljómar mun betur en hversdagsleg misnotkun. Enn og aftur er í tísku að kafa í sálardjúpin og finna sjálfan sig og tala í innihaldslausum frösum.

Fyrir Alþingi liggur tillaga þess efnis að Ísland verði leiðandi í rannsóknum á hugvíkkandi efnum. Þessi tillaga ber vott um forræðishyggju og æpandi vanþekkingu á eðli vísindarannsókna. Það er í tísku að kasta rýrð á hefðbundnar geðlækningar. Viðkomandi þingmenn vilja vera hipp og kúl og boða nýtt fagnaðarerindi.

Gamlir læknar hafa lært á langri ævi að það eru engar töfralausnir til. Öll lyf hafa sínar aukaverkanir. Frjáls og óheft notkun ofskynjanaefna til lækninga yrði fljót að snúast upp í andhverfu sína. Tilraunastarfsemi Timothy Learys rann út í sandinn fyrir nokkrum áratugum og hætt er við að þessi bylgja fari sömu leið. ■

eim

Fjórhjóladrifinn

HONGQI **E-HS9**

100% rafmagn

Drægni **520 km***

Subaru **Solterra**

100% rafmagn

Drægni **466 km***

Fjórhjóladrifinn



MG **4**

100% rafmagn

Drægni **450 km***



MG **Marvel R**

100% rafmagn

Drægni **402 km***

Fjórhjóladrifinn



MG **5**

100% rafmagn

Drægni **400 km***

Nissan **LEAF**

100% rafmagn

Drægni **385 km***

Vottuð verkstæði

TJÓNA- OG ÞJÓNUSTUSKOÐUN BL

Verkstæði BL eru vottuð af framleiðendum og við notum aðeins viðurkennda varahluti, efni og aðferðir. Þannig heldur bíllinn þinn verðgildi sínu betur að lokinni þjónustu eða reglubundnu viðhaldi.

Láttu okkur þjónusta bílinn, við þekkjum hann

Við erum sérfræðingar í okkar bílum. Hvort sem þig vantar þjónustuskoðun, reglubundið viðhald eða viðgerðir vegna tjóns þá skaltu heyra í okkur. Verkstæðin okkar eru vottuð af framleiðendum og við notum aðeins viðurkenndar aðferðir, varahluti og efni. Þú getur haft samband í gegnum Facebook-síðu BL, tölvupóst eða síma.

Eitt fullkomnasta réttinga- og málningarverkstæði landsins

Ef þú lendir í óhappi erum við til staðar fyrir þig. Réttingaverkstæðið okkar er eina vottaða verkstæði landsins fyrir viðgerðir á BMW, MINI, Jaguar og Land Rover. Unnið er eftir ströngum stöðlum framleiðenda til að bifreiðin viðhaldi upprunalegum öryggisatriðum, gæðum og eiginleikum. Viðgerðir okkar fyrir önnur vörumerki BL fylgja sömu verkferlum svo útkoman verði fullkomin. Við þekkjum bílinn þinn.

Fyrsta flokks þjónusta við eigendur rafbíla

Bifvélavirkjar BL hafa lokið vottunarprófi í þjónustu og viðhaldi á einstökum einingum í bílarafhlöðum. Á verkstæði okkar er sérstakt afmarkað rými með nauðsynlegum og sérhæfðum viðgerðar- og greiningarbúnaði til að annast viðhald á rafhlöðum.

OPNUNARTÍMI | **Verkstæði:** Mán.–fim. 7:45-18, fös. 7:45-17 | **Varahlutir:** Mán.–fim. 8-18, fös. 8-17 | **Söludeild nýrra bíla:** Mán. 10-18, þri.–fim. 9-18, fös. 9-17, lau. 12-16

Jaguar / Land Rover
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500

Hyundai
Kauptúni 1 / 210 Garðabæ
575 1200

BL ehf.
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

ENNEMM / SÍA / NM014643